*„Ég gerði bara það sem mér fannst eðlilegt að gera en Íslendingar hafa endurgoldið mér þúsundfalt.“*

**BENT A. KOCH GEGNDI LYKILHLUTVERKI Í AÐ FÁ ÍSLENSKU HANDRITIN HEIM.**




**„ÉG VANN EITT SINN Á BÍLAÞVOTTASTÖÐ ÞAR SEM ÉG ÞURRKAÐI BÍLA INNI Í ÞVÍ SEM VERÐUR BEST LÝST SEM RISAVÖXNUM HÁRBLÁSARA.“**

**GYLFI BLÖNDAL ÆTLAR AÐ VERÐA FYRSTI TRÚLAUSI PÁFINN.**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. október 2007 — 278. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR

**Jógvan til Bretlands?**
Hinn færeyski Jógvan er hugsanlega á leið í tónleikaferð með þátttakendum X-factor í Bretlandi.
FÓLK 58



**Hjúkkur hjá Louis Vuitton**
Marc Jacobs slær á léttu strengina.
TÍSKA 48



**Ekkert vanmat**
Íslendingar mæta Lettum í dag í undankeppni EM í knattspyrnu.
ÍÞRÓTTIR 54

**Hús og heimili**
Hörður Torfason tónlistarmaður býr í fallegri íbúð á Njálsgötu ásamt sambýlismanni sínum, Massimo Santanicchia.
Í MIÐJU BLAÐSINS




## VEÐRIÐ Í DAG




**SUÐVESTLÆG** átt um mest allt land, úrkoma víða um land, helst þurrt á Austurlandi. Hiti á bilinu 6-12 stig.
VEÐUR 4

# Vilja láta kanna eignarhlut framsóknarmanna í REI

**Forystumenn innan Sjálfstæðisflokksins telja Björn Inga Hrafnsson, borgarfulltrúa Framsóknarflokksins, hafa verið að verja hagsmuni fjárfesta tengda Framsóknarflokknum með samstarfsslitum í borgarstjórn.**

**STJÓRNMÁL** Forystumenn innan Sjálfstæðisflokksins, meðal annars í borgarstjórnarflokknum, telja starf Björns Inga Hrafnssonar, borgarfulltrúa Framsóknarflokksins, í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavík Energy Invest (REI) hafa einkennst af því að verja hagsmuni fjárfesta tengda Framsóknarflokknum. Það sama eigi við um ákvörðun hans að slíta meirihlutasamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn í borginni.

Einkum eru það eignarhaldsfélögin Landvar ehf. og Þeta ehf. sem kastljósið beinist að. Þau eiga saman helmingshlut í VGK-Invest á móti verkfræðistofunni VGK-Hönnun og Rafhönnun sem fer með um 5,75 prósenta hlut í GGE. Sá hlutur nemur um tveggja prósenta hlut í sameinuðu félagi GGE og REI.

Svava Bjarnadóttir hjá VGK-Hönnun staðfesti þessa eigendaskiptingu við Fréttablaðið í gær. Samkvæmt verðmati á sameinuðu félagi GGE og REI, sem þó er ekki gengin lögformlega í gegn enn, er verðmæti hlutar VGK-Invest á bilinu 1,3 til 1,5 milljarðar króna.

Helgi S. Guðmundsson, sem er fyrrverandi formaður fjármálanefndar Framsóknarflokksins og bankaráðs Seðlabanka Íslands, er skráður stofnandi og forsvarsmaður Landvar ehf. sem fer með um 35 prósenta hlut í VGK-Invest.

Kristinn Hallgrímsson hæstaréttarlögmaður er skráður eigandi Þeta ehf. sem á fimmtán prósenta hlut í VGK-Invest. Hann segir aðra eigendur í félaginu vera lögmenn á lögmannsstofunni Fulltingi en Kristinn er einn fjögurra eigenda stofunnar. „Okkur var boðið, ásamt Landvar ehf., að verða hluthafar í VGK-Invest af forsvarsmönnum VGK-Hönnunar,“ sagði Kristinn.

Björn Ingi neitar því alfarið að hann sé að verja hagsmuni framsóknarmanna með ákvörðun sinni eða starfi fyrir OR og REI. „Það gefur auga leið að það væri betra fyrir fjárfesta að Orkuveitan seldi hlut sinn í REI,“ segir Björn Ingi. Hann segir fyrst og fremst vera um að ræða persónulegar árásir á hann, sem hann hafi verið varaður við áður en hann sleit samstarfinu.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki í Helga í gærkvöld. Þá fengust ekki upplýsingar um hverjir væru aðrir í hluthafahópi Landvar. - mh



**ÚRHELLI** Veðrið lék sannarlega ekki við íbúa höfuðborgarsvæðisins í gær og notuðu vegfarendur hvað sem hönd á festi til að skýla sér fyrir rigningunni. Í dag er áfram búist við skúrum á suðvesturhorninu, en úrkoman verður mest vestan- og norðvestanlands. Líklegt er þó að flestir landsmenn þurfi að hafa regnhlífarnar til reiðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vímuefnalög í Hollandi:

## Banna sölu á eitursveppum

**HOLLAND, AP Hollensk stjórnvöld hafa ákveðið að banna sölu á ofskynjunarsveppum**

**Ákvörðunin er tekin í kjölfar slysa sem rakin eru til neyslu ofskynjunarsveppa. Meðal annars fótbrotnaði 19 ára Íslendingur illa á báðum fótum eftir að hafa neytt sveppa og stokkið út af svölum á hóteli í Amsterdam.** - aa

Ráðabrugg í Eyjum:

## Volcano-bjór

**IÐNAÐUR** Bjórinn sem framleiða á í Vestmannaeyjum á næsta ári fær líklega nafnið Volcano. Fyrsti bjórinn á að verða til í júní 2008.

„Það er ekkert nafn sem mér finnst eiga betur við Eyjar en Volcano, það er nánast búið að ákveða að bjórinn komi til með að heita það,“ segir Björgvin Þór Rúnarsson, annar eigandi fyrirtækisins 2B. - sþs

Utanríkisráðherra mun gera þingheimi grein fyrir Evrópu- og EES-málum:

# Kynnir Evrópumál fyrir Alþingi

**UTANRÍKISMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra mun gera Alþingi sérstaklega grein fyrir Evrópu- og EES-málum í vetur í þeim tilgangi að auka umræðu þingmanna um málaflokkinn. Þetta kemur fram í grein eftir Ingibjörgu og Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, sem birtist í Fréttablaðinu í dag.

Opinská umræða um Evrópumál var boðuð í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar á vordögum. Evrópuumræða á Alþingi er í samræmi við skýrslu Evrópunefndar Alþingis sem Björn Bjarnason dómsmálaráðherra veitti forsæti.

Í stjórnarsáttmála er einnig kveðið á um skipan nefndar sem í sitja þingmenn úr öllum flokkum. Sú nefnd hefur samráð við sérfræðinga um Evrópumál.

Ísland og Noregur standa bæði utan Evrópusambandsins og eru aðilar að EES-samningnum. Ingibjörg Sólrún heimsótti Noreg í júní í boði utanríkisráðherrans. Á fundi þeirra var rætt um hvernig þjóðirnar gætu haft áhrif á stefnumótun ESB. - sgj / sjá síðu 18





Lokað laugardaginn 13.okt.
vegna Árshátíðarferðar starfsmanna
TENGI



## SPURNING DAGSINS




*Curver, ætlarðu nokkuð að láta rýja þig inn að skinni?*

„Nei, en ég held það verði rífandi sala.“

Curver Thoroddsen byrjar í dag gjörning sinn „Drasl til sölu“ þar sem hann heldur kompusölu á Listasafni Íslands. Hann er að safna fyrir framhaldsnámi í New York.

Níu menn eru sakaðir um að hafa stolið vörum fyrir tæplega 1,5 milljónir króna:

# Meint þjófagengi í varðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð yfir átta Litháum sem sakaðir eru um að hafa stolið vörum úr búðum og brotist inn í bíla. Einn til viðbótar situr í haldi, en hann kærði ekki úrskurðinn.

Mennirnir átta verða í varðhaldi til 19. október, en áður hafði héraðsdómur úrskurðað að þeir yrðu í varðhaldi til 24. október.

Mennirnir voru handteknir í byrjun mánaðarins grunaðir um aðild að stórfelldum þjófnaði úr verslunum. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að talið sé að mennirnir hafi stolið vörum að andvirði 1.450.345 króna. Stæstur hluti var rakvélarblöð og snyrtivörur, samtals virði rúmlega 972 þúsunda króna.



**ÞJÓFNAÐUR** Alls voru níu Litháar úrskurðaðir í gæsluvarðhald, en átta þeirra kærðu gæsluvarðhaldsúrskurðinn til Hæstaréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Einnig er talið að mennirnir hafi stolið fötum að andvirði 245 þúsunda króna, tölvum og tölvuforriti fyrir 130 þúsund og matvöru að andvirði um 2.900 króna. Þeir eru að lokum sakaðir um að hafa brotist inn í tvo bíla og stolið GPS staðsetningartækjum að andvirði 90 þúsund króna.

Krafist var gæsluvarðhalds yfir mönnunum vegna rannsóknarhagsmuna, og óttaðist lögregla að þeir gætu torveldað rannsókn málsins með því að samræma framburð sinn. Hópurinn er grunaður um að skipuleggja þjófnað úr verslunum og skipta með sér verkum hverju sinni. Allt að sex ára fangelsi gæti beðið mannanna, verði þeir fundnir sekir. - bj

Þing Evrópusambandsins:

# Þingsætum verður fækkað

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Þing Evrópusambandsins hefur samþykkt að þingsætum verði fækkað úr 785 í 750. Þetta þýðir meðal annars að 17 af 27 aðildarríkjum Evrópusambandsins fá færri þingsæti.

Ítalir eru andvígir þessu vegna þess að ítalskir þingmenn á Evrópuþinginu verða ekki lengur jafnmargir þingmönnum Bretlands og Frakklands.

Romano Prodi, forsætisráðherra Ítalíu, segir að Ítalir muni þó ekki koma í veg fyrir þessar breytingar, en áskilji sér rétt til að taka málið upp síðar. - gb

Varðhald í manndrápsmáli:

# Var barinn í höfuðið með slökkvitæki

**DÓMSMÁL Gæsluvarðhaldsúrskurður yfir manni sem grunaður er um að hafa orðið nágranna sínum að bana síðastliðinn sunnudag var í gær staðfestur í Hæstarétti. Mun maðurinn sitja í varðhaldi fram á mánudag.**

**Í úrskurðinum kemur fram að nágranni mannsins hafi verið barinn í höfuðið með slökkvitæki og áverkinn hafi dregið hann til dauða. Á andliti hans fannst duft úr slökkvitæki, sem fannst á staðnum.**

**Maðurinn sem grunaður er um verknaðinn var með duft úr slökkvitæki á höndum þegar hann var handtekinn. Þá fannst blóðug úlpa með dufti í íbúð mannsins.**

**Á myndum úr öryggismyndavél hússins mátti sjá hvar mennirnir virtust rífast kvöldið sem atburðurinn átti sér stað.** - bj

Ástralskur listamaður:

# Græddi eyra við handlegg

**ÁSTRALÍA** Ástralskur listamaður, sem kallar sig Stelarc, sætir gagnrýni fyrir að hafa látið skurðlækni græða eyra á vinstri framhandlegg sinn.

Það tók hinn 61 árs gamla Stelarc fjölda ára að hafa uppi á skurðlækni sem væri tilbúinn til að vinna verkið. Eyrað virkar ekki, en Stelarc ætlar að græða í það hljóðnema svo að öðrum verði kleift að heyra það sama og hann.

Ástralskir skurðlæknar hafa gagnrýnt þessa aðgerð og sagt hana ónauðsynlega. Það sama segja sjúklingar sem þarfnast nauðsynlega nýrra eyrna. - sgj

# Neyðarástand ríkir á húsnæðismarkaði

**Í nýrri skýrslu kemur fram að ungt fólk á afar erfitt með að koma inn á fasteignamarkað. Fram kemur hörð gagnrýni á misræmi í þróun vaxtagjalda og vaxtabóta heimilanna. Þá bíða á þriðja þúsund manns eftir félagslegu húsnæði.**

**FÉLAGSMÁL** Umtalsverður hópur á nú í erfiðleikum með að komast inn á fasteignamarkað og að greiða afborganir húsnæðislána, að því er kemur fram í nýrri skýrslu um húsnæðismál fyrir félagsmálaráðuneytið.

„Að mati fasteignasala þarf fólk þrjár til fimm milljónir í eigið fé, en um þriðjungur þeirra sem hafa hug á að kaupa húsnæði sagðist ekki geta lagt neitt fram,“ segir Stefán Ólafsson, stjórnandi og höfundur skýrslunnar.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Í skýrslunni kemur fram að mikill húsnæðiskostnaður sé nátengdur almennum greiðsluerfiðleikum fólks og sterkar vísbendingar séu um að erfitt sé fyrir ungar barnafjölskyldur og fólk með tekjur undir meðaltekjum að komast inn á fasteignamarkaðinn.

Í ljós kom að 14,5 prósent Íslendinga á aldrinum 18 til 80 ára hefðu reynt húsnæðiskaup en hætt við. Af þeim sem ekki eiga húsnæði telja 68 prósent að þeir eigi erfitt með að leggja fram nægilegt eigið fé, eða 33.323 manns.

Megingagnrýni skýrslunnar beinist gegn misræmi í þróun vaxtagjalda, sem hækkað hafa um tæp 125,3 prósent síðan árið 1994, og vaxtabóta sem á sama tíma hafa hækkað um 4,7 prósent.



**NEYÐARÁSTAND** Sterkar vísbendingar eru um að erfitt sé fyrir ungar barnafjölskyldur og fólk með tekjur undir meðaltekjum að koma inn á fasteignamarkaðinn.

„Vaxtabætur eru stoðkerfi gagnvart þeim sem eru í eigin húsnæði og gagnast helst þeim sem eru um og undir meðaltekjum. Það er sorglegt að þetta tvennt hafi ekki haldist í hendur,“ segir Stefán.

Einnig var gerð greining á þörf fyrir félagslegu húsnæði. Rúmlega 2.750 manns eru á biðlistum eftir félagslegu húsnæði, flestir á höfuðborgarsvæðinu. Þar af eru tæplega 1.500 manns á biðlistum hjá sveitarfélögum og rúmlega 1.100 manns bíða eftir námsmannahúsnæði. Að minnsta kosti 700 börn eru á framfæri fólks á biðlistum eftir húsnæði og standa einstæðir foreldrar verst.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra segir skýrsluna staðfesta það sem hún hafi áður sagt, að neyðarástand ríki á húsnæðismarkaði.

Spurð að því hvað gæti falist í slíkum aðgerðum nefndi ráðherra að til greina kæmi að hækka húsaleigu- og vaxtabætur. Þá væri hægt að koma á millistigi milli leigu- og eignaríbúða og bæta lánakjör Íbúðalánasjóðs með þeim hætti að hann gæti veitt lán fyrir hærri upphæð en sem nemur brunabótamati.

Ráðherra hefur skipað nefnd sem skila á inn tillögum að aðgerðum til úrbóta á húsnæðismarkaðnum fyrir 1. nóvember næstkomandi. eva@frettabladid.is




Sri á Lækjartorgi Hugleiðsluforinginn lyfti Steingrími Hermannssyni forsætisráðherra árið 1989.

Sri Chinmoy látinn:

# Fékk hjartaáfall í gærmorgun

**BANDARÍKIN, AP Indverski hugleiðsluforinginn Sri Chinmoy lést í gærmorgun á heimili sínu í New York af völdum hjartaáfalls.**

**Chinmoy átti sér marga aðdáendur og stjórnaði meðal annars hugleiðsluhópi á vegum Sameinuðu þjóðanna.**

**Nýverið bárust fréttir af því að fimmtíu íslenskir þingmenn hefðu lýst stuðningi við að Chinmoy fengi friðarverðlaun Nóbels í ár. Hann lést síðan sama dag og tilkynnt var að Bandaríkjamaðurinn Al Gore hefði fengið verðlaunin.** - gb

## HÓLMAVÍK

### Fleiri styrkir í flíspeysur

Í kjölfar þess að sveitarstjórn Strandabyggðar samþykkti beiðni starfsmanna leikskólans á Hólmavík um 1.500 króna styrk til að kaupa flíspeysur sóttu starfsmenn grunnskólans líka um styrk. Þeir fá styrkinn gegn því að merkja peysurnar skólanum.




Sjúklingar og aðstandendur verða fyrir barðinu á þjófum á Landspítalanum:

# Nýbakaðir foreldrar rændir á fæðingardeild Landspítalans

**LÖGREGLUMÁL** Myndavél, iPod og tveimur farsímum var stolið frá nýbökuðum foreldrum á fæðingardeild Landspítalans í fyrradag. Þetta staðfestir Hildur Harðardóttir, sviðsstjóri á kvennadeild spítalans.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var móðirin ein á stofu. Foreldrarnir nýbökuðu brugðu sér frá í skamma stund og skildu farsíma sína, myndavélina og iPodinn eftir inni á stofunni. Þegar þau komu til baka voru munirnir horfnir. Foreldrarnir höfðu tekið fjölda mynda af nýfæddu barni sínu en myndirnar hurfu með myndavélinni.

Hildur segir að lögregla hafi verið kölluð til, svo og öryggisvörður spítalans.

„Eigur fólks sem kemur hingað eru alfarið á ábyrgð þess þegar það kemur hingað,“ segir Hildur. „Það getur fengið að setja muni í læstan skáp sem ljósmæðurnar sjá um, ef það fer frá í einhvern tíma. Hins vegar eru ekki læstir skápar inni á stofunum.“

Hildur segir skilti uppi um allan spítala, þar sem fólk sé minnt á að eigur þess séu á eigin ábyrgð.



**KVENNADEILD** Fólki sem kemur á kvennadeild er bent á að gæta vel að eigum sínum, segir sviðsstjóri. Fólkið á myndinni er óviðkomandi fréttinni.

„Það komu tvö svipuð tilvik upp með stuttu millibili í fyrra,“ bætir Hildur við. „Þá var farið í gegnum allar öryggisreglur og varúðartilkynningum fjölgað.“ - jss




**Mán. til mið.** 10.00 - 18.30 **Fimmtudagur** 10.00 - 21.00 **Föstudagur** 10.00 - 19.00 **Laugardagur** 10.00 - 18.00 **Sunnudagur** 13.00 - 17.00

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

**Nýtt kortatímabil**

Kringlan

## GENGIÐ 12.10.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,05 | 60,33 |
| Sterlingspund | 121,71 | 122,31 |
| Evra | 85,11 | 85,59 |
| Dönsk króna | 11,424 | 11,49 |
| Norsk króna | 11,132 | 11,198 |
| Sænsk króna | 9,336 | 9,39 |
| Japanskt jen | 0,5111 | 0,5141 |
| SDR | 93,2 | 93,76 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
114,3398
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Reykjavík Energy Invest fær alla erlenda samninga Orkuveitu Reykjavíkur:

# Meginþungi í hlut Orkuveitu

**ORKA** Erlend framtíðarverkefni Orkuveitunnar voru meginþunginn í mati á óefnislegum verðmætum Orkuveitunnar í Reykjavík Energy Invest, að sögn Hjörleifs B. Kvaran, forstjóra Orkuveitunnar. Þessi verðmæti voru metin á tíu milljarða króna á sínum tíma.

REI og Orkuveitan gerðu með sér samning um að REI fái öll þau verkefni sem Orkuveitunni mun bjóðast á erlendum vettvangi næstu tvo áratugina, stuttu eftir að sameining REI og Geysir Green Energy var samþykkt.

Inni í tíu milljarða tölunni er þjónustusamningur þar sem Orkuveitan skuldbindur sig til að útvega REI starfsfólk til þessara verkefna.



**ORKUVEITAN** Hefur selt REI öll verkefni á erlendri grundu næstu tuttugu árin fyrir tíu milljarða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hjörleifur segir rangt sem fram hafi komið í fréttum Útvarps að samningurinn hafi verið gerður degi fyrir sameiningu fyrirtækjanna REI og Geysis Green Energy.

„Þessi samningur er partur af sameiningunni og undirritaður sama daginn, en eftir sameininguna,“ segir hann. Hann vill ekki veita fjölmiðlum afrit af samningnum.

Hjörleifur segir að deila megi um tímalengd samningsins en bendir á að Orkuveitan hafi með honum tryggt sér 500 milljónir króna á ári, greiddar fyrirfram, „sem sumum þætti nú líklega dágóð summa. Ef við hefðum samið til styttri tíma, hefði fjárhæðin verið þeim mun lægri, auðvitað.“ - kóþ

„Óþægilegur sannleikur“:

# Óvísindalegar fullyrðingar

**BRETLAND, AP Sumar af fullyrðingunum í óskarsverðlaunakvikmynd Al Gores „Óþægilegur sannleikur“ eru ekki byggðar á vísindalegum staðreyndum. Þetta sagði breskur dómari er úrskurður var kveðinn upp um hvort heimilt skyldi að sýna myndina breskum skólabörnum. Skólastjórnarmaður hafði vísað málinu til dómsins“.**

**Samkvæmt úrskurðinum má sýna myndina í skólum, en kennurum sem það gera er uppálagt að láta pólitíska túlkun Gores á loftslagsvandanum ekki standa gagnrýnislausa.** - aa

Tólf mánaða fangelsi:

# Fíkniefnasali með skotvopn

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í 12 mánaða fangelsi fyrir fíkniefnabrot og vopnalagabrot. Níu mánuðir þar af eru skilorðsbundnir. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóminn.

Maðurinn var í tvígang tekinn með fíkniefni. Um var að ræða samtals 302 grömm af amfetamíni og 3,4 kíló af kannabisefnum. Fíkniefnin voru að hluta ætluð til söludreifingar í ágóðaskyni.

Þá reyndist maðurinn geyma á heimili sínu, án skotvopnaleyfis, Remington XP-100 skotvopn með kíki. Maðurinn greiðir málskostnað, rúmar 220 þúsund krónur. - jss

Fjórir teknir með fíkniefni:

# Kannabislykt lagði frá húsi

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan handtók í fyrradag fjóra menn með fíkniefni í Reykjavík. Þrír þeirra voru vistaðir næturlangt í fangageymslum og sleppt í gær eftir yfirheyrslur.**

**Það var um miðjan dag í fyrradag sem lögreglumenn á eftirlitsferð urðu varir við mikla kannabislykt frá tilteknu húsi í austurborginni. Við afskipti þeirra af fjórum karlmönnum sem voru í húsinu kom í ljós að þar var talsvert af fíkniefnum. Um var að ræða tíu kannabisplöntur, eitthvað af kókaíni, tuttugu grömm af amfetamíni og um 250 grömm af kannabisefnum.** - jss

## SJÁVARÚTVEGUR

### Rækja lætur á sér kræla

Eftir að rækjurannsóknum Hafrannsóknastofnunar í Ísafjarðardjúpi og Jökulfjörðum lauk í gær er uppi orðrómur um að rækjustofninn þar sé á uppleið, segir á vef Bæjarins besta á Ísafirði. Rækjuveiðar hafa að sögn blaðsins ekki verið leyfðar í Ísafjarðardjúpi frá 2004.

# Frétti af friðarverðlaunum Nóbels í heimsókn á Íslandi

**Loftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna og Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, hlutu friðarverðlaun Nóbels í ár. Achim Steiner, framkvæmdastjóri Umhverfisstofnunar SÞ, segir þetta ótrúlegar fréttir.**

**OSLÓ, AP** Friðarverðlaun Nóbels árið 2007 féllu í skaut loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna og Als Gore, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna, fyrir að hafa stuðlað að vitundarvakningu um loftslagsbreytingar af mannavöldum og að leggja grundvöll að því hvernig berjast megi gegn þeim. Tilkynnt var um verðlaunahafana í Ósló í Noregi í gær.

Framkvæmdastjóri Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna, Achim Steiner, er staddur á Íslandi vegna umhverfisþings umhverfisráðuneytisins og fékk hann fregnina um friðarverðlaunin frá Magnúsi Jóhannessyni, ráðuneytisstjóra umhverfisráðuneytisins, í gærmorgun.

„Hann var afskaplega kátur og átti síður en svo von á þessu,“ sagði Magnús. „Ég held að þetta muni beina athygli fólks meira að þessum vanda sem, ef ekkert er að gert, mun vega enn frekar að rótum friðar í heiminum.“

Fyrstu viðbrögð Steiners voru að þetta væru ótrúlegar fréttir. „Verðlaunin eru fyrst og fremst viðurkenning á baráttu Als Gore síðastliðin tuttugu ár. Hann hefur lagt sitt að mörkum við að upplýsa almenning um mjög flókin tæknileg atriði og að breyta umhverfisumræðunni.“

Steiner segir heimildarmynd Gores mikilvægt innlegg til að vekja athygli á loftslagsbreytingum. „Fjöldi fólks sá heimildarmynd hans og hún var sýnd í skólum um allan heim. Hún er hluti af skilaboðum sem nú hafa öðlast viðurkenningu. Nú ríkir ekki lengur ágreiningur um vísindalegar staðreyndir málsins og öll ríki heims hafa gert sér grein fyrir hættum loftslagsbreytinga.“

Aðspurður hvað taki nú við segir Steiner það vera umræðu um skilvirkar og réttlátar leiðir til að hjálpa ólíkum ríkjum að takast á við vandann.

sdg@frettabladid.is/eva@frettabladid.is

### LOFTSLAGSNEFND SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Loftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna (Intergovernmental Panel on Climate Change) var komið á fót árið 1988 af Alþjóðaveðurfræðistofnuninni (WMO) og Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP).
Hlutverk nefndarinnar er að leggja mat á vísindalegar, tæknilegar, félagslegar og efnahagslegar upplýsingar til að dýpka skilning á loftslagsbreytingum, mögulegum áhrifum þeirra og möguleikum til viðbragða.

Loftslagsnefndin hefur gefið út þrjár stórar matsskýrslur á áhrifum loftslagsbreytinga í heiminum og vinnur nú að fjórðu skýrslunni.



**EINSKÆR GLEÐI** Achim Steiner, framkvæmdastjóri Umhverfisstofnunar SÞ, brosti út að eyrum þegar hann las frétt um verðlaunin hjá Magnúsi Jóhannesssyni, ráðuneytisstjóra umhverfisráðuneytisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### AL GORE ANNAR MAÐURINN Í SÖGUNNI TIL AÐ FÁ NÓBEL OG ÓSKAR

Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, hefur verið áberandi í umræðunni um loftslagsbreytingar víða um heim og gerði hann heimildarmyndina Óþægilegur sannleikur (e. Inconvenient truth) sem fjallar um áhrif loftslagsbreytinga. Myndin vann til Óskarsverðlauna í flokki heimildarmynda fyrr á þessu ári.
Gore er annar maðurinn í sögunni til að hljóta bæði Nóbelsverðlaun og Óskarsverðlaun. Fyrstur til þess var írski rithöfundurinn George Bernard Shaw sem fékk bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1925 og Óskarsverðlaun árið 1938 fyrir kvikmyndina Pygmalion.



**VERÐLAUNAHAFINN AL GORE** Formaður norsku verðlaunanefndarinnar, Ole Danbolt Mjoes, sýndi mynd af Gore við tilkynningu verðlaunanna í gær. NORDICPHOTOS/AFP




## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Áfram blautt vestanlands** Það hefur verið talsverð bleyta á sunnan og vestanverðu landinu í vikunni, og ekki líkur á að það breytist, en einnig verður væta norðanlands. Htinn er enn frekar hár, en má búast við lækkandi hitastigi á morgun og í byrjun næstu viku. Hvessir þónokkuð af norðri vestanlands á morgun, en hægari vindur austantil.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG:** Suðvestan 5-10 m/s, skúrir og hiti 8-12 stig.

um hádegi »




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C léttskýjað | London | 18°C léttskýjað | Eindhoven | 16°C hálfskýjað |
| Billund | 11°C skýjað | París | 18°C heiðskýrt | Basel | 17°C léttskýjað |
| Osló | 10°C léttskýjað | Frankfurt | 16°C léttskýjað | Alicante | 23°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 7°C skýjað | Friedrichshafen | 16°C léttskýjað | Róm | 24°C heiðskýrt |
| Gautaborg | 10°C skúrir | Berlín | 11°C léttskýjað | Las Palmas | 24°C heiðskýrt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Opið hús hjá
101 Skuggahverfi
Við hefjum sölu fullbúinna íbúða í Skuggahverfi og af því tilefni bjóðum við þér í heimsókn í sýningarrými okkar að
Hátúni 2b
laugardaginn 13. október
og
sunnudaginn 14. október
milli klukkan 13 og 16.
Fulltrúar 101 Skuggahverfis og Eignamiðlunar verða á staðnum og svara fyrirspurnum.
Komdu og kynntu þér frábæran valkost í miðborginni.
Við hlökkum til að sjá þig.
Starfsfólk
101 Skuggahverfis
101 Skuggahverfi
Himinn og haf / SÍA

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að sjá heimildarmynd Sigur Rósar, Heima?*

| | |
|---|---|
| Já | 18% |
| Nei | 82% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú ánægð(ur) með nýjan meirihluta borgarstjórnar?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Formaður starfsmannafélags ósáttur við ummæli bæjarstjóra og vill skýringar:

# Nýtt starf utan við reglurnar

**KÓPAVOGUR** „Lái okkur það hver sem vill en við erum ósátt,“ segir Jófríður Hanna Sigfúsdóttir, formaður Starfsmannafélags Kópavogsbæjar (SFK).

Stjórn SFK fundaði í gær vegna ummæla sem Stöð 2 hafði eftir Gunnari I. Birgissyni bæjarstjóra vegna ráðningar Guðmundar Gunnarssonar, fyrrverandi bæjarstjóra á Álftanesi, á skipulagsdeild Kópavogs. Guðmundur fær mun hærri laun en ritari skipulagsstjóra sem sagt er að vinni sömu störf. Bæjarstjórinn segir að Guðmundur sé verkefnisstjóri en ekki ritari.

„Við erum ósátt við þau ummæli bæjarstjórans að ekki sé hægt að fá hæft fólk á taxta kjarasamnings hjá Kópavogi,“ segir Jófríður.

Í fyrradag barst starfsmönnum Kópavogsbæjar orðsending frá bæjarstjóra sem sagði fréttina á Stöð 2 hafa verið ónákvæma. Margt hæft fólk ynni samkvæmt töxtum hjá Kópavogsbæ. „Ég vildi koma því á framfæri í viðtali við fréttamanninn að viðkomandi verkefnisstjóri yrði ekki ráðinn til bæjarins á launataxta ritara,“ sagði Gunnar.

Jófríður segir að þótt bæjarstjórinn mildi ummæli sín þurfi enn margt að athuga. „Eftir því sem okkur skilst á ummælum bæjaryfirvalda var þarna um að ræða nýtt starf verkefnisstjóra sem aldrei hefur farið í starfsmat eins og kjarasamningar kveða á um. Við viljum fá að sjá lýsingu fyrir þetta starf,“ segir Jófríður. - gar



**JÓFRÍÐUR HANNA SIGFÚSDÓTTIR** Formaður Starfsmannafélags Kópavogsbæjar vill fá skýringar á nýju starfi á skipulagsdeild bæjarins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Keyptu Bioware og Pandemic:

# Electronic Arts í innkaupaferð

**TÖLVULEIKIR** Stærsti tölvuleikjaframleiðandi heims, Electronic Arts (EA), varð enn stærri í fyrradag þegar fyrirtækið keypti leikjafyrirtækin Bioware og Pandemic. Samningurinn, sem hljóðaði upp á rúma 52 milljarða króna, er sá stærsti í sögu EA samkvæmt fréttavef BBC.

Bioware er þekktast fyrir hlutverkaleiki á borð við Baldur‘s Gate, Star Wars: Knights of the Old Republic og Neverwinter Nights. Pandemic á meðal annars heiðurinn að leikjunum Mercenaries og Star Wars: Battlefront.

EA áætlar að gefa út fjóra leiki á ári næstu tvö árin. - sþs






# Milljarðar græddust án opinbers verðmats

**Björn Ingi Hrafnsson gagnrýndi eigin flokk harðlega á fundi framsóknarmanna í gær. Hann segir verðmat á hlut Orkuveitu Reykjavíkur viðskiptaafrek. Hann telur að gjaldfrjáls leikskóli sé aftur raunhæfur möguleiki í Reykjavík.**

**BORGARMÁL** Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, sagði á opnum fundi framsóknarmanna í gær að með því að láta ekki fara fram opinbert verðmat á hlut Orkuveitu Reykjavíkur (OR) sem rann inn í Reykjavík Energy Invest (REI), við sameininguna við Geysi Green Energy, hafi náðst sjö til átta milljörðum króna hærra verð. Hann gagnrýndi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks fyrir söluna á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja.

„Ef við hefðum fengið opinbert verðmat hefðum við aldrei fengið tíu milljarða,“ sagði Björn Ingi þegar hann var spurður um verðmat á hlut OR í REI. Hann sagði niðurstöðuna um að óefnisleg eign hafi verið metin á tíu milljarða sé eitt mesta viðskiptaafrek síðustu ára í íslensku samfélagi.

Orkumál voru mikið til umræðu og Björn Ingi gagnrýndi ákvörðun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á sölu ríkisins á fimmtán prósenta hlut í Hitaveitu Suðurnesja þegar opinberum aðilum var meinað að kaupa hlut. Hann sagði að hugsjón flokksins hafi vikið um að samfélagsleg sjónarmið eigi að ráða um að einokunarþjónusta sé ekki einkavædd. „Þetta er stórmál og ég skil ekki hvers vegna þessi ákvörðun var tekin á sínum tíma og tel það hafa verið mikil mistök af okkar hálfu.“

Spurður um málefnasamning nýs meirihluta sagði Björn Ingi að flokkarnir hefðu sömu áherslur og tók dæmi. „Ég tel að núna verði farið aftur á fullt með gjaldfrjálsan leikskóla.“



**ÞAKKAÐ FYRIR STUÐNING** Björn Ingi Hrafnsson þakkaði Alfreð Þorsteinssyni, fyrrverandi borgarfulltrúa Framsóknarflokks, fyrir stuðninginn síðustu daga. Fullt var út úr dyrum á fundinum og Björn hylltur að honum loknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ef við hefðum fengið opinbert verðmat hefðum við aldrei fengið tíu milljarða.
>
> **BJÖRN INGI HRAFNSSON**
> BORGARFULLTRÚI

Eins og vænta mátti gerði Björn Ingi grein fyrir ástæðunum sem hann hafði fyrir að slíta meirihlutasamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. Þar var veigamest að hans mati þær innbyrðis deilur sem hann taldi vera innan samstarfsflokksins.

Á sama tíma og framsóknarmenn funduðu í Framsóknarhúsinu við Hverfisgötu gengu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks á fund í Valhöll þar sem fundað var með varaborgarfulltrúum flokksins og Verði, fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík.

Að sögn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins kom nokkur gagnrýni fram á fundinum á framgönguborgarstjórnarflokksins í aðdraganda meirihlutaslitanna en að loknum fundi lýstu fundargestir yfir stuðningi við Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson sem oddvita flokksins.

svavar@frettabladid.is

Lögmaður Svandísar Svavarsdóttur segir mögulegt að málshöfðun falli niður:

# Nýr fundur leysir vandamálið

**DÓMSMÁL** Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður telur ekki ólíklegt að málshöfðun Svandísar Svavarsdóttur, borgarfulltrúa Vinstri grænna, vegna eigendafundar Orkuveitu Reykjavíkur verði látin niður falla í ljósi þess að nýr meirihluti er tekinn við stjórnartaumunum í Reykjavík.

„En maður skyldi aldrei segja aldrei í máli sem tengist pólitískum hitamálum,“ segir Ragnar. Enn sem komið er hafa meirihlutaskiptin ekki haft nein áhrif á málið, sem verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudag.

Ragnar, sem fer með mál Svandísar, segir að vel geti verið að ákvarðanir verði teknar hjá Orkuveitu Reykjavíkur sem leiði til þess að málshöfðunin verði óþörf.



**RAGNAR H. HALL**



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**

„Það eru ýmsar leiðir sem fyrirtækið hefur til að upphefja þetta ástand. Við getum hugsað okkur að hvort sem meirihlutinn hefði sprungið eða ekki gat Orkuveitan alltaf losnað undan málsókninni með því að boða til nýs fundar og afgreiða þessa hluti með formlega réttum hætti. En það hafði ekki verið gert þegar meirihlutinn sprakk.“

Aðspurður hvort Svandís Svavarsdóttir sé í raun ekki að höfða mál gegn sjálfri sér, í ljósi þess að hún er fulltrúi Reykjavíkur sem fer með meirihluta í stjórn Orkuveitunnar, segir Ragnar að þótt Svandís stýri nú vinnu hjá nýja meirihlutanum varðandi málefni Orkuveitunni sé ekki búið að afmá það sem gert var eða bæta úr annmörkunum.

„Svandís ræður því nú ekki alveg ein en mér finnst vaxandi líkur á því að teknar verði ákvarðanir sem geti orðið til þess að málshöfðunin falli niður.“

- shá

# Ítalskir dagar



Marco Busonero
er kaffiframleiðandinn okkar á Ítalíu. Hann er staðsettur í bænum Grossetto sem er í Toskanahéraðinu á Ítalíu. Hann er lítill framleiðandi sem sérhæfir sig í að framleiða hágæða ítalskt kaffi fyrir sælkeraverslanir víða um heim. Við erum því stolt af að geta boðið Íslendingum upp á eðalkaffi frá Marco.




**Ítalía Espressó kaffi**
– baunir eða malað

Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt

**TILBOÐ**
**998 kr/kg**
Verð áður 1.577,-



**Lambalæri**
kryddað með hvítlauk og rósmarín



**Copaim**
- grillað grænmeti




**Ítalía Extra virgin hvítlauksolía**
– frábær á pizzuna og salatið




**Ítalía Risotto**
– Tómata og basil, osta og trufflusveppa risotto




**Fiorucci**
– Crudo og Parmaskinka




**Saclà pestó í miklu úrvali**
– frábært á brauðið og í réttina




**Galbani ostar**
– ekta ítalskir




**La Selva tómatvörur**
– ítalskar sælkeravörur frá Toscana á Ítalíu.

Gildir til 14. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

Við borgum þér vextina mánaðarlega

ef þú leggur inn á **Mx12** hjá Kaupþingi.

**Mx12** er nýr hávaxtareikningur Kaupþings þar sem vextirnir eru greiddir mánaðarlega í stað árlega. Þú getur ráðstafað vöxtunum að vild inn á hvaða reikning sem er. Hver innlögn er bundin í sjö daga en síðan laus til úttektar. Vextir eru stighækkandi eftir tíma og fjárhæð. Lágmarksinnstæða er 1 milljón kr. **Mx12** er óverðtryggður innlánsreikningur og ársávöxtun er frá 12,55% - 14,05%.

Nánari upplýsingar í síma **444 7000**, í næsta útibúi Kaupþings eða á **kaupthing.is**

KAUPÞING
Hugsum lengra

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Franskt dagblað birtir orðróm um Sarkozy-hjónin:

# Sækja um skilnað

**FRAKKLAND, AP** Franskt dagblað, sem birt hefur eina viðtalið við eiginkonu Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta frá því hann náði kjöri í vor, fullyrti í gær að brátt myndu þau hjón tilkynna að þau hygðust sækja um skilnað.

Talsmenn forsetans og eiginkonunnar neituðu að tjá sig um málið er eftir því var innt.

Fréttina birti dagblaðið L'Est Republicain á fréttavef sínum í gær, en í því blaði birtist í síðasta mánuði eina viðtalið sem Cecilia Sarkozy hefur veitt frá embættistökunni í maí. Hjónin hafa ekki sést saman opinberlega í margar vikur. **- aa**



**FORSETAHJÓN** Nicolas og Cecilia Sarkozy á betri degi. MYND/AP



**RÁÐAMENN HITTAST** Robert Gates og Vladimír Pútín takast í hendur á meðan Condoleezza Rice horfir á. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pútín Rússlandsforseti fundaði með Rice og Gates:

# Ekkert samkomulag

**RÚSSLAND, AP** Viðræður rússneskra og bandarískra ráðamanna í Moskvu urðu ekki til þess að leysa úr ágreiningi ríkjanna um fyrirhugaðar eldflaugavarnir Bandaríkjanna í Tékklandi og Póllandi.

Vladimír Pútín Rússlandsforseti átti fund með Condoleezzu Rice utanríkisráðherra og Robert Gates varnarmálaráðherra, sem komu í gærmorgun frá Bandaríkjunum. Þau áttu einnig fund með rússneskum starfsbræðrum sínum, Sergei Lavrov utanríkisráðherra og Anatólí Serdjúkov varnarmálaráðherra.

Þau Rice og Gates komu til fundanna með nýjar hugmyndir að lausn á deilunni, en tókst ekki að sannfæra Rússana um að flugskeytunum yrði ekki hugsanlega beint gegn Rússum.

„Við sjáum tvö alvarleg vandamál við þessar tillögur," sagði Lavrov á blaðamannafundi eftir á. Annað er að Bandaríkjamenn og Rússar eru ósammála um eðli þeirrar hættu sem Evrópuríkjum stafar af flugskeytum, og hitt er að Bandaríkjastjórn neitar að fresta framkvæmd áformanna meðan málin eru rædd.

Embættismenn beggja ríkjanna munu þó áfram ræða deiluna og annar fundur ráðamanna verður haldinn eftir hálft ár. **- gb**

www.volkswagen.is




Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og vinnuaðstöðu fyrir bílstjórann. Caddy er með hleðsluhurðir báðum megin og tvöfalda afturhurð. Stigalúga að aftan er staðalbúnaður. Heildarflutningsrýmið er 3,2 m³. Bíllinn er afar vel búinn: ASR spólvörn, ABS hemlalæsivörn og hljómflutningstæki með geislaspilara er staðalbúnaður. Fjöldi véla í boði: 1,4 l bensín 80 hö., 1,6 l bensín 102 hö., 2,0 l SDI 70 hö., 1,9 l TDI® 105 hö. (fáanlegur með sjálfskiptingu) og 2,0 l EcoFuel 109 hö.

Nýtt verð 1.790.000 kr. með vsk. eða 27.440 kr. á mánuði*

Atvinnubílar

* Miðað við bílasamning SP til 60 mánaða og 20% útborgun.

Volkswagen Caddy er grænn bíll

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 07-1048




Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 vis.is

HEILSUGÆSLAN

Pólland og Evrópusambandið:

# Bjartsýn á leiðtogafundi

**BERLÍN, AP** Lech Kaczynski, forseti Póllands, og Angela Merkel, kanslari Þýskalands, lýstu í gær bjartsýni á að á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Lissabon í næstu viku tækist samkomulag um endurskoðaðan stjórnarskrársáttmála sambandsins.

Innan ESB er útbreiddur ótti um að Pólverjar – sem ganga til þingkosninga þremur dögum eftir leiðtogafundinn – kunni svo nærri kosningum að gera jafnvel enn meira en áður úr andstöðu sinni við vissa þætti sáttmálans í nafni pólsks fullveldis. Kaczynski tjáði fréttamönnum að „þótt enn væru smáatriði sem ætti eftir að leysa“, tryði hann því einlæglega að samkomulag gæti náðst. **- aa**



**KACZYNSKI OG MERKEL** Póllandsforseti kyssir hönd kanslarans í Berlín í gær. MYND/AP



**ÁFRAMHALDANDI RANNSÓKN** Rannsókn á máli meints hestaníðings skal haldið áfram samkvæmt ákvörðun ríkissaksóknara. MYND/KOMPÁS

# Dýraníðsmál í rannsókn

**Ríkissaksóknari hefur fellt úr gildi þá ákvörðun lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins að vísa frá máli um meint dýraníð. Lögreglurannsókn skal framhaldið.**

**DÝRAVERND** Ríkissaksóknari hefur fellt úr gildi þá ákvörðun lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins að fella niður mál meints dýraníðings, sem sást lúberja hest á myndbandi.

Barsmíðarnar voru sýndar í Kompásþætti Stöðvar 2 í apríl síðastliðnum. Í kjölfarið kærði Gunnar Örn Guðmundsson, héraðsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarumdæmis, málið til embættis lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

Í byrjun ágúst barst héraðsdýralækni síðan bréf frá lögfræðideild embættis lögreglustjóra þar sem tilkynnt var, að málið hefði verið fellt niður vegna erfiðrar sönnunarstöðu. Erfitt sé að sanna að höggin sem sakborningur veitti hestinum hafi verið svo þung að þau hafi meitt hestinn.

„Í málinu skortir skrifleg gögn um hvað teljist til viðurkenndra tamningaaðferða sem torveldar sönnun ákæranda á því að sakborningur hafi ekki beitt viðurkenndum tamningaraðferðum,“ sagði í rökstuðningi fyrir niðurfellingu málsins.

Dýralæknafélag Íslands lýsti „furðu sinni og hneykslan á ákvörðun lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins“ að ákæra ekki í málinu og héraðsdýralæknirinn kærði niðurfellinguna til embættis ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari hefur nú ákveðið að leggja fyrir lögreglu að taka málið til áframhaldandi rannsóknar.

„Það er lögreglu að afla gagna í opinberum málum“ segir meðal annars í rökstuðningi ríkissaksóknara fyrir ákvörðun sinni um áframhaldandi rannsókn málsins. „Er því ekki unnt að fella mál niður með hliðsjón af því að ekki sé nægilegum gögnum fyrir að fara í málinu þar sem rannsókn máls er ekki lokið. Er lagt fyrir lögreglustjóra að afla mats kunnáttumanna um hvort háttsemi kærða sé til þess fallin að fara illa með hest, hrekkja hann og meiða. Enn fremur hvort kærði hafi beitt viðurkenndum aðferðum við hestinn í umrætt sinn.“

„Ég er bara ánægður með þetta,“ segir Gunnar Örn um ákvörðun ríkissaksóknara. **- jss**

Lögmenn landeigenda hafa sex mánuði til að stefna:

# Flestir ætla fyrir dóm

**ORKUMÁL** Meginþorri eigenda vatnsréttar sem nýttur er vegna Kárahnjúkavirkjunar hefur ákveðið að hafna úrskurði matsnefndar sem mat verðmætin á samtals 1,6 milljarða króna.

Jón Jónsson, lögmaður þorra landeigenda við Jökulsá á Dal, segir að af 63 landeigendum hafi 61 ákveðið að fara fyrir dóm með málið. Nú hafi lögmenn landeigenda sex mánuði til að höfða mál fyrir héraðsdómi.

Jón segir líklegt að kallaðir verði til matsmenn fyrir dóminn til að meta verðmætin upp á nýtt. Málið getur því tekið nokkurn tíma, enda má búast við því að það endi fyrir Hæstarétti. **- bj**







HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

NÝR MEIRIHLUTI Í BORGARSTJÓRN

# Misstu pólitísk vopn úr höndunum

**Hröð atvikaröð tengd þátttöku Orkuveitu Reykjavíkur í jarðvarmaverkefnum erlendis varð til þess að borgarstjórnarmeirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sprakk. Augljósir erfiðleikar innan Sjálfstæðisflokksins sprengdu hann upp „innan frá“. Björn Ingi sleit samstarfinu vegna stöðunnar.**

„R-listinn er fallinn, hann er endanlega fallinn og hann kemur aldrei aftur!“ Þetta sagði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna í Reykjavík, með hnefann á lofti á kosninganótt í Valhöll í fyrra þegar sjálfstæðismenn fögnuðu því að hafa komist í forystusætið í Reykjavíkurborg eftir tólf ára valdatíð R-listans. Jón Kristinn Snæhólm aðstoðarmaður Vilhjálms hafði leitt hann inn í salinn, brosandi út að eyrum, við mikinn fögnuð viðstaddra. Vilhjálmur var í miklum ham og hélt áfram: „Hann verður ekki myndaður, það verður ekki myndaður endurnýjaður R-listi. Það verður ekki gert.“ Þrátt fyrir einbeittan vilja til þess að leggja sitt af mörkum svo ekki kviknaði líf með Reykjavíkurlistanum að nýju reyndust þetta ekki orð að sönnu.

**„Aðför“ að borgarstjóra**

Það sem átti að vera helstu pólitísku vopn borgarstjóra – traust samflokksmanna í borgarstjórnarflokknum, reynsla og samstaða – snerust í höndum hans í fyrsta stóra átakamáli borgarstjórnarmeirihlutans frá því hann komst til valda í fyrravor.

Það er samhljóma álit heimildarmanna Fréttablaðsins að þetta sé grundvallarorsök þess að borgarstjórnarmeirihluti Sjálfstæðisflokksins sprakk. „Hallarbyltingin heppnaðist ekki,“ segir einn heimildarmanna um „augljósa aðför unga fólksins í borgarstjórnarflokknum“ að Vilhjálmi í kjölfar þess að samruni Reykjavík Energy Invest, REI, dótturfélags Orkuveitu Reykjavíkur, og Geysis Green Energy, GGE varð að veruleika um formerkjum REI miðvikudaginn 3. október. Innan borgarstjórnarflokks

Sjálfstæðisflokksins varð „uppsafnaður pirringur“ borgarfulltrúa í garð borgarstjóra þá til þess að upp úr sauð þegar stórar ákvarðanir í stjórn OR voru teknar án þess að borgarfulltrúar væru hafðir með í för. „Við vorum ekki með í ráðum og upplýsingagjöf um þennan gjörning var algjörlega ófullnægjandi,“ segir einn borgarfulltrúa flokksins. Vilhjálmur átti sæti í stjórn OR og samþykkti samruna REI við GGE. „Auk þess var hugmyndafræðilegur ágreiningur fyrir hendi þar sem við [borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins] teljum Reykjavíkurborg eða fyrirtæki hennar ekki eiga að taka þátt í áhættufjárfestingum erlendis,“ sagði einn borgarfulltrúa, sem vildi ekki tjá sig um málið undir nafni. Sumir heimildarmanna úr röðum sjálfstæðismanna vildu meina að sú aðferð borgarfulltrúanna að tjá sig um mál nafnlaust hefði grafið undan trausti innan borgarstjórnarflokksins.

Eignarhlutur OR í REI nemur nú 35,5 prósentum og er verðmæti hlutarins rúmlega 23 milljarðar króna að heildarverðmæti samkvæmt því.

**Vanmat – málið ekki klárað**

Borgarfulltrúarnir, fyrir utan Vilhjálm borgarstjóra, gengu á fund Geirs H. Haarde, formanns Sjálfstæðisflokksins, og Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur varaformanns 5. október vegna ágreiningsins um málefni OR. „Trúnaðarbresturinn gagnvart borgarstjóra augljós,“ segja heimildarmenn innan raða Sjálfstæðisflokksins. Aðrir telja einnig Geir hafa sýnt „ónæg pólitísk klókindi“ með því að leysa ekki úr þeim ágreiningsmálum sem upp voru komin í borgarstjórnarflokknum og ná farsælli lendingu um málið. Davíð Oddsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, hefði leyst þetta á annan hátt, sögðu sumir. Aðrir töldu Geir ekki hafa verið í aðstöðu til þess að leysa málið, slíkur hefði „hamagangurinn“ í Sjálfstæðisflokknum verið. Enn aðrir sögðu forystu flokksins í heild hafa vanmetið stöðuna sem upp var komin og ekki gripið nægilega fljótt í taumana.

Eftir borgarstjórnarfund á miðvikudag fóru fulltrúar allra flokka að skynja upplausnarástand í meirihlutasamstarfinu. Fulltrúar Samfylkingar ræddu við fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Það sama gerðu fulltrúar Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokksins, en þessar umræður komust aldrei á alvarlegt stig. Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær hófu fulltrúar flokkanna sem mynda nýja Reykjavíkurlistastjórn að tala saman á mánudaginn.

**Sárindin – sárin gróa seint**

Sjálfstæðismenn eru æfir út í Björn Inga Hrafnsson, borgarfulltrúa Framsóknarflokksins, fyrir að slíta samstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn og taka þátt í myndun nýs R-lista með Vinstri grænum, Samfylkingunni og framboði Frjálslynda flokksins og óháðra. Sjálfstæðismenn gengu út frá því að R-listinn kæmi „aldrei aftur“ eins og fyrrnefnd orð Vilhjálms gáfu til kynna.

Einkum svíður stuðningsmönnum Gísla Marteins í prófkjörinu fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar framganga Björns Inga. Stuðningsmenn Vilhjálms eru vissulega svekktir út í Björn Inga en telja ríka ábyrgð liggja hjá borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins sem snerust gegn Vilhjálmi á ögurstundu og leystu ekki úr málum sínum innan flokksins heldur beittu „nafnlausu gaspri í fjölmiðlum“.




**KOMIÐ ÚT AF FUNDI** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fráfarandi borgarstjóri, sést hér koma út af fundi fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**VIÐ TJÖRNINA** Blaðamannafundur nýrrar borgarstjórnar. Dagur B Eggertsson, Björn Ingi Hrafnsson, Margrét Sverrisdóttir og Svandís Svavarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ÁSTÆÐA DEILNANNA

Hannes Smárason, forstjóri FL Group, hefur samband við Bjarna Ármannsson símleiðis og kynnir fyrir honum þá hugmynd að sameina REI og GGE undir formerkjum þess fyrrnefnda. Það varð úr.

Hinn 3. október voru GGE og REI sameinuð eftir að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur greiddi fyrir því með atkvæðagreiðslu. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Björn Ingi Hrafnsson eiga sæti í stjórninni auk þess sem Haukur Leósson er stjórnarformaður OR fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins.

**Helstu eigendur sameinaðs félags**

| | |
|---|---|
| OR | 35,5 prósent |
| FL Group | 27 prósent |
| Atorka Group | 20 prósent |
| Glitnir Bank | 6,2 prósent |

Heildarverðmæti félagsins um 65 milljarðar.

**GEYSIR GREEN ENERGY**

Hlutafélag sem stofnað var í janúar með það markmið að vinna að útrásarverkefnum á sviði orkuiðnaðar.

| | |
|---|---|
| FL Group | 43 prósent |
| Atorka | 31 prósent |
| Glitnir | 16 prósent |
| VGK | 5,75 prósent |
| Bar Holding ehf. | 2 prósent |
| Reykjanesbær | 1 prósent |

**REYKJAVÍK ENERGY INVEST**

Hlutafélag stofnað í kringum útrásarverkefni OR að tillögu Guðlaugs Þórs Þórðarsonar stjórnarformanns. Fyrsta stjórn félagsins var skipuð Birni Inga Hrafnssyni, Hauki Leóssyni og Birni Ársæli Péturssyni.

OR var eigandi félagsins að fullu í fyrstu, og voru 2,6 milljarðar króna lagðir inn í félagið. Samkvæmt stofnsamþykktum var stjórn félagsins heimilað að afla hlutafjár upp á 20 milljarða.

Bjarni Ármannsson varð hluthafi í REI 11. september síðastliðinn og lagði til 500 milljónir í félagið. Ákveðið var að safna um 50 milljörðum króna í hlutafé og OR yrði eigandi um 40 prósenta hlutafjár.

Orkuveita Reykjavíkur

**Orkuveita Reykjavíkur**

| | |
|---|---|
| Reykjavíkurborg | 93,4 prósent |
| Akranesbær | 5,53 prósent |
| Borgarbyggð | Um eitt prósent |

MM BÓKABÚÐ
– opið til kl. 22.00 öll kvöld

# FRÁBÆR KAUP
# OG ENGIN ÚTBORGUN

ALLT AÐ
**100%**
FJÁRMÖGNUN



**VETRARDEKK**
FYLGJA FRÍTT MEÐ

## Honda Jazz
Nýskráðir júní 2006
Eknir 30.000 - 40.000km
20 mánaða verksmiðjuábyrgð

**17.990 kr.***

* Afborgun miðað við JPY/CHF í 84 mánuði.



**VETRARDEKK**
FYLGJA FRÍTT MEÐ

## Peugeot 206
Nýskráðir júní 2006
Eknir 30.000 - 40.000km
20 mánaða verksmiðjuábyrgð

**16.950 kr.***

* Afborgun miðað við JPY/CHF í 84 mánuði.



**VETRARDEKK**
FYLGJA FRÍTT MEÐ

## Peugeot 307
Nýskráðir júní 2006
Eknir 30.000 - 40.000km
20 mánaða verksmiðjuábyrgð

**19.870 kr.***

* Afborgun miðað við JPY/CHF í 84 mánuði.

## KOMDU NÚNA OG NÁÐU ÞÉR Í ÞINN BÍL

**OPNUNARTÍMI:**
Virka daga milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga milli kl. 11:00 og 16:00

BERNHARD
**NOTAÐIR BÍLAR**
EIRHÖFÐA 11 • SÍMI 551 7171 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535



Vnr.50170183

**Áltrappa**

Áltrappa, 3 þrep.

**2.450** kr.




**4.990**

LÆGRA VERÐ!

**10 ltr.**

Vnr. 85540083-1083

**Innimálning**

BYKO innimálning, gljástig 10, ljósir litir, 10 ltr.



Vnr.84175700

**Penslasett** **590** kr. ~~990~~ kr.

Penslasett, grænt, 25, 38 og 63 mm.




**4.390**

**10 ltr.**

Vnr. 89000182

**Loftamálning** Sadolin

SADOLIN loftamálning, gljástig 3, hvítt, 10 ltr.




**3.690**

**4 ltr.**

Vnr. 86620040-3737

**Innimálning**

KÓPAL Glitra innimálning, gljástig 10, allir litir, 4 ltr.



Vnr.84113711

**Gljárúlla**

Gljárúlla, 25 cm.

**690** kr.

~~990~~ kr.

## TÍSKULITIR FRÁ Sadolin

Heitustu tískulitirnir í ár fást nú í málningadós frá SADOLIN, átta mismunandi litir.



**1 ltr.**

Vnr. 89061310-2010

**Veggmálning** **1.290** kr. ~~1.977~~ kr.

SADOLIN EXTREME veggmálning, 8 mismunandi litir, 1 ltr.




BYKO BLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT

*stútfullt af tilboðum!*

Villeroy & Boch 1748

Vnr.17512592

**Flísar**

VILLEROY&BOCH RAVERA, ljós beige, gólf- & veggflísar, 30x60 cm.

**4.990** kr./m²

~~6.390~~ kr./m²

**1.990** kr./m²

~~2.990~~

Villeroy & Boch 1748

Vnr.17138010

**Veggflísar**

VILLEROY&BOCH Carnaby, hvítar, 25x40 cm.

Villeroy & Boch 1748

Vnr.17310713

**Veggflísar**

PRO-ARCH 25% gráar, 20x20 cm.

**2.490** kr./m²

~~3.525~~ kr./m²


HELGAR
BOMBA
laugardag & sunnudag!
35%
afsláttur
af ÖLLUM ljósum*
Útiljós, loftljós, veggljós, ljósakrónur,
kastarar, flúrljós, halogenljós, loftaviftur,
innréttingaljós, ljósahundar, vinnuljós ofl.
www.byko.is
vefverslun
3.950 kr./m²
Vnr.0113703
Parket
VITO smelluparket
eik, matt, lakk,
14x204x2280 mm.
3.890 kr./m²
Vnr.0113700
Parket
VITO smellu-
parket eik rustik
14x204x2280 mm.
BYKO
GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.518 **-0,35%**

**Fjöldi viðskipta:** 322
**Velta:** 4.417 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ALFESCA** | +1,43% | **TRYGGINGAMIÐST.** | -2,08% |
| **ATORKA** | +0,71% | **TEYMI** | -2,08% |
| **ICELANDAIR** | +0,56% | **ÖSSUR** | -1,89% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 11,40 +0,71% ... Bakkavör 67,30 -0,59% ... Eimskipafélagið 39,90 +0,00% ... Exista 35,80 -0,28% ... FL Group 26,90 +0,00% ... Glitnir 29,00 -0,69% ... Icelandair 26,80 +0,56% ... Kaupþing 1.178 -0,34% ... Landsbankinn 43,30 +0,12% ... Straumur-Burðarás 20,95 -0,95% ... Teymi 6,60 -2,08% ... Össur 104,00 -1,89%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*



### Tilviljanir ráða för

Þrálátur orðrómur hefur gengið um að Iceland Express ætli að kaupa Air Atlanta sem er í eigu Eimskipafélagsins. Elmar Gíslason, ritstjóri Fréttabréfs atvinnuflugmanna, veltir fyrir sér og bendir á að forsvarsmenn beggja félaga hafi boðað starfsfólk til fundar 20. október næstkomandi. Matthias Imsland neitar því í samtali við Markaðinn að þetta standi til. Tilviljun ráði þessari dagsetningu. Auðvitað á að taka orð forstjórans alvarlega. Uppstokkun á ákveðnum sviðum í viðskiptalífinu getur verið tilviljunum háð. Þannig urðu stór viðskipti í upplýsingatæknigeiranum á fimmtudaginn. Allt tilviljanir.

### Íslenski skólinn

Leiðarahöfundur sænska dagblaðsins Dagens Industri kryfur innrás Íslendinga á sænskan markað í blaði gærdagsins. Segir hann að Svíar muni sjá fleiri kunnugleg íslensk fyrirtækjanöfn þar í landi. Þekktir leikarar á sviði viðskiptalífsins eru taldir upp; Björgólfur Thor, Jón Ásgeir Jóhannesson, Hreiðar Már Sigurðsson, Björgólfur Guðmundsson, Hannes Smárason og bræðurnir Lýður og Ágúst Guðmundssynir. Er því haldið fram að aðstæður á Íslandi skapi unga harðsvíraða bisnessmenn, sem geri metnaðarfullar framtíðaráætlanir. „Íslenski skólinn“ verði við völd næstu þrjátíu árin. „Þið skuluð bara sætta ykkur við það,“ segir í leiðaranum.

## MARKAÐSPUNKTAR

Greiningardeild Landsbankans mælir með kaupum á hlutabréfum Bakkavarar. Greiningardeildin býst við að gengi þess verði 81,5 krónur á hlut eftir tólf mánuði. Það stóð í 67,3 krónum við lokun markaðar í gær.

Iðnaðarframleiðsla á evrusvæðinu jókst um 1,2 prósent í ágúst frá fyrri mánuði og um 4,3 prósent á ársgrundvelli samkvæmt tölum frá Hagstofu Evrópusambandsins. Það var langt umfram væntingar samkvæmt Morgunkorni Glitnis.

Debetkortavelta í ágúst nam 40,7 milljörðum króna. Hún var tólf prósentum hærri en í ágúst í fyrra. Kreditkortavelta nam 25,5 milljörðum króna. Það er 26 prósentum meiri velta en í ágúst í fyrra.

# Stærstu sjóðirnir selja sig úr Icebank

**SPRON hf. og Byr sparisjóður hafa selt samtals 45,18 prósenta eignarhlut sinn í Icebank. Hvor um sig heldur þó eftir átta prósenta hlut. Icebank verður eftir sem áður í meirihlutaeigu sparisjóðanna sem eftir standa. Bankastjóri Icebank segir nánar verða greint frá viðskiptunum eftir helgina.**



**Á VIÐSKIPTAÞINGI 2007** Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Icebank, ræðir hér við þá Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóra Samtaka fjármálafyrirtækja (vinstra megin), og Yngva Örn Kristinsson, framkvæmdastjóra verðbréfasviðs Landsbanka Íslands, á þingi Viðskiptaráðs Íslands í byrjun ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Byr sparisjóður og SPRON hf. hafa selt eignarhlut sinn í Icebank, þjónustubanka sparisjóðanna. Salan er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Hluturinn sem SPRON seldi nam 20,5 prósentum hlutafjár í Icebank, en hlutur Byrs 24,68 prósentum. Hvor um sig heldur þó eftir fjögurra prósenta eignarhlut í Icebank.

Kaupverð er ekki gefið upp, né heldur hver kaupir þarna tæplega helmingshlut í Icebank. Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Icebank, segir að næsta mánudag verði upplýst nánar um kaupin. Skömmu fyrir síðustu mánaðamót var hins vegar frá því greint í Markaðnum, sem fylgir Fréttablaðinu, að æðstu stjórnendur bankans hefðu hug á að kaupa hlut í bankanum í samstarfi við aðra fjárfesta. Samkvæmt heimildum blaðsins nú gengu þau viðskipti eftir í einhverri mynd. Icebank mun þó enn vera í meirihlutaeigu sparisjóða, sem þýðir að helstu sparisjóðir sem eftir standa í eigendahópi Icebank hafa jafnframt aukið við eignarhlut sinn. Samtals standa þá átján sparisjóðir að bankanum, þeirra stærstir Sparisjóðurinn í Keflavík sem fór með 12,2 prósent fyrir viðskiptin og Sparisjóður Mýrasýslu sem átti 8,7 prósent.

Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri SPRON hf., segir söluna framhald á stefnu sem áður hafi verið kynnt hjá Icebank. „Stefnt var að því að opna eignarhaldið og skrá bankann síðan í Kauphöllina á næsta ári. Starfsvettvangur bankans hefur verið að þróast mikið í kjölfar stefnumótunar og þetta er bara einn liður af mörgum sem verið er að framkvæma.“ Hann segir það hins vegar nýrra eigenda að gera grein fyrir kaupum sínum í bankanum. Í tilkynningum SPRON og Byrs til Kauphallar í gær kemur hins vegar fram að salan hafi „jákvæð áhrif“ á eigið fé sjóðanna. „Það kemur náttúrlega annars vegar til af því að eign sparisjóðanna í Icebank hefur verið bókfærð á innra virði, en núna kemur fram markaðsverð og það skapar einhvern hagnað. Í öðru lagi er jafnljóst að eignarhald fjármálafyrirtækis á hlutabréfum í öðru fjármálafyrirtæki er dregið frá eigin fénu þegar eiginfjárhlutföll eru reiknuð út, þannig að við þetta losnar um eiginfjárbindingu.“

Að sama skapi segir Ragnar Z. Guðjónsson, sparisjóðsstjóri Byrs, að salan sé til komin vegna breytinga á sambandi Byrs og SPRON við Icebank. Icebank segir hann að sinni meðal annars mikilvægu hlutverki við öflun erlendra lána fyrir minni sparisjóði, en stóru sjóðirnir annist nú alfarið sjálfir fjármögnun erlendis. „Bankinn hefur í raun breyst úr samstarfsaðila yfir í fjárfestingu og það er í raun rótin að þessum breytingum sem eru að eiga sér stað.“ **olikr@frettabladid.is**

# Askar með milljarðasjóð

Askar Capital hefur stofnað níu milljarða króna fjárfestingasjóð. Lágmarkskaup í sjóðnum nema fimm milljónum dala, rúmlega 301 milljón íslenskra króna.

Sjóður Askar Capital nefnist Enhanced Return Private Equity Fund of Funds (ERPEFF) en það er svokallaður sjóðasjóður og er til hans stofnað í samvinnu við þýska fjármálafyrirtækið VCM Capital Management og hið bandaríska Resource America en þau höndla með ýmis verkefni. Á meðal þeirra eru skuldsett yfirtökuverkefni, kaup í óskráðum félögum og svokölluð brúar- eða millilagslán.

Dr. Bjarki A. Brynjarsson, forstöðumaður framtaksfjármögnunar hjá Askar Capital, segir nokkra mánuði síðan grunnur var lagður að stofnun sjóðsins, sem ætlaður er stofnana- og fagfjárfestum, svo sem lífeyrissjóðum.

Bjarki segir aðstæður á fjármálamörkuðum undanfarið hafa lítil áhrif á gengi fjárfestingasjóða sem þessa þar sem þeir taki stöður í óskráðum félögum sem séu óháð markaðsaðstæðum hverju sinni ólíkt viðskiptum með skráð félög. „Þetta er langtímaverkefni til tíu ára eða meira en líftími hverrar fjárfestingar er tvö til fimm ár áður,“ segir hann en neitar því ekki að aðstæður undanfarið hafi gert fjármögnun dýrari en áður.

Bjarki segir sjóðinn fjárfesta með sjóðsstjórum erlendu sjóðanna en sú tilhögun dreifir áhættunni. **- jab**



**DR. BJARKI A. BRYNJARSSON** „Þetta er langtímaverkefni til tíu ára og meira.“ FRÉTTABLADID/ANTON


COME2 SCANDINAVIA



**Á leið til Skandinavíu?**

Við hjá Come2 Scandinavia aðstoðum þig að finna bestu verðin á flugi, gistingu, bílaleigubíl og annarri afþreyingu.

Erum með tvær stórar og rúmgóðar íbúðir á Vesterbrogade til leigu. Frábær lausn fyrir hópa og fjölskyldur.

Come2 Scandinavia, Vesterbrogade 17
1620 Kaupmannahöfn.

www.come-2scandinavia.dk - info@come2scandinavia.com - +45 33 25 64 25

Kringlukast
FRÁBÆR VERÐ...




Kaupfélagið
DÁLDIÐ FLOTTIR SKÓR...

Kringlan S. 568 6211 - Smáralind S. 534 8211

Sendum í póstkröfu

# 11.–20. OKTÓBER

AEG
FULLKOMIN LÖGUN & LEIKNI

# ÞVOTTADAGAR

Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar á
**TILBOÐSVERÐI**



*Án efa*
## EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS *sl. 3 ár!*

**AEG þvottavél með íslensku stjórnborði**
LAVAMAT 76820 ÍSLAND

- Taumagn: 7 kg.
- Vinduhraði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín.
- Ljós sýnir hvar vélin er stödd í þvottakerfinu
- Mjög hljóðlát og sparneytin vél
- Þvottahæfni: A+
- Þeytivinduafköst: A • Orkuflokkur: A
- 24 þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
- Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott og ull
- Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann
- Aqua-Control: Öryggiskerfi gegn leka
- 3ja ára ábyrgð

**AEG barkalaus þurrkari með íslensku stjórnborði**
LAVATHERM 57820 ÍSLAND

- Taumagn: 6 kg • Mjög lágvær
- Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig
- Klukkurofi: 30 mínútur • 2 hitastig
- Krumpuvörn: Veltir tromlu af og til í 30 mín. eftir þurrkun
- Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann
- Gaumljós fyrir vatnstank, lógsigti og þéttibúnað
- Stórt hurðarop - 33 sm

**TILBOÐVERÐ: Kr. 175.000 / PARIÐ**
*(Áður: Kr. 213.900)*




## GÆÐINGAR Á GÓÐU VERÐI:




**AEG þvottavél með íslensku stjórnborði**
LAVAMAT 64810 ÍSLAND
- Vindingarhraði 1400 / 1000 / 600 snún. á mín.
- Taumagn: 6 kg
- 24 kerfi þvottakerfi
- Aqua-Control

**AEG þurrkari**
LAVATHERM 54810
- Mjög hljóðlátur,
- Fjöldi prógramma
- Íslenskt stjórnborð
- Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig auk sér stillingar fyrir ull og straulétt.

**TILBOÐVERÐ: Kr. 145.000 / PARIÐ**
*(Áður: Kr. 173.900)*

**AEG þvottavél með íslensku stjórnborði**
LAVAMAT 52820
- 1200 snúninga • 6 kg.
- Fjöldi prógramma

**AEG þurrkari**
LAVATHERM 54810
- Mjög hljóðlátur,
- Fjöldi prógramma
- Íslenskt stjórnborð

**TILBOÐVERÐ: Kr. 139.900 / PARIÐ**
*(Áður: Kr. 168.900)*



*Íslenskt stjórnborði og ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir okkar vélum.*

*Sjá nánar á:*
www.ormsson.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

# ORMSSON

ORMSSON **LÁGMÚLA 8** SÍMI 530 2800
ORMSSON **SMÁRALIND** SÍMI 530 2900
ORMSSON **KEFLAVÍK** SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-**AKRANESI** SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-**ÍSAFIRÐI** SÍMI 456 4751
ORMSSON RADIONAUST-**AKUREYRI** SÍMI 461 5000
ORMSSON BÓKABÚÐ-**HÚSAVÍK** SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-**EGILSSTÖÐUM** SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-**NESKAUPSTAÐ** SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-**REYÐARFIRÐI** SÍMI 474 1477
ORMSSON ÁRVIRKINN-**SELFOSSI** SÍMI 480 1160

KVIKA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## Borgarstjórnarbyltingin

# Áhrifin

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Pólitísk áhrif byltingarinnar í borgarstjórn Reykjavíkur eru margvísleg. Í fyrsta lagi: Sexmenningarnir í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins sitja eftir með þá ímynd að hafa fórnað meirihlutanum fyrir tæknilegan ágreining við borgarstjóra og formann borgarráðs um það hvort selja eigi hlutabréf einu og hálfu ári fyrr eða síðar.

Í öðru lagi: Birni Inga Hrafnssyni hefur tekist að styrkja til mikilla muna stöðu sína í baráttunni um forystu í Framsóknarflokknum. Veikleiki hans í þeirri glímu var andstaða vinstri armsins og hörð gagnrýni vinstri manna í borginni á sérhagsmunagæslu og undirgefni við Sjálfstæðisflokkinn.

Nú hefur hann hefnt fyrir að Framsóknarflokknum var ýtt út úr ríkisstjórn. Það gefur honum hetjuyfirbragð innan flokks. Hann deyfir tortryggni vinstri armsins með því að sýna sjálfur að flokkurinn geti ráðið úrslitum um myndun vinstra samstarfs. Um leið losar hann sig undan gagnrýni vinstri flokkanna.

Þessi augljósa jákvæða stöðubreyting gæti hafa ýtt undir að hann kaus að nota tækifærið sem honum gafst til þess að rjúfa fráfarandi meirihluta. Í sumarbyrjun brást hann í sama tilgangi málstað Halldórs Ásgrímssonar í sjávarútvegsmálum sem hann hafði lengi þjónað.

Í þriðja lagi: Svandís Svavarsdóttir bjó til það pólitíska andrúmsloft sem gerði byltinguna mögulega. Fyrir vikið hefur hún tryggt stöðu sína býsna vel sem arftaki forystunnar í Vinstri grænu. Um leið hefur hún aukið líkurnar á því að flokkurinn gangi til næstu kosninga undir nýrri forystu. Þó að Dagur Eggertsson hafi að mestu haldið sig forviðris í baráttu síðustu daga færir borgarstjóraembættið honum öruggan sess í forystu Samfylkingarinnar. Hann gæti nýtt stöðuna til þess að verða þar raunverulegur varaleiðtogi.

Í fjórða lagi: Svandís Svavarsdóttir er nú bæði sækjandi og verjandi í sama dómsmálinu þar sem deilt er um lögmæti eigendafundar Orkuveitunnar um sameiningu REI og Geysis. Þessi ágreiningur velti hlassinu. Vandinn er sá að þar er engin málamiðlun. Annaðhvort er gerðin lögmæt eða ólögmæt. Dragi Svandís Svavarsdóttir málsóknina til baka og fallist á lögmæti samþykktanna verður hún að pólitísku gjalti andspænis borgarbúum. Langan tíma myndi taka að vinna trúverðugleikann til baka.

Gangi Björn Ingi Hrafnsson inn í nýtt samstarf með þeim afarkostum að þurfa að viðurkenna ólögmæti samþykkta eigendafundarins yrði hann að hreinu pólitísku viðundri. Kjarni málsins er sá að þau geta ekki bæði haldið pólitísku höfði. Annaðhvort þeirra þarf að fórna pólitískum trúverðugleika fyrir byltinguna. Undan því verður ekki vikist.

Í fimmta lagi: Stærstu mistökin við sameiningu REI og Geysis voru að láta hlut Orkuveitunnar í Hitaveitu Suðurnesja renna þar inn. Meginröksemd Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins fyrir því að mynda meirihlutann er að Orkuveitan eigi að fá mestan mögulegan arð af viðskiptunum. Það gerist með því að auka hlut einkaaðila í orkulindum Hitaveitu Suðurnesja. Fallist Vinstri græn á þessa ráðstöfun er málflutningur flokksins á Alþingi um auðlindamál orðinn að marklausu raupi.

Í sjötta lagi: Ekkert bendir til að þessir atburðir hafi áhrif á núverandi ríkisstjórn. En fari svo að nýja samstarfið gangi vel og tveir af oddvitum meirihlutans verði orðnir flokksleiðtogar við næstu þingkosningar gætu þeir aukið líkurnar á vinstri ríkisstjórn að þeim loknum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík •

Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

# Nýr meirihluti í borginni



**Samfylkingarfélagið í Reykjavík heldur fund um nýtt meirihlutasamstarf í Reykjavík í dag, laugardaginn 13. október kl. 11:00 á Hallveigarstíg 1.**

Gestur fundarins er **Dagur B. Eggertsson** nýr borgarstjóri í Reykjavík.

*Fundarstjóri:*
**Oddný Sturludóttir** borgarfulltrúi.

**Allir velkomnir**

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík

Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sparið stóru orðin

Orð Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar á kosninganótt í maí 2006, sem vitnað er til í inngangi fréttaskýringar á blaðsíðu tólf, eru ágæt áminning til stjórnmálamanna um að spara stóru orðin. Í ljósi atburða fimmtudagsins eru þau svo vitlaus að það nær engu tali. Breytir engu þó þau hafi fallið í vímu gleði og sigurs. Er ekki fyrsta reglan í bókinni að segja aldrei aldrei?



### Enginn sparnaður hér

Sjálfsagt hefur enginn stjórnmálamaður fengið yfir sig jafn hressilega gusu af níði og Björn Ingi Hrafnsson eftir myndun nýs meirihluta í borginni. Hanna Birna Kristjánsdóttir segir hann valdaræningja, Björn Bjarnason segir hann loddara og Sigurður Kári Kristjánsson segir leitun að spilltari og siðlausari stjórnmálamanni. Sjálfur er Björn hinn rólegasti og segist hafa búist við þessu.



### Kjarninn?

Dagný Baldvinsdóttir kennari er í Fréttablaðinu í gær spurð um afstöðu sína til nýja meirihlutans. „Æ, ég veit það eiginlega ekki. Þetta er allt sama pakkið," svarar hún. Þessi hressilega skilgreining Dagnýjar hlýtur að vera borgarfulltrúum áhyggjuefni. Og ætli stjórnmálamenn almennt þurfi ekki að hressa upp á ímynd sína svo almenningsálitið skáni? Minna má á að í síðustu athugun Capacent kváðust einungis 29 prósent þjóðarinnar treysta Alþingi.

bjorn@frettabladid.is

# Evrópa í brennidepli

Hröð þróun innan Evrópusambandsins og æ nánara samstarf milli aðildarríkja ESB kallar á að Ísland og Noregur endurnýi, þrói og skerpi stefnu landanna í Evrópumálum. Aðstæður okkar eru áþekkar. Augljós ávinningur er af því að löndin standi saman um ákveðin forgangsmál þar sem við höfum sameiginlegra hagsmuna að gæta. Jafnframt þurfum við að tryggja að fram fari opin umræða með þátttöku sem flestra heima fyrir.

Það er engum vafa undirorpið að EES-samningurinn þjónar báðum löndunum vel. Samningurinn tryggir fjölda íslenskra og norskra fyrirtækja stöðug, jöfn og hagfelld samkeppnisskilyrði. EES-samningurinn veitir okkur rétt til að koma að málum snemma í stefnumótunarferlinu innan ESB, en við höfum ekki atkvæðisrétt þegar ákvarðanir eru teknar. Því er brýnt að Ísland og Noregur leiti allra leiða, formlegra og óformlegra, til að afla upplýsinga, koma að málum og hafa áhrif.

Ísland og Noregur eru lítil ríki. Því er mikilvægt að raða vandlega í forgang þeim málum sem okkur eru mikilvægust. Leggja ber áherslu á þau svið þar sem við höfum drjúgan skerf fram að færa, þar sem framlag okkar er ótvírætt á vettvangi ESB og þar sem við höfum augljósra hagsmuna að gæta fyrir land og þjóð. Við þurfum að leggja hart að okkur í þessum efnum og vinna saman á markvissan hátt. Brýnt er að Íslendingar og Norðmenn veiti hvorir öðrum öflugan stuðning þegar augjós efni eru til. Þannig eiga vinir að hjálpast að og það er brýnt hagsmunamál beggja. Við munum því, sem utanríkisráðherrar, hittast reglulega til þess að fjalla um EES-mál og önnur Evrópumálefni.

### Sameiginlegir hagsmunir

Vinna ESB að mótun nýrrar stefnu í málefnum sjávar er dæmi um hvernig við getum stillt saman strengi þegar Ísland og Noregur hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta í tilteknu máli. Framkvæmdastjórn ESB lagði hinn 10. október síðastliðinn fram aðgerðaáætlun sem er mikilvægur áfangi í mótun heildarstefnu ESB í málefnum sjávar og siglinga. Við lögðum áherslu á að koma snemma inn í stefnumótunarferlið innan ESB. Framkvæmdastjórnin viðurkennir að þeir fiskistofnar sem Ísland og Noregur hafa umsjón með séu þeir fiskistofnar sem best er gengið um og eru sterkastir í Evrópu. Við leggjum því áherslu á mikilvægi sjálfbærrar nýtingar auðlinda sjávar á grundvelli rannsóknargagna.

Þá var og mikilsvert fyrir okkur að leggja áherslu á hnattrænt eðli stefnunnar í málefnum sjávar og siglinga og þýðingu meginreglna þjóðaréttar eins og hafréttarsamnings SÞ. Baráttan gegn ólöglegum,



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR



JONAS GAHR STØRE

**Í DAG** | Utanríkismál

stjórnlausum og ótilkynntum fiskveiðum er brýn á Íslandi og í Noregi. Við vinnum því með ESB að því að loka evrópskum mörkuðum fyrir slíku veiðifangi. Af hálfu Íslands og Noregs er frumkvæði ESB í málefnum sjávar fagnað. Með reynslu okkar og þekkingu getum við lagt fram drjúgan skerf til hinnar yfirgripsmiklu stefnumörkunar ESB á þessu mikilvæga sviði.

Annað dæmi er orku- og loftslagsmál. Reynsla okkar og hæfni á sviði endurnýjanlegrar orku og hreinsitækni getur orðið þarft framlag til stefnumótunar ESB í loftslagsmálum. Skjót upptaka kvótatilskipunar ESB í EES-samninginn færir okkur nær umræðunni innan ESB um loftslagsmál.

Ísland og Noregur vinna og ötullega saman að því að leggja sitt af mörkum til félagslegrar og efnahagslegrar uppbygging-

*Ísland og Noregur eru tvö lönd sem bæði standa utan ESB en alls ekki utan Evrópu. Með aðild okkar að EES-samningnum erum við þátttakendur í Evrópusamrunanum. Við framfylgjum virkri stefnu og erum meðvituð um hagsmuni okkar.*

ar á Evrópska efnahagssvæðinu með aðild að Þróunarsjóði EFTA. Féð rennur til verkefna og aðgerða, meðal annars á sviði umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar og til þess að efla hið borgaralega samfélag í nýjum aðildarríkjum ESB.

### Evrópuumræða á Alþingi

Vettvangur stjórnmála á ekki að vera reykfyllt bakherbergi. Á Evrópuþinginu er krafan um gagnsæi og samræðustjórnmál hávært. Við erum þeirrar skoðunar að í þessu felist tækifæri til fulltrúar á löggjafarþingum landa okkar hafa ekki nýtt sem skyldi. Með því að koma á traustara sambandi við þingmannahópa innan Evrópuþingsins gefst okkur kjörið tækifæri til að miðla upplýsingum um EES-samninginn og krefjandi verkefni honum tengd. Um leið býðst tækifæri til að ræða mikilvæg mál eins og norræna módelið, jafnréttismál og krefjandi verkefni á sviði loftlags- og orkumála. Reglulegar vinnuferðir frá Íslandi og Noregi munu þess utan bæta yfirsýn yfir hagsmuni okkar og vinna að framgangi þeirra gagnvart ESB.

Jafnframt verðum við að tryggja að löggjafarþing landa okkar láti EES-málin til sín taka í auknum mæli heima fyrir og að lögð verði meiri áhersla á þau. Þingmenn þurfa að hafa raunverulegt tækifæri til þess að láta skoðun sína í ljós. Noregur hefur tekið upp þann sið í Stórþinginu að gerð sé grein fyrir Evrópu- og EES-málum á hálfs árs fresti. Stórþingið hefur stutt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í Evrópumálum. Hún felur í sér tæplega eitt hundrað einstakar aðgerðir sem miða að því að Evrópuumræðan fái meira vægi. Utanríkisráðherra Íslands, sem fer með og samræmir samskipti Íslands við ESB, mun gera sérstaklega grein fyrir Evrópu- og EES-málum á Alþingi í vetur, en eitt af markmiðum ríkisstjórnar Íslands er að fram fari aukin og upplýst umræða um samskipti Íslands og ESB. Hingað til hefur þessi skýrsla verið liður í almennri skýrslu um stefnu Íslands í utanríkismálum.

### Virkjum landsmenn í umræðunni

Við viljum bæði leggja okkar af mörkum til að örva virka umræðu um málefni Evrópu alls staðar í samfélaginu. Eigi okkur að takast að blása lífi í og gæta til fulls að samskiptum okkar við ESB verða allir þátttakendur í atvinnulífinu, hagsmunasamtök, stjórnmálaflokkar, háskólasamfélagið og aðrir að vera með. Því hefur Noregur stofnað Þjóðarvettvang um Evrópumál. Utanríkisráðherra Noregs leiðir starfið, en fyrsti fundurinn var haldinn árið 2006. Stefnt er að því að þetta verði vettvangur fyrir skoðanaskipti um stöðu Noregs í Evrópu og samskiptin við ESB. Á Íslandi er verið að stofna nefnd skipaða þingmönnum úr öllum flokkum sem eiga fulltrúa á Alþingi. Nefndin, sem mun m.a. vinna með sérfræðingum og fræðasamfélaginu, skal hafa vökult auga með hagsmunum Íslands á vettvangi ESB og hvetja til upplýstrar umræðu um tengsl Íslands við ESB.

Ísland og Noregur eru tvö lönd sem bæði standa utan ESB en alls ekki utan Evrópu. Með aðild okkar að EES-samningnum erum við þátttakendur í Evrópusamrunanum. Við framfylgjum virkri stefnu og erum meðvituð um hagsmuni okkar. Við tökum þátt og virkjum íbúa landa okkar í ferlið og umræðuna. Samstaða eykur okkur kraft.

*Höfundar eru utanríkisráðherrar Íslands og Noregs.*

# Hefnd Guðríðar

**UMRÆÐAN**
Bæjarmál í Kópavogi


GUNNAR I. BIRGISSON

Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi, þarf að leita um það bil ár aftur í tímann að tilefni til að þyrla upp moldryki í þeim tilgangi að ná fram hefndum fyrir flokksbróður sinn eftir að ég vakti athygli á að hann hefði verið vanhæfur í skólanefnd þegar frændi hans var ráðinn aðstoðarskólameistari hér í bæ.

Hefndin byggist hins vegar á röngum forsendum. Guðmundur G. Gunnarsson, sem var ráðinn árið 2006 í tímabundna verkefnisstjórn hjá skipulagsdeild Kópavogsbæjar, gegnir ekki sömu störfum og fyrrverandi ritari skipulagsstjóra enda störfuðu þeir samhliða fyrst um sinn. Guðmundur tók m.a. við verkefnum annars manns sem annaðist þau í útseldri vinnu með tilheyrandi kostnaði.

Þar sem samanburðurinn við starf ritara er rangur fellur öll röksemdafærsla Guðríðar eins og spilaborg um að Kópavogsbær brjóti jafnréttislög og verkefnisstjórinn sé á ofurlaunum.

Skipulagsdeild Kópavogsbæjar getur hrósað happi yfir því að hafa fengið jafn hæfan verkefnisstjóra og fyrrverandi bæjarstjóra á Álftanesi til að sinna mörgum brýnum verkefnum sem menn réðu illa við áður sökum manneklu. Þeir sem þekkja störf Guðmundar og kynna sér launatölurnar af sanngirni hljóta að furða sig á hneykslun Guðríðar.

Það var heldur ekki seinna vænna fyrir hana að fetta fingur út í ráðningu hans því henni lýkur eftir örfáar vikur. Í næstum heilt ár stóð Guðríði á sama um það sem hún nú kallar spillingu. Henni var sama alveg þangað til flokksbróðir hennar var nappaður.

Kópavogsbær leggur sig fram um að ráða gott fólk í kröfuhörð störf óháð stjórnmálaskoðunum þess. Það á jafnt við um samherja mína og Guðríðar.

*Höfundur er bæjarstjóri í Kópavogi.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

**Jóhann Jónasson lögfræðingur skrifar:**

Dr. Gunni skrifaði bakþanka í Fréttablaðið fimmtudaginn 4. október, sem ekki mega liggja í þagnargildi. Í kjölfar þess að fjalla um „okur“ í verslun og þjónustu, bankastarfsemi og á fasteignamarkaði beindi doktorinn spjótum sínum að þeim, sem skeytið ber, þ.e.a.s. hinum almenna neytanda, því lái hver þeim sem hagnast vill á heimskum viðsemjanda. Hvernig má það vera að jafnupplýst þjóð, með eitt hæsta menntunarstig veraldar, geti verið jafnvitlaus um ein sín mikilvægustu hagsmunamál, þ.e.a.s. afkomu fjölskyldunnar, og láti rýja sig inn að skinni í hvert sinn sem veskið er dregið fram? Ég er sammála háttvirtum doktor um að hinn ágæti Randver Þorláksson sé líklegri en flestir núlifandi Íslendingar til að spyrna við fótum, þótt fremur vildi ég njóta liðsinnis franskra bænda og Parísarbúa, sem ekki láta bjóða sér hvað sem er. Það má ýmislegt læra af þeim, sem hafa ríka réttlætiskennd. Að lokum. Ef einhver heldur að hér fyrirfinnist lágvöruverslun, þá er hann á villigötum. Ef einhver heldur að hér sé lággjaldflugfélag, þá er hann illa blekktur. Ef einhver heldur að hér sé til „ódýrara“ bensín, þá veit hann lítið um verðlag og samkeppnismál. Ef einhver heldur að á þessu verði einhvern tíma breyting, án þess að neytendur skeri upp herör gegn „okrinu“, þá er sá hinn sami algjört fífl.




*Norrænt eldhús* – *endurspeglar árstíðina*




ENNEMM / SÍA / NM29441


NÝR SUBARU IMPREZA
TEKUR KEPPINA
Við frumsýnum nýjan **Subaru Impreza**, einn öflugasta og flottasta bíllinn í sínum flokki, með fjórhjóladrifi **– á ótrúlega góðu verði.**
Subaru Impreza
SUBARU
Beinskiptur 1.5R 1.990.000 kr.
Sjálfskiptur 2.0R 2.290.000 kr.
IH INGVAR HELGASON
ÞÉR ER BOÐIÐ Í VEISLU
Við hjá Ingvari Helgasyni bjóðum þér í heimsókn með alla fjölskylduna um helgina. Við frumsýnum nýjan Subaru Impreza, við færum þér kaffi, pönnukökur og fleira góðgæti. Þú mátt koma inn á skónum og krakkarnir mega vera með læti. Sjáumst.
Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, sími 525 8000, www.ih.is
ENNEMM / SÍA / NM30034

SYMMETRICAL AWD

SUBARU




## HUMARVEISLA FYRIR HEPPNA

Þeir sem reynsluaka glænýjum Subaru Impreza hjá Ingvari Helgasyni um helgina eiga möguleika á glaðningi. Humarveisla fyrir tvo á veitingastaðnum Humarhúsinu verður dregin út á klukkustundar fresti alla sýningarhelgina. Er heppnin með þér?

OPIÐ:
**LAUGARDAG KL. 12-16**
**SUNNUDAG KL. 13-16**

IH
INGVAR HELGASON

GOLFFERÐ



Golfmót á Real de Faula
14.–21. nóvember
Fararstjóri: Björn Eysteinsson
Verð á mann í tvíbýli
94.800 kr.
Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express
Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100





SALTFÉLAGIÐ
HEIMILIÐ ER HEILAGT
Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is

TAKTU ÞÉR TÍMA
VERÐ 8.900 KR.



Á kaffihúsinu sem Te og kaffi starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.


MAÐUR VIKUNNAR

# *Mannasættir sem kann að meta aulabrandara*

Það var býsna fjarri mér að fara í framboð þegar Reykjavíkurlistinn ákvað að bjóða ekki fram aftur og ég sagði strax þá að ég gerði ekki ráð fyrir því að fara fram,“ sagði Dagur Bergþóruson Eggertsson í samtali við Fréttablaðið 8. mars 2006 en þá voru farnar að kvisast út þær fréttir að hann hygðist sækjast eftir oddasæti á lista Samfylkingarinnar. Dagur tók af skarið fjórum dögum síðar og sér líklega ekki eftir því. Í prófkjöri hafði hann betur í slagnum við Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, þáverandi borgarstjóra, og Stefán Jón Hafstein. Dagur varð aftur á móti að gera sér minnihlutann að góðu eftir að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur mynduðu saman borgarstjórn. Hún sprakk aftur á móti á fimmtudag og Dagur er kominn þangað sem hann ætlaði sér – í stól borgarstjóra.

Dagur er læknir að mennt og var fyrst kosinn í borgarstjórn árið 2002, en hann hafði tekið sæti á Reykjavíkurlistanum í nafni óháðra. Hann gegndi fjölmörgum trúnaðarstörfum á vegum R-listans, var til dæmis formaður skipulagsráðs, menningar- og ferðamálaráðs, stjórnkerfisnefndar og hverfisráðs Árbæjar, þar sem hann ólst upp.

Sem drengur fann Dagur kröftum sínum viðnám í bæði handbolta og fótbolta með Fylki. Hann hætti hins vegar að æfa um það leyti sem hann hóf nám í Menntaskólann í Reykjavík en fylgist þó enn með enska boltanum eins og hann getur, en Dagur er mikill stuðningsmaður Liverpool.

Í menntaskóla fór Dagur aftur á móti að fá útrás fyrir athafnaþrá og áhuga á félagsstörfum. Hann réð ásamt Guðmundi Steingrímssyni lögum og lofum í gáfumannaklíku skólans og gegndi Dagur embætti Inspector Scholae á lokaári. Á menntaskólaárunum kepptu þeir stundum í ýmiss konar leikum við aðra gáfumannaklíku úr Verzlunarskóla Íslands, en þar fóru fremstir í flokki Gísli Marteinn Baldursson og Sigurður Kári Kristjánsson.

Að loknu stúdentsprófi skráði Dagur sig í læknisfræði við Háskóla Íslands og sýndi enn meiri lyst á félagsstörfum, þar sem hann leiddi Röskvu meðal annars til sigurs í háskólakosningum, auk þess sem hann fann sér tíma til að rita þriggja binda ævisögu Steingríms Hermannssonar.

Konu sinni, Örnu Dögg Einarsdóttur lækni, kynntist Dagur árið 1998. Arna hefur sagt frá að fundum þeirra hafi borið saman á nokkuð sérstakan hátt, en segja má að þau hafi verið leidd saman af grænu hári. Arna nam læknisfræði í Svíþjóð en Dagur hér á Íslandi, þar sem hann var á sama ári og Hulda systir Örnu. Sumarið 1998 bjó Arna á Íslandi hjá Huldu systur sinni, sem vildi endilega bjóða Degi í mat og kynna hann fyrir systur sinni. Daginn sem Dagur átti að koma í mat fór Hulda í klippingu og litun en litunin mistókst og hár hennar varð hálfgrænt. Hún vildi ekki undir nokkrum kringumstæðum láta sjá sig þannig og þurfti því Arna að taka á móti Degi og eftir ánægjulega kvöldstund varð ekki aftur snúið.

Dagur þykir skarpgreindur og duglegur, hann á gott með að koma fyrir sig orði og hefur mikla útgeislun. Hann er vinsæll meðal samstarfsmanna og er þekktur fyrir sérstakt skopskyn, „einn mesti aulabrandaramaður sinnar kynslóðar“, eins og einn viðmælandi komst að orði. Margir hafa horn í síðu hans, ekki síst þeir sem eru á öndverðum pólitískum meiði. Einn sjálfstæðismaður segir að þótt Dagur sé klárlega hæfileikaríkur sé aðalveikleiki hans fullmikið sjálfsálit, jafnvel hroki. Hann verði seint kallaður „maður fólksins“ og hætti til að gleyma sér í Morfís- eða menntaskólaleikjum í stað þess að tala skýrt og vera málefnalegur. Þeir sem hafa unnið með Degi segja hann aftur á móti þægilegan í samstarfi og lofa dugnað hans. Hins vegar sé pólitísk sýn hans oft á tíðum óljós og hann hafi tilhneigingu til að bíða eftir niðurstöðum rýnihópa áður en hann taki afstöðu í málum.

Dagur tekur við borgarstjóraembættinu við æði sérstakar aðstæður. Andstæðingar hins nýja meirihluta eru efins um að fjögurra flokka stjórn haldi út kjörtímabilið. Dagur á eftir að sýna sig og sanna, til dæmis að hann geti leikið það eftir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að halda ólíkum flokkum saman í samstarfi, en þau tvö þykja afar ólíkir karakterar. Hann þykir þó hafa það fram yfir flokksformann sinn að vera meiri mannasættir og það geti nýst honum vel í nýju hlutverki.

## DAGUR BERGÞÓRUSON EGGERTSSON




### ÆVIÁGRIP

Dagur B. Eggertsson, læknir og verðandi borgarstjóri, er fæddur í Osló hinn 19. júní 1972. Foreldrar hans eru Bergþóra Jónsdóttir lífefnafræðingur og Eggert Gunnarsson dýralæknir. Systkin hans eru Gauti, hagfræðingur, og Valgerður, lögfræðingur. Sambýliskona Dags er Arna Dögg Einarsdóttir læknir en saman eiga þau tvö börn, Ragnheiði Huldu og Steinar Gauta.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Varð Reykjavíkurmeistari í knattspyrnu með fjórða flokki Fylkis árið 1986.

### HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Ég held hins vegar að enginn sé betur fær til að gegna því embætti [borgarstjóra] en Dagur. Hann yrði framúrskarandi í því eins og öllu sem hann tekur sér fyrir hendur, enda stjórnmálamaður af nýrri kynslóð og þá á ég ekki við aldur heldur vinnubrögð. Þannig borgarstjóra þarf Reykjavík.“ - Arna Dögg Einarsdóttir sambýliskona.


512 50 50
Auglýsingasími




– Mest lesið




3.990
~~6.990~~

**Penta, 10 ltr**
Akrýlbundin plastmálning á stein innan og utanhúss
7207040




5.490
~~7.925~~

**Veggmálning, Jotaproff**
10 ltr. gljástig 7
7119866-74

# Þarftu að mála?

## Efnið og áhöldin færðu hjá okkur



**Frábært** verð

**Áltrappa**
3ja þrepa
5079089
**2.399**

**Áltrappa**
4ja þrepa
5079090
**2.899**

**Áltrappa**
5 þrepa
5079091
**3.599**



149
~~295~~

**Akrýlkítti, Soudal**
6510075



499

**Vinnuhanskar**
Ninja,
5866371



**Penslasett**
3 stærðir
7006082

**395**
~~525~~



**Rúllusett**
Bakki 23 sm og rúlla
7014821

**895**
~~1.350~~

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

# *D*-dagur *REI*-listans!

Í Dagbók Þráins Bertelssonar er sagt frá lífinu í Norska bakaríinu sem gengur sinn vanagang, síðbúnu Bítlaæði, geðheilbrigði, græðgi, kaupréttarsvínaríi og styrjöld góðra vina á kærleiksheimilinu í Ráðhúsi Reykjavíkur.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGUR, 5. OKTÓBER.**

### Í leit að nýjum lesendum

Að taka til í bókaskáp er seinlegasta vinna sem hægt er að hugsa sér. Hver einasta skrudda kallar fram einhverjar minningar. Nú er komið að því að skiljast við margar bækur sem hafa fylgt mér lengi. Í þessari tiltekt verður mörgum bókum sem hafa staðið lengi óhreyfðar og áhrifalausar á sínum stað gefið frelsi og þær sendar út í heiminn í leit að nýjum lesendum.

Sjónvarpið datt út eina ferðina enn í gærkvöldi. Viðgerðarmenn frá Símanum geta ekki komið fyrr en á mánudaginn. Nú missi ég af Silfri Egils um helgina.

**LAUGARDAGUR, 6. OKTÓBER.**

### Man. Utd og Reynir í Sandgerði

Kaupréttarruglið, græðgin, æðibunugangurinn og hagsmunapotið hjá Orkuveitunni og REI segir manni hvílík freisting það er fyrir kjörna fulltrúa, sem ráða ekki yfir neinu nema þeim reytum sem ekki hefur enn tekist að plokka af almenningi, að setjast við spilaborðið með þotuliðinu.

Skilja menn ekki mörkin milli almannafjár og einkafjármagns? Lýðræðis og einræðis?

Hinn velskrifandi Andrés Magnússon hittir naglann á höfuðið bloggiņu sínu og segir:

„Ég sé í anda fund þar sem sitja annars vegar: Borgarstjórinn í Reykjavík, Björn Ingi og svo Bjarni, Hannes og Jón Ásgeir. Það er ekki jafn leikur. Ballettdansarar og súmóglímumenn... Ef þeir Guðmundur Þóroddsson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson fara á fund þeirra Hannesar Smárasonar og Jóns Ásgeirs Jóhannesonar, hvort liðið skyldi nú vera líklegra til þess að taka snúning á hinu? Þetta er ámótajafn leikur og ef Manchester United og Reynir í Sandgerði skyldu einhverntíman hittast á vellinum.“



**SUNNUDAGUR, 7. OKTÓBER.**

### Geðsjúkdómar í fimmta hverju húsi

Í dag var alþjóðlegur geðheilbrigðisdagur og ég var búinn að lofa að koma í Perluna og segja nokkur orð. Þar var heilmikið fjölmenni og fremst meðal jafnra frú Vigdís Finnbogadóttir verndari þessa átaks.

Flestir hafa einhver kynni af geðsjúkdómum á lífsleiðinni. Ég hef haft af þeim margvísleg kynni, enda segja rannsóknir á tíðni og útbreiðslu geðsjúkdóma að geðveiki sé að finna í að minnsta kosti fimmtu hverri fjölskyldu.

Þetta segir okkur hversu alvarlegt heilsufarvandamál geðsjúkdómar eru. Þetta segir okkur líka að geðsjúkdómar eru regla en ekki undantekning.

Sem betur fer eykst þekking á geðsjúkdómum og fyrir þekkingunni víkur óttinn og skömmin sem áður voru geðsjúklingum og aðstandendum þeirra jafnþungbær byrði og geðsjúkdómurinn sjálfur.

Besta forvörnin, næst á eftir göngutúrum, er að gera samfélag okkar manneskjulegra, mýkra og kærleiksríkara. Við þurfum að leggja áherslu á að allir hafi nóg handa sér áður en við förum að keppast við að kraka til okkar meira en við þurfum.

Við eigum býsna fátt í þessu lífi. Við eigum sjálf okkur, heilsuna okkar – og við eigum hvert annað.

Okkur mundi öllum líða betur ef við værum betri við hvert annað – og það mundi ekki kosta neitt.

**MÁNUDAGUR, 8. OKTÓBER.**

### Orkuveitufarsinn

Orkuveitufarsinn sem borgarstjórnin okkar hefur samið eða spunnið af fingrum fram toppar allt sem Spaugstofan hefur skrifað síðastliðin 17 ár og hefur þó Spaugstofumönnum oft tekist vel upp.

Úr því að boðorðin tíu eru ekki í tísku spyr maður hvort ekki sé til einhver handbók sem hægt væri að hlýða stjórnmálamönnum yfir áður en þeir taka við embættum sínum? Pukur, ósannsögli, mikilmennska og virðingarleysi fyrir þjónustuhlutverki stjórnmálamanna er ekki gott veganesti fyrir opinbera fulltrúa sem þykjast vera að sinna hagsmunum almennings.



Viðgerðarmenn frá Símanum sem ætluðu að koma í dag komu ekki í dag – en þeir lofa því að koma á morgun. Það er góð regla að lofa aldrei meira en maður kemst yfir að svíkja.

**ÞRIÐJUDAGURINN, 9. OKTÓBER.**

### Geymt en ekki gleymt

Aumingja Villi borgarstjóri. Nú er hart að honum sótt. Það er mikið framboð af hálfum sannleika í þessu máli en ég hef því miður ekki fundið neina tvo helminga sem passa saman.

Mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds þegar Gísli Baldursson lýsti því yfir með blíðu brosi á blaðamannafundi í Ráðhúsinu um að allir í borgarstjórnarmeirihlutanum væru ofsalega góðir vinir. Það vantaði bara að innsigla vináttuna með kossi.

Með svona góða vini þarf Villi ekki á óvinum að halda.

Nú á allt að snúast um hvort Villi hefur séð eða ekki séð einhvern lista sem hann segist ekki hafa séð. Kannski er hann að rugla listanum yfir kaupréttargæðinga saman við boðsgestalistann á súluupptendrunina í Viðey.

Sjálfur held ég að þetta mál snúist líka um mismunandi stríðsgæfu ýmissa Sjálfstæðismanna í prófkjörum fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar og alþingiskosningar. Um hluti sem eru geymdir en ekki gleymdir.

Um geymda en ekki gleymda hluti skrifaði ég greinarkorn í Fréttablaðið sl. sunnudag. Tveir ráðherrar og einn fyrrverandi ritstjóri hafa ómakað sig til að svara greininni. Þeir eru á því að það sé ekkert mark takandi á mér. Svona



höfðingjar fara ekki með fleipur.

Viðgerðarmenn frá Símanum sem ætluðu að koma í dag ætla endilega að reyna að koma á morgun.

**MIÐVIKUDAGUR, 10. OKTÓBER.**

### Loksins, loksins!

Lauk við að taka til í bókahillunum mínum. Tíu kassar fóru í Sorpu, þrír voru frelsaðir.

Viðgerðarmenn frá Símanum komu í loksins dag og voru snöggir að lagfæra bilunina. Þetta voru fínir karlar. Það er ekki þeim að kenna að þjónustan skuli vera svona hjá fyrirtækinu.

Það væri gaman að vita hvernig stendur á því að þeir sem veita þjónustu hjá fyrirtækjum skuli yfirleitt vera á lægri launum en þeir sem verðleggja þjónustuna.

**FIMMTUDAGUR, 11. OKTÓBER.**

### D-dagur í borgarstjórn!

Dagurinn byrjaði á því að Doris Lessing fékk Nóbelsverðlaun í bókmenntum. Hún er glúrin. Í síðustu bókinni minni, Valkyrjum, úði og grúði í tilvitnunum í verk hennar sem hafa verið mér umhugsunarefni.

Í dag hafa ekki aðeins orðið tíðindi í heimi andans heldur einnig efnisins. Gamli góði Villi er fallinn af borgarstjórastóli í Reykjavík og við er tekinn Dagur B. Eggertsson.

Í dag, 11. október er því D-dagur REI-listans.

Það hefði verið gaman að labba niður að Tjörn til að sjá Dag B. Eggertsson bera Björn Inga í fanginu yfir þröskuld Ráðhússins í upphafi þeirra búskapar.

Fréttamenn sögðu að það hefði verið í frásögur færandi að þegar gleðskapurinn fyrir utan Ráðhúsið stóð sem hæst dreif að róna og útigangsmenn sem halda til í miðbænum í hópum. Erindið var samt ekki að bekkjast til við Villa fyrir að hafa tekið bjórkælinn úr sambandi heldur að rifja upp fyrir hinni nýju félagshyggjustjórn höfuðborgarinnar að lífskjör sumra borgarbarna mættu vera manneskjulegri.


Loksins raunhæfur valkostur í stað nagladekkja fyrir fólksbíla og jeppa

TOYO
VERÐLAUNA-MYNSTRIÐ
Stærri snertiflötur - aukið öryggi




TOYO
Harðskeljadekk
Frábær ending - Minna svifryk - Mjög hljóðlát

30 daga eða 800 km skilaréttur
Svo sannfærðir erum við um kosti TOYO harðskeljadekkjanna að við bjóðum 800 km eða 30 daga skilarétt ef þið eruð ekki fullkomlega sátt. Andvirðið gengur þá að fullu til kaupa á öðrum hefðbundnum vetrar- eða nagladekkum hjá okkur, við umfelgum fyrir þig hratt og örugglega.



561 4110 NESDEKK Fiskislóð 30
TOYO TIRES Umhverfisvænn valkostur í stað nagladekkja
Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 8.00 - 18.00.
Laugardaga 11.00 - 14.00.


NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
ÚRVAL NÝRRA ÚTILJÓSA!
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
6990
GARÐSETT 3 STK.
12V M/SPENNI
7990
GARÐSETT 3 STK.
12V M/SPENNI
6995
GARÐSETT 3 STK.
12V M/SPENNI
3995
GARÐSETT 3 STK.
12V M/SPENNI
695
INNFELLD LJÓS
TILBOÐ!
4995
4995
6995
2 STÆRÐIR
FRÁ 6995
GARÐSETT 3 STK.
M/SPENNI
FRÁ 6995
GARÐSETT 3 STK.
M/SPENNI
3 STÆRÐIR
FRÁ 2995
INNFELLD LED LJÓS
3595
ÚTIKASTARI
2995
NIÐURGRAFIÐ LJÓS
FRÁ 2995
VEGG OG LOFTLJÓS
4995
3995
3995
3995
4995
3995
3995
3995
3495
2995
4999
STAUR
M/ 2 LJÓSUM
3995
VEGGLJÓS TVÖFALT
2995
VEGGLJÓS EINFALT
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16 (lokað á Njarðarbraut)

# ERUM FLUTT AÐ SUÐ

# TROÐFULL BÚÐ AF G



Hljóðlát **Whirlpool** AAA UPPÞVOTTAVÉL
**Verð áður kr. 69.995 – Tilboð kr. 49.995**

**Whirlpool** 187sm KÆLIR OG FRYSTIR
**Verð áður kr. 72.995 – Tilboð kr. 49.995**

**Whirlpool** Tölvustýrð 1400sn ÞVOTTAVÉL – ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
**Verð áður kr. 64.995 – Tilboð kr. 44.995**

**Philips** Senseo KAFFIVÉLARNAR vinsælu verða með **FLOTTUM GJAFAPAKKA** meðan birgðir endast
Glös og kaffi fylgir ásamt nýju Cappuchino kaffi



**AÐEINS BROT AF TILBOÐUNUM**






**PHILIPS**
sense and simplicity

Powered by ambi light



## OPIÐ FÖSTUDAG OG LAUGARDAG KL. 10-18

# DURLANDSBRAUT 26

# OPNUNARTILBOÐUM



**Philips** ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR – **Verð frá kr. 1.995**

**Philips** 32" LCD SJÓNVARP með PixelPlus 2 High Definition myndtækni, Digital Natural Motion og miklu meira
**Verð áður kr. 149.995 – Tilboð kr. 119.995**



**DeLonghi** Sjálfvirk Espressó KAFFIVÉL með tveimur kötlum og stafrænu stjórnborði
**Verð áður kr. 67.995 – Verð nú kr. 49.995**
Þrír pokar af kaffibaunum fylgja meðan birgðir endast!

Úrval **Kenwood** HRÆRIVÉLA með **20% afslætti**



**Panasonic** ÖRBYLGJUOFN
**Verð áður kr. 12.995 – Tilboð kr. 8.995**

**Casio** 7 milljón punkta MYNDAVÉL
**Verð áður kr. 19.995 – Tilboð kr. 14.995**

Sýnum VEKJARAKLUKKUR sem vekja þig með „dagsbirtu og fuglasöng“!

**AÐEINS BROT AF TILBOÐUNUM**









**Allir viðskiptavinir okkar fá hinn frábæra geisladisk HEIMILISTÓNAR að gjöf meðan birgðir endast!**



**KELLY PRESTON KVIKMYNDALEIKKONA ER 45 ÁRA Í DAG**

*„Mig langar að binda enda á hungursneið í heiminum, koma á heimsfriði, útrýma spillingu og hindra að eiturlyf nái til barna.“*

***Kelly Preston er þekkt fyrir að vera eiginkona Johns Travolta, en þau hafa tvisvar gengið upp að altarinu. Hún hafnar ítrekað hlutverkum til að geta sinnt börnum, bónda og búi sem best, en þau Travolta eru bæði meðlimir Vísindakirkjunnar.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST 13. OKTÓBER 1917**

## 100.000 sjá „kraftaverk sólarinnar“



Þennan dag árið 1917 urðu yfir 100 þúsund manns vitni að meintum kraftaverkaatburði sem kallaður hefur verið „kraftaverk sólarinnar“, í Cova da Iria nálægt Fátima í Portúal.

Það var eftir mikið úrhelli sem skýin greiddust í sundur og sólin birtist sem ógegnsær og hringsnúandi diskur á himni. Samkvæmt vitnisburði þeirra sem á horfðu var sólin ljóslítil og varpaði marglitu ljósi yfir landslag, fólk og nærliggjandi ský. Þá var sólin sögð hafa hallast í átt til jarðar með kröppum hlykkjum, en þá greip um sig ofsahræðsla meðal viðstaddra sem töldu víst að skollinn væri á heimsendir. Fatnaður fólks, eftir regnið mikla, sem og blautur jarðvegur þornaði á augabragði.

Portúgalski blaðamaðurinn Avelino de Almeida á dagblaðinu O Século, og dr. Joseph Garrett, prófessor í náttúruvísindum við Coimbra-háskólann, sen voru báðir vitni að atburðinu, áætluðu að yfir hundrað þúsund manns hefðu safnast saman í Cova da Iria þennan dag.

Kraftaverkið var tákn þeirra sem trúðu á meyna frá Fátima, en María mey birtist þremur fjárhirðum á barnsaldri alls þrisvar árið 1917 á svipuðum slóðum. Sögðu börnin að meyjan hefði lofað þeim kraftaverki um miðjan dag 13. október í Cova de Iria; kraftaverki „sem allir fengju trúað“.

Kraftaverk sólarinnar varði í tíu mínútur, en litlu fjárhirðarnir, sem gátu sagt fyrir um þennan atburð, sáu einnig myndir birtast af Jesú, Maríu Mey og Jósef að blessa lýðinn.

**MERKISATBURÐIR**

**1492** Kristófer Kólumbus nemur land á Bahamaeyjum.
**1773** Charles Messier uppgötvar Whirlpool-vetrarbrautina.
**1792** Hornsteinn lagður að Hvíta húsinu í Washington DC.
**1884** Greenwich viðurkenndur sem viðmiðs-lengdarbaugur jarðartíma.
**1923** Ankara tekur við af Istanbúl sem höfuðborg Tyrklands.
**1987** Kýrin Sæunn flýr úr sláturhúsinu á Flateyri og syndir heim yfir Önundarfjörð.
**1990** Stríðinu í Líbanon lýkur þegar sýrlenskar hersveitir hrekja Michel Aoun hershöfðingja úr forsetahöllinni.




†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ásgeir Sigurðsson**

frá Hólmavík, áður til heimilis að Lindargötu 57, Reykjavík,

er látinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Svava Ásgeirsdóttir** **Smári Jónatansson**
**Sigrún Ásgeirsdóttir**
**Ragnar Ásgeirsson** **Soffía Harðardóttir**
**Heiðrún Ásgeirsdóttir** **Jóhannes Hafsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

**Sigurður Tryggvason**

Heiðargerði 86,

lést á heimili sínu aðfaranótt 11. október.
Útförin auglýst síðar.

**Steinunn Ástvaldsdóttir** **Tryggvi Sigurðsson**
**Ástvaldur Tryggvason.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hrönn A. Rasmussen**

fv. varðstjóri hjá Landssíma Íslands, hjúkrunarheimilinu Sóltúni, áður til heimilis að Vesturgötu 7, Rvk,

sem lést fimmtudaginn 4. október, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 15. október kl. 15.00.

**Óskar F. Sverrisson** **Sigurveig J. Einarsdóttir**
**Gunnar A. Sverrisson** **Hrafnhildur Garðarsdóttir**
**Garðar Sverrisson** **Gerður Kristjánsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



†

*Útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og systur,*

**Önnu Soffíu Hákonardóttur,**

Austurbrún 2, 104 Reykjavík,

verður gerð frá Áskirkju Reykjavík þriðjudaginn 16. október kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Hákon H. Pálsson** **Ingibjörg Hafsteinsdóttir**
**Ingólfur Pálsson**
**Sigurður Pálsson** **Margrét Kristjánsdóttir**
**Sigurjón Pálsson**
**Halla Pálsdóttir** **Sigsteinn Sigurðsson**
**barnabörn og langömmubörn**
**Haraldur Hákonarsson og Þóra N. H. Hákonardóttir**




**ALDARFJÓRÐUNGUR VIÐ SKRIFPÚLTIÐ** Iðunn Steinsdóttir rithöfundur handskrifaði fyrstu bækur sínar og fékk eiginmanninn til að vélrita þær. Seinna lærði hún vélritun og hefur verið óstöðvandi síðan. Hér er hún með fyrstu og nýjustu bók sína; Knáa krakka og Mánudagur bara 1 sinni í viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**IÐUNN STEINSDÓTTIR:** HEFUR STAÐIÐ 25 ÁR Á RITVELLINUM

# Er svo mikið barn í mér

„Sem barn ætlaði ég alltaf að verða söng- og leikkona, og á unglingsárunum að frelsa heiminn, en það tókst ekki því ég gifti mig og fór að hrúga niður börnum,“ segir rithöfundurinn og kennarinn Iðunn Steinsdóttir, sem um þessar mundir fagnar 25 ára rithöfundarafmæli sínu. Fyrstu bókina skrifaði hún með lesblindan nemanda sinn í Mývatnssveit í huga, þegar ekki var búið að skilgreina lesblindu.

„Þessi strákur var óskaplega vel gefinn og klár, en hann gat ekki lesið. Í lestrartímum leyfði ég börnum að fara í bókaskápinn og velja sér bók og þá bað hann mig jafnan að leiðbeina sér. Einu bækurnar sem ég gat bent honum á voru smábarnabækurnar Græna kannan og Blái hatturinn. Það þótti niðurlægjandi og ég ákvað þá að skrifa bók á léttu máli þess tíma, með stuttum köflum og spennandi viðfangsefni í stíl Enid Blyton,“ segir Iðunn um bókina Knáir krakkar sem gefin var út árið 1982, en alls hefur hún skrifað á fimmta tug bóka, auk fræðsluefnis og leikrita í samvinnu við Kristínu Steinsdóttur systur sína, sem fagnar tuttugu ára rithöfundarafmæli í ár.

„Ég er sex árum eldri en Kristín og passaði hana í bernskunni, en mamma dó ung og það þjappaði okkur saman svo við erum eins og helmingurinn af hvorri annarri, þótt við skrifum afskaplega ólíkt,“ segir Iðunn, sem hvatti litlu systur til að senda handrit að barnabók í samkeppni Vöku-Helgafells, sem auðvitað vann til verðlauna.

„Líklega er ég svo mikið barn í mér því mér finnst skemmtilegast að skrifa fyrir börn og unglinga,“ segir hún hlæjandi. „Eftir fyrstu bókina gat ég ekki hætt, en ég hef mikið skrifað um nemendur mína og barnabörn. Þannig er drjúgur hluti bekkjar míns í Laugarnesskólanum í tveimur bókum af Fjallakrílunum,“ segir Iðunn, sem er ekki í neinum vandræðum að nefna eftirlætisbókina úr sínum ranni.

„Það er Víst er ég fullorðin sem ég skrifaði um sjálfa mig, en hún byrjar á fermingardaginn og gerist næsta árið á eftir. Svona er sjálfselskan, að þykja skemmtilegast að skrifa um það sem maður upplifði sjálfur,“ segir Iðunn og skellir upp úr, en nýjasta bók hennar, Mánudagur bara 1 sinni í viku, er væntanleg í verslanir.

„Börn eru alltaf eins því manneskjan er alltaf sú sama, en áreitin hafa áhrif. Ég fann að margt hefur breyst þegar ég kom aftur að kennslu fyrir fjórum árum,“ segir Iðunn sem í nóvember ætlar að gera sér glaðan dag með Kristínu systur sinni í tilefni tímamótanna.

„Þetta hefur verið skemmtilegt frá upphafi og ég hef alltaf fengið mikil viðbrögð frá börnum, en nú er vaxin úr grasi kynslóð fullorðinna sem líka las bækur mínar í æsku og það er verulega indælt.“ thordis@frettabladid.is

# Haustverkin kalla í Laufási í Eyjafirði

Í dag verður starfsdagur í Gamla bænum að Laufási í Eyfjafirði. Í fréttatilkynningu frá Minjasafninu á Akureyri segir:

Hefur þú séð hvernig kindahausar og lappir eru sviðin? Hefur þú fylgst með alvöru sláturgerð? Hefur þú smakkað heimagerða kæfu, slátur, brauð eða geitamjólk?

Ef ekki þá er tilvalið að leggja leið sína í Gamla bæinn í Laufási laugardaginn 13. október milli kl. 14.00 og 16.00 til þess upplifa gamla tíð með öllum skynfærum. Tóvinnufólk verður að störfum í baðstofunni og forvitnilegur markaður með ýmsu góðgæti fyrir munn og maga verður í skálanum.

Þjóðlegar eyfirskar veitingar eru til sölu í Gamla prestshúsinu.

Sýningin er í samvinnu við Matur úr héraði sem stendur fyrir matarsýningunni Matur-inn sem fer fram um helgina Akureyri.

Aðgangseyrir fyrir fullorðna 500 kr. Allir velkomnir.



**LAUFÁS Í EYJAFIRÐI** Haustverkin kalla er hluti af matarsýningunni Matur-inn sem fer fram um helgina.

# Full búð af frábærum tilboðum




**1.523** kr/kg, áður 2.539 kr/kg
Borgarness grísk lambalærissteik




**599** kr/kg, áður 898 kr/kg
KEA sagaður hangiframpartur




**129** kr X-tra appelsínusafi **129** kr X-tra eplasafi
**99** kr X-tra hvítlauksbrauð




**398** kr/pk, áður 568 kr/pk
Goða alvöruhamborgarar 175 gr, 2 í pk




**198** kr/kg, áður 360 kr/kg
Ísfugls Buffalovængir




**396** kr/kg, áður 609 kr/kg
Matfugls fersk læri




**183** kr/kg, áður 281 kr/kg
Matfugls ferskir vængir




**1.299** kr/ds
Mackintosh, 1.7 kg




**129** kr/pk, áður 189 kr/pk
Dorritos Cool American, 200 g
Dorritos Nacho Cheese, 200 g




**Hatting**
Filone Spelta-Filone Bianco
Panino Fibra-Panino Noce




**89** kr/fl, áður 139 kr/fl
Egils Pepsi Max 2 l

Hönnun: H.N markaðssamskipti / SIA Umbrot: Víkurfréttir

**full búð af frábærum tilboðum**
Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 11.–14. okt. eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



**MAÐUR ATHAFNA** Bent A. Koch hefur ekki bara verið virkur í þjóðfélagsumræðunni í Danmörku, bæði í leiðurum blaða sem hafa þá verið nafnlausir en líka í greinum undir nafni. Hann hefur líka látið verkin tala og beitt sér í ýmsum málum, til dæmis í dönsku andspyrnuhreyfingunni á stríðsárunum og í handritamálinu.

# *Íslendingar hafa sýnt mér sóma*

**Bent A. Koch** er formaður stjórnar Sjóðsins fyrir danskt-íslenskt samstarf en sá sjóður tók á dögunum á móti einni milljón króna frá fasteignafélaginu Stoðum. Bent gegndi lykilhlutverki í að ná sáttum milli þjóðanna tveggja í handritamálinu. *Steinunn Stefánsdóttir* hitti Bent á heimili hans í Óðinsvéum í síðustu viku.

Bent A. Koch kemur til dyranna kvikur í hreyfingum. Hann er sjötíu og níu ára gamall og ber aldurinn vel. Þegar hann hefur komið sér fyrir í stól eftir að hafa borið fram te og heimabakaðar bollur segir hann: „Ég er ákaflega þakklátur fyrir framlag fasteignafélagsins Stoða. Það nemur nálægt 20 prósentum af höfuðstól sjóðsins og þýðir einfaldlega að styrkveitingar úr sjóðnum munu einnig aukast um nálægt 20 prósent og ekki veitir af því á hverju ári vísum við fjölda umsókna frá.“

Áður en farið er nánar út í Sjóðinn fyrir danskt-íslenskt samstarf og hlutverk hans er þó ekki annað hægt en að spyrja Bent A. Koch um aðild hans að lausn handritamálsins og ástæðu þess að Ísland skipar svona stóran sess í lífi hans og starfi.

Bent ólst upp á borgaralegu og ekki síður mjög kristilegu heimili, fyrst á Amager og seinna í Jægersborg skammt norðan við Kaupmannahöfn. „Á mínu heimili, eins og svo mörgum öðrum borgaralegum heimilum í Danmörku, var fólk ósátt við viðskilnað Íslendinga við Dani. Sagt var að Íslendingar hefðu snúið baki við gamla kónginum. Kristján X, konungur Íslands og Danmerkur, var afar vinsæll í Danmörku á stríðsárunum og mörgum Dönum sveið það að Íslendingar skyldu lýsa yfir stofnun lýðveldisins meðan Danmörk var hersetið af Þjóðverjum.“ Íslandsáhuginn hefur því síður en svo fylgt Bent A. Koch frá barnæsku.

Bent A. Koch gekk ungur til liðs við andspyrnuhreyfingu Dana. Í ævisögu sinni Min tid sem kom út árið 2003 lýsir hann því hvernig hann tæplega sextán ára gamall hreinlega gat ekki setið á skólabekk þegar verkefnin í andspyrnunni blöstu við. Hann ákvað því að hætta menntaskólanámi tæplega sextán ára gamall og nýsestur í fyrsta bekk. Við tóku árin í andspyrnuhreyfingunni þar sem Bent tók meðal annars þátt í þeirri umfangsmiklu aðgerð þegar gyðingum var smyglað frá Danmörku yfir sundið til Svíþjóðar á fiskibátum.

## Afdrifarík Íslandsferð

Bent varð blaðamaður ungur og tvítugur að aldri hafði hann ráðið sig til starfa á Kristeligt Dagblad sem hann átti síðar eftir að ritstýra. „Ritstjórinn minn hafði hitt séra Friðrik [Friðriksson] og seinna náði ég sjálfur einnig að hitta þennan merka mann. Séra Friðrik var ákaflega vís maður, hafði mikil áhrif á alla sem hann hitti og og það gilti einnig um ritstjórann minn. Hann fór reyndar aldrei sjálfur til Íslands en hann sendi mig þangað.”

Þetta var árið 1957. Markmiðið með ferð Bents til Íslands var að kynnast landi og þjóð og skrifa um Ísland í Kristeligt Dagblad. Bent heillaðist af landinu og þegar hann kom heim skrifaði hann greinaflokk um Ísland. „Greinarnar voru skrifaðar undir hinni dramatísku yfirskrift: Søgueyja á atómöld,“ segir Bent og brosir út í annað og hann ítrekar að þessi fyrsta heimsókn til Íslands hafi haft gríðarlega mikil áhrif á hann.

Þegar Bent kom þessa fyrstu ferð sína til Íslands þekkti hann fyrir tvo Íslendinga. Báða hafði hann hitt í Kaupmannahöfn, annar var guðfræðiprófessor og hinn guðfræðinemi. Þetta voru þeir Sigurbjörn Einarsson, síðar biskup, og guðfræðineminn var Sigurður A. Magnússon rithöfundur. „Þessir tveir menn eru elstu íslensku vinir mínir og enn þann dag í dag er ég í sambandi við þá í hvert sinn sem ég kem til Íslands,“ sem er ekki sjaldgæfur viðburður því hingað leggur hann leið sína helst árlega, og síðan hefur íslensku vinunum heldur betur fjölgað.

Fyrsta Íslandsferð Bents A.Koch átti eftir að draga dilk á eftir sér, ekki bara fyrir Bent sjálfan heldur má leiða líkum að því að hún hafi haft veruleg áhrif á framgang handritamálsins svokallaða.

„Á þessum tíma var ég mjög upptekinn af þjóðernislegum málum í Danmörku, ég var til dæmis virkur í baráttu danska minnihlutahópsins syðst á Jótlandi. Ég var einnig tengdur lýðháskólasamfélaginu þar sem áhersla var lögð á að færeysku máli, menningu og einnig fána þeirra væri sýnd tilhlýðileg virðing. Á sama tíma stóð baráttan fyrir því að norskar mállýskur væru jafnréttháar ríkismálinu og sömuleiðis fyrir því að finnskan yrði ráðandi tungumál í Finnlandi í stað sænskunnar. Segja má að þetta hafi verið tíminn þegar Helsingfors varð Helsinki og Kristianía Ósló.“

Bent segist hafa fundið sterka samsvörun milli þessarar öldu sem stóð í Skandinavíu annars vegar og þjóðerniskenndar Íslendinga hins vegar. „Ég skildi vel þennan sterka vilja Íslendinga til að fá aftur handritin, hina áþreifanlegu sönnun þess að landið væri menningarþjóð.“

## Fyrsti danski lobbíistinn

Því var það að Bent ákvað að beita sér í handritamálinu strax eftir þessa fyrstu ferð til Íslands, og hann beitti sér af fullum þunga. Að eigin frumkvæði myndaði hann nefnd sem hafði það verkefni að semja tillögu að því hvernig þjóðirnar tvær, Íslendingar og Danir, skiptu á milli sín handritunum. „Seinni tíma sagnfræðingar hafa kallað mig fyrsta danska lobbíistann,“ segir Bent og er greinilega frekar stoltur af þeirri nafnbót. „Ég reyndi með öllum ráðum að skapa skilning á málinu og nefndin sem ég hafði myndað gerði formlega tillögu að lausn þess.“

Þessi fyrsta tillaga að lausn handritamálsins var kennd við Bent og kölluð „Det Kochske delingsforslag“ eða skiptitillaga Kochs. Nefnd Bents safnaði undirskriftum miklum fjölda virtra Dana til stuðnings tillögunni. Þessi tillaga varð þó ekki sú sem farið var eftir við endanlega skiptingu handritanna en lá engu að síður til grundvallar í þeim samningaviðræðum sem nú fóru í hönd. Meðan á vinnslu tillögu Kochs stóð hafði hann einnig kynnst fjölda íslenskra og danskra stjórnmálamanna og einnig fræðimanna og þau tengsl nýttust vel í framhaldinu. „Einhvern veginn varð ég milligöngumaður í þessum samningum, samningamaður sem leitaðist við að ná lendingu milli aðila. Það sem er ekki síður merkilegt eftir á að hyggja er að ég naut trausts beggja aðila.“

> Seinni tíma sagnfræðingar hafa kallað mig fyrsta danska lobbíistann.

Bent eignaðist góða vini meðal forystumanna íslensku stjórnarflokkanna á þessum tíma. „Hægri menn og sósíaldemókratar sátu saman í stjórn eins og nú,“ segir Bent sem greinilega fylgist enn

➜ FRAMHALD Á NÆSTU OPNU

### ➜ BENT A. KOCH



**1928** Fæddur á Amager.

**1943** Hætti á fyrsta ári í menntaskóla og gekk til liðs við andspyrnuhreyfinguna.

**1945** Blaðamaður á Morgenbladet.

**1948** Blaðamaður á Kristeligt Dagblad.

**1959** Ritstjóri Kristeligt Dagblad.

**1964** Tók við formennsku Sjóðsins fyrir danskt-íslenskt samstarf.

**1982** Ritstjóri framkvæmdastjóri Ritzau-fréttastofunnar.

**1995** Ritstjóri og framkvæmdastjóri Fyens Stiftstidende.









# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ



KOLAPORTIÐ
Góð leið til fjáröflunar





OPIÐ UM HELGINA FRÁ KL. 11-17



Aukin ökuréttind - Meirapróf

Nýlegir kennslubílar







ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD

Næsta námskeið hefst 17. október

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300





Smart Roadster-bíllinn er með blæju og Péter kveðst stundum hafa keyrt með blæjuna niðri á góðviðrisdögum í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Týnist á bílastæðunum

***Hann er smár og knár Smart Roadster-bíllinn hans Péters Szklenár. Svo er hann líka geysilega sparneytinn.***

„Mig hefur alltaf langað í tveggja manna bíl og Smart-týpan hefur heillað mig frá því ég sá hana fyrst en hún er frekar sjaldgæf hér á Íslandi. Ég keypti bílinn í sumar, hann er af árgerð 2003 og hefur alveg staðist mínar væntingar,“ segir Péter þegar hann er yfirheyrður aðeins um bílinn sinn. Segir hann framleiddan hjá Bens í Þýskalandi og inntur eftir verði svarar hann. „Smart er ekki dýr bíll miðað við til dæmis BMV. Ég held að miðað sé við að sem flestir geti keypt þá.“

Péter er á öðru ári í viðskiptafræði í Háskóla Íslands. Hann er ungverskur að uppruna en hefur átt heima hér á landi í tíu ár og talar málið lýtalaust. Hingað til hefur hann aðallega sportað sig á Smartinum á götum borgarinnar og lengstu ferðir eru í Borgarnes og Keflavík. Hann segir bílinn vekja meiri athygli en hann hafi búist við. „Ég segi ekki að allir snúi sér við en ég hef verið stoppaður af og til og spurður út í bifreiðina. Það kom mér á óvart.“

Spurður nánar um eiginleika bílsins kveðst Péter ekki hafa mikið vit á tækniatriðum. „Ég veit bara að hann eyðir mjög litlu og það er mikill kostur,“ segir hann. „Framleiðandinn gefur upp 5,1 lítra eyðslu á 100 kílómetra og ég er því svikinn um að fá að leggja ókeypis í miðborg Reykjavíkur því þar er 5 lítra hámark. Mér finnst það frekar fúlt því bíllinn minn tekur varla neitt pláss. Ég er stundum í mestu vandræðum með að finna hann á stórum bílastæðum innan um fjallajeppana.“

*gun@frettabladid.is*







Uppgötvaðu
listamanninn
í þér!

Allt til listmálunar á
15% afslætti 13.okt – 20.okt

Verkfæralagerinn

Skeifan 8 • 108 Reykjavík • Sími: 588-6090 • Fax: 588-5040 • vl@simnet.is
OPNUNARTÍMAR: Mán-Fös 09:00-18:00 • Lau 10:00-16:00 • Sun LOKAÐ

**Bílaútvarp** þykir sumum hið mesta þarfaþing á ferðalögum. Gaman getur verið að hafa líka geislaspilara til að hlusta á sína uppáhaldstónlist.




## Bílaþjónusta Magga

Viðgerðaþjónusta - Smurþjónusta - Pústþjónusta - Hjólbarðaþjónusta - Bón og þvottur
sækjum og skilum bílum frítt fyrir alla okkar þjónustu

*TILBOÐ
á umfelgun 3.495 kr. og Alþrif 5.490 kr
*tilboðið gildir út 2007

Hvaleyrarbraut 2, Hfj • Sími. 517 0350
Opið. 9-18 og 9-16 á laugardögum

## FJAÐRIR OG GORMAR Í FLESTAR GERÐIR JEPPA



Japan/U.S.A.

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

ekill ehf

## Ökunám í fjarnámi !!!!

Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.

Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is

Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólanámskeið.

**Næsta helgarnámskeið til aukina ökuréttinda byrjar 5 október á Akureyri**

Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is **ekill@ekill.is**

impex ehf
Viðurkennd vara - gott verð

## Kerrulásar

Kerrulásarnir eru komnir aftur. **Þessir sterku!**



**Viðurkenndir fyrir að vera öflug og góð þjófavörn**

Impex s: 534-5300 • impex@impex.is • impex.is


REYNSLUAKSTUR



Enginn afsláttur er gefinn af notagildi í Flexifuel-útgáfunni af Ford C-Max. Hann kom fyrst á markað árið 2003 en hefur nú fengið andlitslyftingu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

# Umhverfissamviska í akstri

***Nærtæk leið til að draga verulega úr mengun frá bílaumferð er að knýja bíla með lífrænu etanóli í stað bensíns eða díselolíu. Ford C-Max Flexifuel er þannig bíll.***

Innan nokkurra áratuga verða olíulindir heimsins þurrausnar. Jafnframt er reiknað með því að bílaeign mannkynsins muni meira en tvöfaldast fram til ársins 2030 – úr um 925 milljónum nú yfir í tvo milljarða. Ef allur þessi bílafloti á að ganga fyrir olíu og bensíni mun ganga enn hraðar á olíubirgðirnar og olíuverð hækka í samræmi við það. Að sama skapi yrði mannkyninu lítt ágengt í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda ef ekki verður stórlega dregið úr notkun jarðefnaeldsneytis í samgöngum.

Það er því ekki að undra að bílaframleiðendur eru byrjaðir að bjóða upp á bíla sem ganga fyrir öðrum og umhverfisvænni orkugjöfum en olíu og bensíni. Á meðan beðið er eftir því að rafhlöðutæknin nær því stigi að mengunarlausir rafmagnsbílar verða samkeppnisfærir – eða vetnisbílar – eru í boði bílar með hefðbundnum sprengihreyflum sem ganga fyrir eldsneyti sem mengar miklu minna en bensín. Um nokkurt skeið hafa bílar sem ganga fyrir jarð- eða metangasi verið í umferð, meðal annars hér á landi, en aðalgallinn við þá er að stór gaskútur tekur mikið af farangursrýminu og áfyllingarstöðvar eru mjög fáar (aðeins ein hér á landi).

Fljótandi lífeldsneyti hefur marga kosti fram yfir lífrænt gas, séð frá sjónarhóli neytandans. Það er af þessari ástæðu sem líf-etanól – unnið úr lífmassa sem til fellur í landbúnaði – hefur náð afgerandi forystu á markaðnum fyrir umhverfisvæna bíla. Í Brasilíu hafa þeir um árabil verið markaðsráðandi. Í Svíþjóð sækja etanólbílar hratt á og eru nú komnir um 80.000 slíkir bílar á göturnar þar í landi. Um þessar mundir er verið að opna eitt þúsundustu E85-eldsneytisstöðina í Svíþjóð, en E85 er alþjóðlega heitið á lífetanóli sem blandað er bensíni, 85 prósent etanól en 15 prósent bensín.

Brimborg, umboðsaðili Ford, Volvo og Citroën, og Olís hafa nú hafið innflutning E85-eldsneytis og bíla sem ganga á því. Fréttablaðið reynsluók Ford C-Max Flexifuel, öðrum tveggja bensín/etanól-tvíorkubíla sem Brimborg hefur nú flutt inn til að kynna þessa tækni hér á landi.

Aðalkosturinn við að knýja bíl með E85 í stað bensíns er að koltvísýringsútblástur telst vera allt að því 80 prósent minni. Þar sem etanólið hefur minna orkugildi á hvern lítra eldsneytis en bensín eyðir Flexifuel-vélin meiru þegar hún gengur á E85 og munar þar samkvæmt mælingum í reynsluakstri erlendis allt að 30 prósentum. Hvort etanólbílar verða samkeppnisfærir á markaðnum hérlendis veltur því að mestu á því hvernig stjórnvöld ákveða að haga skattheimtu af lífetanól-eldsneytinu. Í Svíþjóð kostar lítrinn af E85 sem svarar um 80 krónum en bensín 110-120 krónum, sem gerir að verkum að þótt nærri þriðjungi meira þurfi af E85 en bensíni til að knýja bílinn þá er það samt ódýrara. Og ekki síst: samviskan er hreinni.

Í C-Max Flexifuel-bílnum er hin vel þekkta 1,8 lítra Duratec-bensínvél frá Ford. Í Flexifuel-útgáfunni er bíllinn útbúinn eldsneytisgeymi, leiðslum og innspýtingu sem betur þolir tæringu, þar sem meira vatnsinnihald er í etanólinu en bensíni. Í tvíorku-útgáfunni er einnig öflugri vélartölva, sem nemur sjálfkrafa hvers konar eldsneyti kemur inn á vélina og stillir eldsneytisdælinguna og innspýtinguna í samræmi við það. Ökumaður verður ekki var við neinn mun. Í notkun finnst sem sagt enginn munur á Flexifuel-útgáfunni og venjulegum bensínbíl.

C-Maxinn, sem er svokölluð „rýmisbíls“-útgáfa af Ford Focus (en er nú ekki lengur kenndur við Focus-fjölskylduna), er lipur og notadrjúgur fjölskyldubíll.



Flexifuel-vélin í Ford C-Max gengur bæði fyrir bensíni og líf-etanóli. Koltvísýringsútblástur dregst saman um allt að 80 prósent þegar hún gengur á etanóli.



Hreinni útblástur – hreinni samviska.

### FORD C-MAX FLEXIFUEL

**Vél:** 4 str. línu, 1,8 Duratec tvíorkuvél bensín/etanól
**Afl:** 125 hö/165 Nm
**Gírk.:** beinskiptur 5 gíra
**Drif:** framan
**Þyngd:** 1.375 kg
**Lengd:** 4.372 mm
**Breidd:** 1.825 mm
**Hæð:** 1.588 mm
**Stærð farangursr.:** 550 l/stækkanl. í 1620 l.
**Verð:** Óákveðið
**Umboð:** Brimborg

Undirritaður kann að vísu ekki að meta eitt helsta hönnunareinkenni rýmisbílanna, sem er mjög áberandi á C-Maxinum, en það er að A-póstarnir eru teygðir út á mitt húdd svo að framrúðan er mjög langt frá ökumanni og póstarnir skyggja á útsýni hans. Og jafnvel þótt setið sé hátt í bílnum, rúður stórar og útsýni þar með almennt gott, sér ökumaður ekki fram á húddbrún, sem spillir skynjuninni fyrir ytri mörkum bílsins sem er ókostur til dæmis þegar lagt er í stæði.

Um C-Maxinn gildir annars það sama og um Focusinn, þar fer lipur bíll sem sýnir skemmtilega akstursseiginleika í borgarumferð og á þjóðvegum. Ódýrt verkandi plast í mælaborði og innanrými dregur nokkuð niður tilfinninguna fyrir gæðum, en hönnun og frágangur er annars hinn ágætasti. Aðalsmerki C-Max er auðveld umgengni, fjölhæfni og notagildi. Meðal staðalbúnaðar er nú ESP-stöðugleikakerfi og 6 loftpúðar.

Þar sem stjórnvöld hafa ekki tekið ákvörðun um hvort etanólbílar skuli njóta afsláttar af aðflutningsgjöldum eins og aðrir umhverfisvænir bílar liggur ekki fyrir að svo stöddu hvað Ford C-Max Flexifuel mun kosta. Ef enginn afsláttur skyldi fást af aðflutningsgjöldunum yrði hann samkvæmt upplýsingum frá Brimborg á bilinu 60-80.000 krónum dýrari en bensínútgáfan af bílnum með sömu vél, 1,8 Duratec. Listaverð á honum er 2.380.000 kr. *audunn@frettabladid.is*



Nýr Ford Mondeo er töluvert breyttur frá fyrri útgáfu.

# Frumsýning á Ford Mondeo

***Brimborg frumsýnir í dag nýjan Ford Mondeo.***

Ford Mondeo hefur tekið töluverðum breytingum frá fyrri útgáfu bæði að útliti og gæðum. Bíllinn hefur komið vel út í öryggisprófunum EuroNCAP og hlaut 92 stig í heild. Vélin er af nýrri kynslóð 2,0 lítra common rail dísilvéla með forþjöppu sem skilar 130 hestöflum og 320 Nm togi. Dísilvélin eyðir við blandaðan akstur 7,1 lítra á hundraðið með sex þrepa sjálfskiptingu.

Brimborg frumsýnir bílinn í dag, laugardag, milli klukkan 12 og 16 í Reykjavík og Akureyri. Léttar veitingar verða í boði og reynsluakstursbílar á staðnum. Þá mun söngvarinn Jónsi troða upp milli klukkan 14 og 15 í Reykjavík.








EIGENDASKIPTI
ÖKUTÆKJA Á VEFNUM

Umferðarstofa, í samstarfi við Glitni og Kaupþing, býður nú þann möguleika að tilkynna eigendaskipti og ganga frá skráningu meðeigenda og umráðamanna bifreiða með rafrænum hætti á vef Umferðarstofu.

**Kynntu þér þessa einföldu og þægilegu nýjung á www.us.is.**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 07-0841

www.us.is

UMFERÐARSTOFA GLITNIR

ALVÖRU MÓTORHJÓL Á ÓTRÚLEGU VERÐI

HAUST RÝMINGARSALA TIL 17. OKT.





Mikið úrval notaðra eðalhjóla flutt inn milliliðalaust frá USA. Kynntu þér úrvalið, kíktu á heimasíðu okkar **www.motors.is** eða komdu í heimsókn á **Laugaveg 168**. Það hefur aldrei verið jafn auðvelt og ódýrt að láta drauminn rætast. Til 17. október stendur yfir rýmingarsala og hér að neðan má sjá nokkur dæmi um úrvalið og góða verðið. **Verslunin er opin frá kl. 12-18 virka daga** og 12-16 laugardaga. Í tilefni af haustrýmingarsölu er **einnig opið sunnudaginn 14. okt. frá kl. 12 - 16.**

MOTORS

Vélhjólaverslun ::: Laugavegi 168 ::: Sími 511 2121

| Tegund | Módel | Árgerð | Ekið mílur | Verð | Afsláttarverð | AFSLÁTTUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| TRIUMPH | DAYTONA 650 | 2005 | 2683 | ~~1.000.000 kr.~~ | 880.000 kr. | 120.000 kr. |
| DUCATI | MONSTER 900 METALLIC | 2001 | 4920 | ~~850.000 kr.~~ | 750.000 kr. | 100.000 kr. |
| HARLEY-DAVIDSON | FXDWG DYNA WIDE GLIDE | 2005 | 8194 | ~~1.980.000 kr.~~ | 1.750.000 kr. | 230.000 kr. |
| HARLEY-DAVIDSON | FXSTI SOFTAIL | 2004 | 6768 | ~~1.700.000 kr.~~ | 1.480.000 kr. | 220.000 kr. |
| BUELL | XB12R FIREBOLT | 2005 | 4490 | ~~1.350.000 kr.~~ | 1.050.000 kr. | 300.000 kr. |
| HARLEY-DAVIDSON | FXD DYNA SUPER GLIDE | 2003 | 25433 | ~~1.450.000 kr.~~ | 1.230.000 kr. | 220.000 kr. |
| HARLEY-DAVIDSON | FXDWGI DYNA WIDE GLIDE | 2006 | 9249 | ~~2.200.000 kr.~~ | 1.880.000 kr. | 320.000 kr. |
| BIG DOG | MASTIFF | 2002 | 600 | ~~2.500.000 kr.~~ | 2.100.000 kr. | 400.000 kr. |
| BUELL | BLAST | 2002 | 4188 | ~~450.000 kr.~~ | 380.000 kr. | 70.000 kr. |

| Tegund | Módel | Árgerð | Ekið mílur | Verð | Afsláttarverð | AFSLÁTTUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| BUELL | XB9R FIREBOLT | 2006 | 477 | ~~1.200.000 kr.~~ | 980.000 kr. | 220.000 kr. |
| HARLEY-DAVIDSON | FXDWGI DYNA WIDE GLIDE | 2005 | 3673 | ~~2.200.000 kr.~~ | 1.890.000 kr. | 310.000 kr. |
| ULTRA CY | GROUND POUNDER | 2000 | 7267 | ~~1.900.000 kr.~~ | 1.550.000 kr. | 350.000 kr. |
| HARLEY-DAVIDSON | FXSTDI SOFTAIL DEUCE | 2005 | 920 | ~~2.550.000 kr.~~ | 2.100.000 kr. | 450.000 kr. |
| HARLEY-DAVIDSON | FXSTDI SOFTAIL DEUCE | 2004 | 4844 | ~~2.400.000 kr.~~ | 1.960.000 kr. | 440.000 kr. |
| HARLEY-DAVIDSON | FXDWG DYNA WIDE GLIDE | 2003 | 15900 | ~~1.800.000 kr.~~ | 1.550.000 kr. | 250.000 kr. |
| HARLEY-DAVIDSON | FXSTBI NIGHT TRAIN | 2006 | 6900 | ~~2.100.000 kr.~~ | 1.800.000 kr. | 300.000 kr. |
| HARLEY-DAVIDSON | FXDLI DYNA LOW RIDER | 2004 | 15379 | ~~1.650.000 kr.~~ | 1.450.000 kr. | 200.000 kr. |
| HARLEY-DAVIDSON | FXDX SUPER GLIDE SPORT | 2004 | 4812 | ~~1.600.000 kr.~~ | 1.400.000 kr. | 200.000 kr. |



**Kaffi** er í tísku. Það er ekki óalgeng sjón að sjá fólk arkandi um með kaffimálin sín eða sitja á kaffihúsum borgarinnar að ræða heimsmálin.








Hugrún með hringinn góða. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Norrlandsbátur frá norsku guttunum

***Hugrún Ívarsdóttir, listakona á Akureyri, á nokkra skartgripi sem henni þykir mikið til koma.***

„Ég á í vandræðum með að velja og segi því eins og sagt er í þekktri auglýsingu: „Það er bæði best,“ nema hvað hjá mér er um þrennt að velja,“ segir Hugrún hlæjandi þegar hún er beðin að sýna eftirlætis skartgripinn sinn og segja sögu hans. Hún á einn sem henni þykir vænst um og annan sem hún ber oftast en sá sem kom óvæntast upp í hendur hennar verður fyrir valinu.

„Ég var fyrir nokkrum árum búsett í Norður-Noregi og fór þar á útskurðarnámskeið hjá norska heimilisiðnaðarfélaginu. Ég bjó afskekkt á litlum stað og var langyngst í hópnum sem einkum samanstóð af herramönnum um áttrætt. Ég kallaði þá guttana mína. Á fyrsta afmælisdeginum eftir að ég flutti heim birtist pakki og í honum var hringur frá guttunum. Þeir höfðu efnt til samskota í félaginu því þeir vildu endilega að ég ætti eitthvað til minningar um þá. Pakkinn kom virkilega á óvart og mér þykir mjög vænt um hringinn fyrir vikið. Hann er líka táknrænn fyrir svæðið sem ég var á því á honum er svokallaður Norrlandsbátur.“ *- gun*



Hringurinn er táknrænn fyrir svæðið sem Hugrún dvaldi á í Noregi.






# Dularfullir leikir Lancôme

Haust og vetrarlína Lancôme einkennist af dulúð og dökkum litum. Austurlandahraðlestin mun vera útgangspunkturinn í haustlínunni frá Lancôme þennan veturinn en yfir henni hefur ávallt hvílt ákveðin dulúð og er það ekki síst Agöthu Christie að þakka.

Gucci Westman Neville er alþjóðlegur förðunarmeistari Lancôme en hún hannar árstíðarförðunarlínur fyrirtækisins og Mystery Game, en svo kallast línan á ensku, er sú sjöunda sem Gucci hannar fyrir Lancôme. Það var franskur hönnuður, Alexis Mabille, sem hannaði Destiny Cube-teninginn með spilavíti hraðlestarinnar í huga. *- mhg*



Töfrateningurinn inniheldur tvo augnskugga og tvo varaliti. Skemmtilegar og öðruvísi umbúðir.



Allar varir verða munúðarfullar með þessu glossi sem endist vel og fæst í þægilega náttúrulegum lit.



Baume Baiser er rakagefandi varagljái sem ilmar af vanillu og kemur í skemmtilega öðruvísi umbúðum.



Djúp-vínrauður varalitur fyrir tálkvendi Austurlandahraðlestarinnar.

Rúmgott og smart snyrtiveski í purpurarauðum lit sem fellur vel að dulúðinni.

Tvöfaldir augnblýantar gefa augnförðuninni skemmtilega vídd, Khôl Oriental Duo.

Djúp-vínrauður varablýantur í stíl við varalitinn.


**Kodda** getur verið gott að hafa með sér á ferðalögum eða ferðakodda sem leggjast um hálsinn og hægt er að halla höfðinu á. Þeir eru mjög hentugir og meðfærilegir á ferðalögum.


Signal Hill er þekkt kennileiti í St. John's.

# Nýr og gamall heimur mætast

***St. John's á Nýfundnalandi er litrík og lífleg borg sem á sér merka sögu. Þar er hagstætt að versla, heimamenn eru gestrisnir og hótelin fyrsta flokks. Tvær ferðir eru fyrirhugaðar þangað á vegum Hópferðamiðstöðvarinnar TREX í nóvember.***

St. John's á Nýfundnalandi í Kanada er nútímaleg borg á stærð við Reykjavík. Hún á sér ríka sögu sem ein mikilvægasta hafnarborg á austurströnd Norður-Ameríku og er töfrandi blanda gamla og nýja heimsins sem birtist í aðlaðandi byggingastíl og menningu. Meðal annars eru keltnesk áhrif mjög ríkjandi.

Líklega er vandfundin sú borg sem betra er að versla í en í St. John's og þar fyrir utan uppfyllir hún þær kröfur sem ferðamaðurinn sækist eftir í borgarferð, fyrsta flokks hótel, veitingastaði, spennandi afþreyingu og margt sem kemur á óvart. Andrúmsloftið er afslappað og gestrisni íbúanna einstök.

Haustferðir til St. John's hafa verið farnar undanfarin ár á vegum TREX. Að sögn Kristjáns Baldurssonar hjá TREX hafa það verið vinsælar skemmti- og verslunarferðir. „Margir hafa farið aftur og aftur en ferðirnar eru þó ekki síður fyrir þá sem vilja kynnast nýjum og spennandi ferðamöguleikum í borgarferðum," segir hann.

Að þessu sinni verða tvær ferðir á vegum TREX til St. John's. Sú fyrri er frá 17.-21. nóvember og sú síðari 21.-26 nóvember. Farið er í beinu leiguflugi með Boeing 757-200 og flugtíminn er aðeins 3-3,5 klst.

Í boði er gisting á þremur glæsilegum hótelum, Fairmont Newfoundland, Marriot sem er nýtt hótel í miðbænum og Holiday Inn sem er stutt frá. Dæmi um verð með sköttum er kr. 62.800 á mann miðað við tvo á Holiday Inn, kr. 67.400 á Marriot og kr. 71.900 á Fairmont (fjórar nætur). Möguleiki er að tengja saman ferðirnar og dvelja í St. John's frá 17.-26. nóvember eða í níu daga.

Í boði eru skoðunarferðir um borgina og nágrenni hennar, meðal annars á útsýnisstaðinn Signal Hill, til Cape Spear á austasta odda Norður-Ameríku. Einnig í jólahúsið og verslunina Aldenberry Blum. Í seinni ferðinni er árleg jólaskrúðganga í St. John´s sem gaman er að fylgjast með.

„Í Kanada finnst varla annars staðar jafn lifandi menning og í St. John's, er birtist í leikhúslífi, tónlist og hátíðarhöldum, segir Kristján og bætir því við að fyrir árshátíðarhópa eða aðra sem þess óska sé hægt að útvega góða samkomusali.

Nú gefst Kanadamönnum færi á að kaupa flugsæti frá St. John's til Íslands og hafa ýmsir hug á að nýta sér það flug að sögn Kristjáns. Nánari upplýsingar eru á www.info@trex.is.

*gun@frettabladid.is*


St. John's séð frá Signal Hill.


GISTING Í HÖRPUHÚSI
Gisting í Kaupmannahöfn
Hús á góðum stað í Kaupmannahöfn til leigu til styttri eða lengri tíma. Frábært gisting fyrir fjölskyldur og smáa hópa – gistiaðstaða fyrir allt að 8 manns.
Nánari upplýsingar í síma 822-3890 eða harpa@surprizetravel.is.
Sjá einnig upplýsingar á http://surprizetravel.is/gistingdk.html

Dansk
Julefrokost 2007
í Danmörku
Flugfar og gisting
Julefrokost með skemmtun og dansi
Frekari upplýsingar á www.fylkir.is
Sími 456 3745
fylkir.is
Ferðaskrifstofa
Bestir í Danmörku

Gönguskór

Jahti Jakt
Premium Hunting
kr 12.500

Jahti Jakt
Cordura skór
kr 10.500

Vatnsheldir leðurskór
með öndun
kr 9.500

Jahti Jakt Pro
Hunter
kr 9.500
Icefin
Nóatún 17
s: 534 3177
www.icefin.is

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


Áramótaferð til
Pétursborgar og Moskvu
28. desember 2007 - 5. janúar 2008
Einstök áramótaferð til Rússlands þar sem okkur gefst tækifæri til að skoða frægustu borgir þessa stórbrotna lands. Við fljúgum til Helsinki og gistum þar í eina nótt áður en haldið er til Pétursborgar, sem án efa er miðstöð menningar og lista, en margir telja borgina eina af þeim fallegustu í heimi. Gistum í Pétursborg í 4 nætur og skoðum það markverðasta s.s. Vetrarhöllina, St. Isaccs dómkirkjuna, höll Katrínar miklu í Pushkin og upplifum kvöldverð að rússneskum sið með drykkjum í Podvorija. Við kveðjum árið með notanlegum kvöldverði í Pétursborg og síðan verður sérstakur nýárskvöldverður ásamt dansleik. Tækifæri gefst til að fara á tónleika áður en haldið er með næturlest til höfuðborgarinnar þar sem gist er í 2 nætur. Moskvuborg með sínum vetrarsjarma mun bjóða okkur velkomin en þar bíður okkar skoðunarferð um Kreml, Rauðatorgið, Tretjakov listasafnið og margt fleira. Saga Rússlands er heill heimur ævintýra og um leið og við skoðum markverðar byggingar og söfn skyggnumst við inn í þá veröld. Eftir ánægjulega daga er síðan haldið heim með beinu flugi frá Moskvu til Íslands.
**Fararstjóri: Pétur Óli Pétursson**
**Verð: 189.800 kr.**
Spör - Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir
ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR
www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR

Kanarí
4. des.
15 nætur
Sértilboð á Dorotea, Liberty og Roque Nublo
- frábær staðsetning!

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum 4. desember í 15 nætur á frábæru sértilboði. Bjóðum frábær sértilboð á Dorotea og Liberty, tveimur af allra vinsælustu gististöðum okkar á Kanarí. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað við góðan aðbúnað.
Verð frá kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. 2-5 í búð á Dorotea 4. des. í 15 nætur. Gisting á Liberty og Roque Nublo kostar kr. 5.000 aukalega.
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

# hús&heimili

LAUGARDAGUR 13. OKTÓBER 2007



HÖNNUN

## Í lausu lofti

LEIRLIST

## Japönsk og íslensk áhrif

INNLIT

## Hörður Torfa í miðbænum

FRÉTTABLAÐIÐ




Felliveggir

Hreifanlegir veggir sem opna nýja vídd.
Glæsileg og vönduð lausn. Mikil hljóðeinangrun.
Klæðskerasniðin fyrir öll rými.

MULTIWAL

Ál er okkar mál

ÁLTAK

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is

bazooka!!

## ● HITANÆMT VEGGFÓÐUR

Veggfóðrið á myndinni er hannað af fyrirtækinu Shiyuan. Það er hitanæmt og því birtast útsprungin blóm þegar kveikt er á ofninum við vegginn. Sniðugt.

http://www.shiyuan.co.uk/



## hönnun



### ● SNIÐUGT FRÁ UMBRA

Fyrirtækið Umbra er vel þekkt fyrir fylgihluti á heimilinu. Það selur þó einnig húsgögn og má þar finna ýmsa skemmtilega hönnun.

Hillan hér til hliðar er eftir Matt Carr og er hluti af U+ línunni. Carr fékk hugmyndina að hillunni þegar hann fann tvö antík sófaborð. Úr þeim bjó hann til hillu fyrir heimili sitt en nú hefur hönnunin verið framleidd fyrir Umbra.

Önnur sniðug hönnun frá Umbra er tímaritaborð eftir Satinu Turner. Í sófaborðinu eru raufir sem hægt er að stinga tímaritum inn í og er það því bæði góð geymsla og flott hönnun.



● **Forsíðumynd:** Gunnar V. Andrésson tók myndina á heimili Harðar Torfasonar tónlistarmanns. **Útgáfufélag:** 365 - miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason og Ásta Bjartmarsdóttir s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



**Ingunn saumaði sjálf út í píanóstólinn. „Það tók tvær meðgöngur," segir hún.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Keypti sér píanó sjö ára

● Fagrir munir og myndir prýða heimili Ingunnar Jensdóttur myndlistakonu og leikstjóra. Einn hlutur er henni kærari en flestir. Það er píanóið sem hún keypti þegar hún var sjö ára.

„Ég safnaði mér fyrir píanóinu," segir Ingunn. „Afi var haukur í horni og gaf mér alltaf aur þegar hann kom í bæinn frá Bíldudal. Ég var nefnilega alnafna ömmu minnar sem hann var búin að missa og hann lét mig njóta þess."

Ingunn kveðst hafa farið að læra á hljóðfærið fljótlega eftir að hún fékk það, enda svo heppin að píanókennarinn Hermína Kristjánsson bjó í næsta húsi. „Svo leigðu góðir frændur hjá foreldrum mínum sem voru miklir djassarar og þeir kenndu mér sitthvað sem ég gat tileinkað mér. Ég gat því fljótlega spilað eftir eyranu og greip lögin upp úr útvarpinu."

Píanóið er tékkneskt og viðurinn í því er hnota. Ingunn segir það alltaf hafa staðið í stofunni hennar eftir að hún fór að búa. Meðal annars á Hornafirði, Hvolsvelli og nokkrum stöðum í Reykjavík. Píanóbekkurinn er stór og glæsilegur og Ingunn sá um útsauminn á áklæðinu. „Það tók tvær meðgöngur," segir hún hlæjandi. Uppi á hljóðfærinu eru trúðar sem hún hefur safnað um árin og tengjast leiklistaráhuganum. „Ein vinkona mín spurði mig einhvern tíma hvernig ég gæti haft allt þetta dót hér inni. Mér varð svarafátt. Þetta er bara mín saga og hluti af minni tilveru. Nú er tíska að hafa ekkert í kringum sig en mér finnst hún kuldaleg," segir Ingunn einlæg.



**Uppi á píanóinu eru trúðar sem Ingunn hefur safnað í gegnum tíðina og tengjast leiklistaráhuganum.**

Ingunn er alltaf að mála og í sumar sýndi hún í Jónshúsi í Kaupmannahöfn. Myndir hennar hanga nú uppi á Kaffi Mílanó í Faxafeni, bæði vatnslitamyndir og akrýlmyndir með tjulli. Hún veltir fyrir sér hvort orðið tjúllað sé komið af tjulli. „Þetta eru að minnsta kosti tjullaðar myndir," segir hún glaðlega.

*gun@frettabladid.is*




GÆÐI
GÓÐ VERÐ
ÞJÓNUSTA
ÚRVAL
ÞEKKING
Veldu það besta!
VELDA
Nýjar glæsilegar leðurhúsgagnalínur
Frí þrýstijöfnunarmæling sem greinir hvaða dýna hentar þér best
Rafmagnsrúm í úrvali
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Fallegir svefnsófar með góðum dýnum
SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI
Dalsbraut 1
Svefn & heilsa
AKUREYRI
EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR
Listhúsinu Laugardal
Svefn & heilsa
REYKJAVÍK
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00
www.svefn.is














**PAPPÍRSAFGANGAR GÆÐDIR LÍFI** Hönnuðinum Jens Praet blöskraði svo hið ótrúlega magn pappírs sem fer til spillis á skrifstofum á hverjum degi að hann ákvað að gæða hann nýju lífi. Úr varð hirslan sem ber nafnið „one day paper waste“ eða eins dags pappírsafgangur, sem Praet bjó til úr pappírsafgöngum. Hirslan er framleidd fyrir fyrirtækið Droog design. www.droogdesign.nl





**Mikil áhersla var lögð á fundaraðstöðu fyrir starfsfólk og viðskiptavini fyrirtækisins. Í húsinu er einn fullkomnasti ráðstefnusalur landsins með sæti fyrir 178 manns.**

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Þjónar þörfum bankans

● Kaupþing hf. tók fyrir skömmu í notkun nýtt og glæsilegt húsnæði í Borgartúni 19. Mikil áhersla var lögð á að skapa heildarhúsnæði sem hæfir fyrirtæki eins og Kaupþingi.

Þessi nýja viðbygging við höfuðstöðvar Kaupþings sem og eldri hluti hússins er hönnuð af teiknistofunni Tark undir stjórn Ásgeirs Ásgeirssonar. Tark hefur séð um heildarhönnun hússins bæði að utan sem innan og aðstoðað við val á húsgögnum.

Hugmyndafræðin bak við hönnun hússins er að skapa betri aðstöðu fyrir Kaupþing og starfsfólk þess. Mikil áhersla var lögð á að bæði nýrri og eldri hluti hússins yrðu að einni heild með aðkomu sem hæfir fyrirtæki eins og Kaupþingi. Auk þess var áhersla lögð á að skapa gott rými fyrir starfsfólk með tilliti til hljóðvistar, lýsingar og aðstöðu. Fundaraðstaða fyrir starfsfólk og viðskiptavini fyrirtækisins skipti einnig miklu máli í hönnun hússins. Allt efnisval er í hæsta gæðaflokki og allur frágangur fágaður. Annars látum við myndirnar tala sínu máli.

*hrefna@frettabladid.is*



**Þessi fundarherbergi vekja athygli en þau virðast svífa í lausu lofti. Þau eru í glerkassa sem hangir neðan úr þaki hússins og liggja glerbrýr að þeim.**



**Í miðrýminu er frístandandi sex metra há glerplata sem stendur upp á endann og niður hana rennur vatn.**



# Undirstaða ánægju.



Hästens

since 1852

Hästens verslunin í Reykjavík • Virka daga 11-18 • Laugadaga 11-16 • Grensásvegi 3 • Reykjavík • 581 1006 • www.hastens.is

Hugtök Okt 07



Tónlistarmaðurinn er hæstánægður með heimilið sitt sem sambýlismaður hans, Massimo, hannaði nánast frá grunni.



Vinnuaðstaða er inn af stofunni fyrir Hörð og Massimo þar sem þeir sinna verkefnum sínum í arkitektúr og tónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íbúðin öll í uppáhaldi

Tónlistarmaðurinn Hörður Torfason og sambýlismaður hans, Massimo Santanicchia arkitekt, hafa búið sér fallegt heimili við Njálsgötuna þar sem alllt er stílhreint og í mínímalískum stíl.

„Massimo hannaði þetta allt saman," segir Hörður en þeir hafa búið í tvö og hálft ár í íbúðinni. „Við keyptum ris, rifum allt út og byggðum allt upp á nýtt. Við opnuðum loftið alveg upp í rjáfur en áður hafði verið lágt til lofts inni í íbúðinni. Svo settum við inn nýtt gólf, nýtt loft og nýja veggi," bætir hann við.

Gólfið er unnið á sérstakan hátt og með mjög óhefðbundu gólfefni. „Við flotuðum gólfið og fengum svo bílasprautunarmann til að sprauta það fyrir okkur og það er í átta litum. Bláminn í íbúðinni er tekinn frá útsýninu en við erum með mjög gott útsýni yfir Kollafjörðinn, Esjuna og Akranes," segir Hörður og útskýrir að Massimo hafi dregið blámann inn í íbúðina með því að setja bláa litinn á gólfið. Spurður hvað sé í uppáhaldi hjá honum á heimilinu, segir Hörður: „Íbúðin öll. Það er unaðslegt að búa þarna. Íbúðin er stílhrein og má segja spartönsk því það er fátt inni í henni. Við erum báðir mjög hrifnir af einföldum lífsstíl í stað þess að fylla allt af einhverju dóti og við söfnum ekki dóti."

Hörður segist hvergi annars staðar vilja vera en í miðbænum þar sem hann geti gengið allra sinna erinda. „Við eigum bíl en notum hann sem allra minnst," segir tónlistarmaðurinn Hörður. *sigridurh@frettabladid.is*



Hörður og Massimo eru báðir með græna fingur og hafa gaman af að rækta plöntur. Gólfið í íbúðinni er sprautað í átta litum af bílasprautunarmanni.



Skemmtilegt horn þar sem viðurinn í kamínuna er geymdur. Bonsai-tréð er eitt margra plantna á heimilinu og myndin fyrir ofan er vatnslitamynd sem Hörður málaði sjálfur árið 1979.

# ÞÚ KEMST EKKI UPP MEÐ ÞETTA!

3 LEIKÁRIÐ Í RÖÐ!

## VILTU FINNA MILLJÓN?

EFTIR RAY COONEY

„EINVALALIÐ GRÍNLEIKARA FER Á KOSTUM“ FRÉTTABLAÐIÐ

„HLÁTURGUSUR ÁHORFENDA LYFTU NÁNAST ÞAKI LEIKHÚSSINS“ DV

„ÁHORFENDUR VELTUST HREINLEGA UM ÚR HLÁTRI“ BLAÐIÐ



## LEIKHÚSMIÐI Á 1000 KALL

Vissir þú að ef þú ert **undir 25 ára aldri eða námsmaður** þá færðu leikhúsmiðann á 1000 kall.* Nýttu þér þetta einstaka tækifæri og veldu úr þeim **fjölmörgu sýningum** sem í boði eru í Borgarleikhúsinu.**

*Gildir á sýningar Leikfélags Reykjavíkur, sé miðinn keyptur sýningardag, ekki er hægt að bóka miðann fyrirfram og ekki á netinu. **Gildir ekki á Ladda og barnasýningar.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

# Japönsk og íslensk áhrif

Leirkerasmiðurinn Helga Unnarsdóttir er um þessar mundir heilluð af hinni japönsku ragú-brennslu sem hún notar til að móta fallega muni á vinnustofu sinni í Breiðholti. Þangað kemur einnig fólk og fylgist með því sem hún er að gera hverju sinni.


Egg frerans eru flott.


Frerar er nafnið sem Helga gefur þessum fuglum.


Brestur heitir þetta listaverk.


Skálin ber heitið Snjór.

Í Rangárselinu í Reykjavík er vinnustofa leirkerasmiðsins Helgu Unnarsdóttur. Um þessar mundir ber þar mest á munum sem gerðir eru með hinni japönsku aðferð ragú.

„Hlutirnir verða til í mínum eigin höndum og eru hannaðir af sjálfri mér. Þannig er allt unnið frá grunni,“ segir Helga þegar hún er heimsótt. „Ég sérhæfi mig ekki í neinu sérstöku en nú er ég dálítið heilluð af ragú-brennslunni eins og sjá má,“ bætir hún við og bendir á hluti í kringum sig. Hún kveðst hafa lært ragú-aðferðina í Myndlista-og handíðaskólanum og einnig í Ungverjalandi. Reyndar hafi hún unnið lokaverkefni sitt með þeirri tækni árið 1999. „Þó svo aðferðin sé aldagömul í Japan þá var hún nokkuð nýtilkomin hér á Íslandi þá,“ segir hún og lýsir aðferðinni lauslega. „Fyrst er gripurinn brenndur í 900 gráðu heitum ofni og síðan með kósangasi þannig að sprungur myndist. Þá er honum hent í sag sem verður að sóti í sprungunum.“ Hún kveðst vera með aðstöðu til ragú-brennslunnar austur á Eyrarbakka en frekari meðhöndlun munanna eigi sér stað á vinnustofunni í Rangárselinu. Þangað komi fólk oft og fylgist með því sem hún sé að gera. *-gun*


Helga Kristín hefur alltaf nóg við að vera á vinnustofunni og þangað fær hún líka gesti í heimsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






**GLER OG VIÐUR** Ungi sænski hönnuðurinn Karl Oskar Karlsson sameinar gler og við í fallegum verkum sínum. Þessi undurfallegi vasi er eitt af sköpunarverkum hans. Meira á vefsíðu hönnuðarins www.karloskar.net



## á veggi



**EPLABAKA** Belgíska fyrirtækið Applepie design útbýr hina margvíslegustu stensla og þar er að finna ótrúlegt safn af fallegum og skemmtilegum formum. Stenslar sem henta bæði í svefnherbergi, stofur, baðherbergi og í herbergi barnanna. www.applepiedesign.be




MOSFELL
KERTO LÍMTRÉ
Finnsk gæðavara
Létt og meðfærileg
Hátt brunaþol
Hæð eftir óskum
Lengd allt að 23 m.
Alltaf til á lager
16% meira eldþol
20% meira brotþol
BYKO
Söluaðilar um allt land
HÚSASMIÐJAN
KERTO LÍMTRÉ býður upp á ýmsa möguleika.
KERTO LÍMTRÉ er frá Finnlandi og hefur verið á markaði á Íslandi frá árinu 1981.
KERTO LÍMTRÉ er það hagkvæmasta og besta sem notað er sem burðarbitar.
KERTO LÍMTRÉ getur sparað verulega fjármuni í burðarvirki þar sem þaksperrur fara yfir 5 metra í lengd, þá er notað KERTO LÍMTRÉ í stað hefðbundinna þaksperra og losnað við burðarbita og súlur.
Einnig er KERTO notað í milliveggjastoðir.
KERTO LÍMTRÉ, eitt það besta í tré, til nýbygginga og viðhalds.
TM MOSFELL EHF • HOLTSBÚÐ 93 • SÍMI 566 6606 • FAX 566 6619 • MOSFELL@MOSFELL.IS • WWW.MOSFELL.IS




# Sniðugt sílíkon, hagnýt fegurð

● Margir kannast við orðatiltækið um að „það sé margt í mörgu“ og á það svo sannarlega við hér. Sílíkon er til ýmissa hluta nytsamlegt og er notað í mun fleira en brjósta- og varastækkanir. Við fundum nokkra skemmtilega hluti úr sílíkoni sem prýtt geta heimilið og nýst við dagleg störf. Hlutirnir fást allir í Húsgagnahöllinni og koma frá danska vörumerkinu Zone sem framleiðir mikið af sílikonvörum.










**1. Sápuflaska** sem auðvelt er að kreista sápuna úr. Hægt að nota bæði fyrir uppþottalög, sápu eða hvað sem manni dettur í hug. Fæst í fimm litum: svörtum, bláum, rauðum, gráum og túrkis. 2.890 kr.

**2. Sílíkonhúðaðir salt- og piparstaukar** með segli í miðjunni sem heldur þeim saman. Sílíkonhúðin gefur betra grip. 2.380 kr.

**3. Pottaleppar** með sérstaklega góðu gripi og stálhanka á vegginn. Auðvelt að þrífa undir volgu vatni. Fæst í sömu fimm litum og sápuflaskan. 2.480 kr.

**4. Kolkrabbasápudiskur** úr sílikoni. Stöðugur og auðvelt að þrífa. Fæst í ýmsum litum á 690 kr.

**5. Sílíkonsleikja.** Fæst í ýmsum litum og kostar 290 kr.

**6. Stórsniðug lausn** til að halda eldhúsvaskinum snyrtilegum. Sílíkonbox með glerflösku fyrir uppþvottalöginn, bursta með handfangi úr burstuðu stáli og tuskuhengi. Fæst í fleiri litum og kostar 4.980 kr. Tuskan er á 350 kr.








NÝTT




Flísabúðin kynnir

Nýtt á Íslandi!

Fljótandi hljóðeinangrun.

PCI Nanosilent®

- Auðvelt í notkun.
- 10mm lag er ca. 10 desibil
- Margar úrlausnir:

Á ójafna fleti jafnvel með sprungum svo og á álagsfleti.




Flísabúðin

• Flísabúðin hf • Stórhöfða 21 • 110 Reykjavík • Sími 545 5500 • www.flis.is




# ALLT PRENTAÐ Á EINUM STAÐ

ODDI

Prentsmiðjan Oddi leggur metnað sinn í að þjónusta fyrirtæki með heildarlausnir. Við bjóðum viðskiptavinum okkar upp á persónulega þjónustu og sníðum vöruframboðið að þörfum hvers og eins.

Velkomin í viðskipti við Odda.





Prentsmiðjan Oddi ehf.

Höfðabakka 3-7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is



**LAMPI Í KASSA** Lampi eða kassi? Það er spurningin. Þessir skemmtilegu lampakassar eru frá hollenska hönnunarfyrirtækinu HUH, www.checkhuh.nl.

## á veggi



**Hægt er að blanda saman límmiðum af mismunandi tegundum og búa þannig til sérstaka stemningu.**



**● FRANSKA FYRIRTÆKIÐ LES INVASIONS EPÉMÉRES** sérhæfir sig í skemmtilegum límmiðum úr vínil sem líma má á veggi, skápa og víðar. Límmiðarnir eru margs konar og koma oft í staðinn fyrir veggfóður. Þeirra á meðal eru þessar dömur sem gæða sér á kampavíni, úða ilmvatni eða fá sér smók. www.lesinvasions-ephemeres.com/




TT námskeið

Vertu í góðum málum!

Ný námskeið að hefjast

Stelpur - Konur / Staðurinn - Ræktin

Innritun hafin í síma 581 3730

Þú léttist og styrkist andlega og líkamlega!

Átaksnámskeiðin sívinsælu fyrir konur á öllum aldri.

TT-1 Frá toppi til táar!

- Lokuð 9 vikna námskeið 3 x í viku
- Fræðslufundir 1x í viku, vigtun og mælingar
- Líkamsrækt
- Persónuleg þjónusta í notalegu umhverfi þar sem alger trúnaður ríkir
- Frjáls aðgangur að tímum í opna kerfinu og tækjasal

Í boði eru morgun-, hádegis- og síðdegisnámskeið

Barnagæsla – Leikland JSB

Vertu velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun





Eldhús innréttingar

Innréttingarnar eru sérsmíðaðar eftir þínum óskum.
Þú ákveður viðartegund, höldur og inniviði.
Við teiknum, smíðum og setjum þær upp.
Aðeins hágæða efni á verði sem hentar öllum.

BJÖRNINN

Innréttingaþjónusta Bjarnarins ehf.-Ármúla 20-Sími 562 5000-Fax 562 5045-bjorninn@bjorninn.is-www.bjorninn.is

AUGLÝSINGASTOFA ÉBACKMAN

# Plokkfiskur




*Plokkfiskurinn minn*
*fæst eftir vigt í fiskborðum Nóatúns,*
*Fjarðarkaupa, Samkaupsverslana, Sparverslunar,*
*Þinnar verslunar Seljabraut (Miðbúðin) og í verslun Einars Ólafssonar*

**Vörurnar okkar fást í öllum matvöruverslunum**

**Grímur kokkur mælir með að strá rifnum osti yfir plokkfiskinn og baka í ofni þar til osturinn er vel bráðinn. Þá er maður búinn að breyta hversdagsmat í hátíðarmat.**

*Bestu kveðjur, Grímur kokkur*













*Gríms fiskibollur*



*Gríms fiskibuff*




*Gríms plokkfiskur*



*Gratínerуð*
*ýsa með broccolí*



*Gratínerуð*
*ýsa með mexíkósósu*



*Salsafiskur*
*í tortilla*


**Grímur kokkur**
Sími: 481-2665 · grimurkokkur@grimurkokkur.is · www.grimurkokkur.is



1



2



3



4

# Rís af værum svefni!

● Oft getur reynst erfitt að drífa sig á fætur á morgnana. Sér í lagi þegar skammdegið skellur á og hlýtt og mjúkt rúmið tælir mann með notalegheitum. Þá er nauðsynlegt að eiga góða vekjaraklukku sem gefur engin grið. Til þess að koma í veg fyrir að vekjaraklukkan hljóti grimmileg örlög í einhverju morgunfýlukastinu er sniðugt að vanda valið þannig að hún hæfi smekk hvers og eins.

**1. Góð vakning.** Litla netta silfurklukkan klingir og þá er farið á fætur og soðin egg sett í bikara og og ristað brauð á grind. Þá er til reiðu dásamlegur morgunverður sem er góð leið til að byrja daginn. Settið fæst í Húsgagnahöllinni og kostar 1.950 kr.

**2. Fyrir fótboltafrík** og aðra boltaunnendur. Sjálflýsandi klukkuvísar. Fæst hjá Franch Michelsen úrsmíðameistara á 1.335 kr.

**3. Nútímaleg klukka** sem sýnir tíma, dagsetningu og hitastig. Allt góðar upplýsingar til að byrja daginn með. Einnig hefur þessi klukka næturljós og blundtakka. Fæst hjá Franch Michelsen á 3.500 kr.

**4. Klassísk, rauð vekjaraklukka** sem hringir hátt og snjallt með sjálflýsandi tölustöfum og vísum. Fæst hjá Franch Michelsen á 2.870 kr.

**5. Lífleg „eitís“-klukka.** Nett og krúttleg. Fæst í Þorsteini Bergmann og kostar 980 kr.



5




● **NETT HENGI FYRIR ÞVOTTASTYKKIN** Stundum er maður að vandræðast með þvottapoka og lítil þvottastykki inni á baðherberginu. Þessi fallegi stykkjastandur frá Umbra Design Group er með þyngdum grunni til að halda honum á sínum stað og nikkel/satín áferð. Frábær og snyrtileg lausn fyrir flaksandi þvottastykki.



## hönnun



**KLASSÍK Á MCDONALDS** Stólarnir Eggið og Svanurinn eftir hinn kunna danska hönnuð og arkitekt Arne Jacobsen prýða nýjan veitingastað skyndibitarisans McDonalds. Veitingasalurinn er á Edgware Road í London en með hinum nýja stað er verið að prófa hugmynd sem vel gæti verið að yrði útfærð nánar og notuð í allri Evrópu.

● **ROLLY BOX** Oft er maður að vandræðast með ýmiss konar smádót sem vill safnast fyrir hér og þar og mynda litlar og stundum stórar óaðlaðandi hrúgur. Það má þó bæta úr því með fallegum hirslum og sniðugum kössum. Rolly box er fallegur kassi sem hentar vel undir ýmiss konar smádót eða sem skartgripaskrín. Kassinn er úr fallegri hnotu og með renniloki sem lokast líkt og gömlu brauðkassarnir. Einnig má fjarlægja skilrúmið sem skiptir hólfinu í tvennt ef þess er óskað. Hönnuður Rolly box er Matt Carr.




Gluggasmiðjan
Fyrirtæki í framþróun
Bílskúrshurðir
Iðnaðarhurðir
Ál-trégluggar
Rennihurðir
Hringhurðir
Trégluggar
Álgluggar
Loftristar
Tréhurðir
Útihurðir
Álhurðir
Viðarhöfða 3 • Sími 577 5050
www.gluggasmidjan.is

# MAX RAFTÆKI




## 1.489 kr.

**Nýtt á CD**

## Sprengjuhöllin



**20" LCD**

## Philips

**Philips 200WS8FB**
- 20" LCD skjár - svartur
- Svartími: 5ms
- Upplausn: 1680x1050
- Skerpa: 800:1 (contrast)
- Birtustig: 300dc/m2
- DVI og VGA tengi

**29.989 kr.**
Fullt verð ~~34.989~~

## Gæðastæða



**Philips MCM275**
- 2x10w míkrósamstæða
- Geislaspilari með MP3
- Stafrænt FM útvarp með 40 stöðvaminnum
- Dynamic Bass Boost
- Digital Sound Control
- Klukka með vekjara og svefnrofa
- Aux inngangur og heyrnartólstengi
- 2-way Bass Reflex hátalarar
- Fjarstýring

**19.989 kr.**
Fullt verð ~~22.989~~

## Fartölva

**Acer Aspire 5633WLMi-1G80**
- 1.67Ghz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
- 1GB vinnsluminni, 80GB harðdiskur
- DVD+/-RW skrifari, 15,4" CrystalBrite skjár (1280x800)
- Intel GMA950 128MB skjákort
- Þráðlaust a/b/g netkort
- Windows Vista Home Premium



**84.989 kr.**
Fullt verð ~~109.989~~

## Tökuvél



**2.5 tommur**

**Sony DCRSR30**
- Stafræn tökuvél
- 30GB harður diskur
- 20x Optical linsa
- Night Shot möguleiki
- 2,5" LCD skjár
- Fjarstýring fylgir

**49.989 kr.**
Fullt verð ~~59.989~~

## GSM sími



**Nokia E50**
- Nettur farsími í E-línunni
- Biðtími allt að 230 klst.
- 262,144 skjálitir
- Skjástærð 240 x 320 dílar
- Taltími allt að 7 klst.
- Með eða án myndavélar
- Þyngd 104 gr
- 70MB minni
- Micro-SD rauf (allt að 2GB)

**19.989 kr.**
Fullt verð ~~29.989~~

## Myndavél



**SONY DSCW50**
- Stafræn myndavél
- 6 milljón punkta uppl.
- 2,5" LCD skjár
- 3x Optical
- 6x Digital zoom
- Carl Zeiss linsa
- Hreyfimyndataka
- USB tenging
- 32MB minni innbyggt

**16.989 kr.**
Fullt verð ~~28.989~~



## Þvottavél

**Siemens WXLP162A**
- 1600 snúninga 6kg þvottavél
- Tekur 6kg í þvott
- Rafeindastýrður/mekanískur kerfisveljari
- Hraðkerfi ullarvagga
- Þvottahæfni A
- Orkunýting A
- Vinduhæfni A

**69.989 kr.**
Fullt verð ~~99.989~~



## Bakarofn

**Scandomestic XO5500**
- 61 lítra stál ofn til innbyggingar
- 1900w grill
- 850w efra element - 1200w neðra
- Mál í sm (hxbxd): 59,5x59,5x58
- Glerhurð
- Orkunýting B

**29.989 kr.**
Fullt verð ~~34.989~~



## Kæliskápur

**Scancool SFA55**
- 85 sm kæliskápur
- Kælir 120 lítra
- Glerhillur
- Grænmetisskúffa
- Orkunýting A
- Mál (hxbxd: 85x55x57

**22.989 kr.**
Fullt verð ~~26.989~~

## Ryksuga

**Panasonic MCCL673**
- 2100w pokalaus ryksuga
- 380w sogkraftur
- HEPA Filter kerfi
- Gúmmíhjól
- 2 fylgihlutir
- 6.5 m snúra



**14.989 kr.**

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19. **Fim. 11-22.**
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

**Frábær tækjakaup**

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
**Við erum beint á móti IKEA**

MAX

Niðurleggjari óskast miðstærð eða minni. Uppl. í s. 863 1195 & 477 1195.

## Flug




## Hjólbarðar

Til sölu nagladekk á felgum undir VW Transporter. Verð 30.000. Einnig 35 x 12,5 x 16 fc2. Verð 60.000 og 31 x 15 verð 30.000. Uppl. í síma 894 0856.

### Toppdekkjagangur fyrir veturinn

Mjög góður dekkjagangur 33" Goodyear MT/R gróft munstur. Microskorin jepp-anegld, ek. aðeins 2-3 km. Fallegar álf. 15X10 6gata. Passar undir flesta jeppa. Nýtt 200 þ. fæst á 125 þ. s. 899 6428.

## Varahlutir

**Rafstilling ehf.**
**Dugguvogi 23**
**Startarar. Alternatorar. Nýir hlutir, skipti hlutir, viðgerðir áratuga reynsla. Hröð þjónusta, mikið úrval.**
**Sími 581 4991, GSM 663 4942.**

### Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala

Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 893 2284 & 565 3400, partasolur.is

Við erum flest allir á www.partasolur.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Einnig airbag. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Á til mikið af varahlutum í Renault Laguna árg. 94-01. Uppl. 894 1822 & 464 1822.

## Viðgerðir

### Bílaverkstæðið Skúffan.

Allar almennar bílaviðgerðir. Fljót og góð þjónusta. Smiðjuvegur 11e, 200 Kóp. S. 564 1420.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



EG-Tónar. Úrval af harmonikum auk fylgihluta, frá kr.29.000. Akureyri S.462 7374 & 660 1648. Reykjavík S.568 3670 & 824 7610 Kennsla fyrir byrjendur. Harmoniku stillingamaður er væntan-legur í næstu viku, áhugsasamir hafið samband.

Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ



### Fullkominn Rafmagnspottur á ótrú-legu verði:450.000.- kr

Jólapotturinn í ár.~~10 svona pottar vænt-anlegir í desember~~150.000 kr stað-festingargjald og potturinn er þinn.*66 stútar, 5.5kw hitari,einstök Led lýsing, útvarð og góð einangrun* >Er aðeins brot af því sem þessi pottur hefur uppá að bjóða.Lok og stigi fylgir pottinum + óvæntur glaðnigurJLáttu skynsemina ráða og hafðu samband áður en það er um seinann! Sigurður@valkaup.is ~~S: 868-5001~~



Til Sölu vegna flutnings 1árs gamallt eikar hjónarúm + 2 náttborð á hjól-um + dýna ef viðkomandi vill. Rúmið er mjög vel með farið og selst á 20 þúsund. Einnig er til sölu nýlegur eikar stofuskápur með glerhurðum á 10 þ. Fyrstur kemur fyrstur fær. Áhugasamir hafið samb. í síma 823 3344, Sigga.



Póker spilapeningar, pókersett, töskur, pókerspil úr plasti, gott úrval frá Bicycle og KEM. Wasgij púsluspil og púslumott-ur, einnig mjög gott úrval af borðspilum og skáksettum. Spilaverslun Magna, Laugavegi 15. Sími 552 3011.

### Safnaramarkaður

Með frímerki, mynt, seðla, barmmerki og margt fleira, verður haldinn í Iðnó í dag milli 13 og 17.

Spinninghjól, Schwinn Spinner Pro. Pallar, Reebok Step. Bodypump, lóð og stangir. Uppl. í s. 660 0072.

Beitningatrekt til sölu, verð ca. 300.000 Upplýsingar í síma 892 2530.

### Þvottavélar og þurrkarar

Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar og uppþvottavélar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545. Opið um helgina.

Gler og hellur til sölu! 300 stk. 6 hyrdir 30 cm hellusteinar. Einnig 7 stk. 208x95 cm tvölfalt einangrunargler. Selst ódýrt. S. 588 3411.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Eldavél á 5 þ. Frystikista á 10 þ. Nýr flottur eldavélaháfur á 15 þ. Uppþvottavél á 10. Þurrkari á 10 þ. Lacy Boy stóll á 5 þ. 28" tv á 10 þ. 20" á 5 þ. Barnakerra á 3 þ. Línuskautar á 3 þ. Þvottavél á 10 þ. Örbylgjuofn á 4 þ. Glerskápur á 3 þ. Barstólar á 3 þ. S. 896 8568.

### Skrifstofuhúsgögn & eld-hústæki

Notuð skrifstofuhúsgögn á góðu verði ásamt tækjum úr eldhúsi. Um er að ræða töluvert magn af veglegum mahogny skrifborðum með skúffuskáp og hillum. Stórt fundarborð með fal-lega skornum spón. Tæki úr mötuneyti ásamt vinnuborðum, vöskunarvél, kæli og fl. (ryðfrítt stál) Upplýsingar veitir Sævar í síma 660 3331.

## Gefins

Elhúsinnrétting fæst gefins gegn því að vera tekin niður. Uppl. í s. 691 2724.

## Hljóðfæri



Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilli-flauta. Kr.13.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is



1Sonor og 1 Evans trommusett. Verð 70 þús. uppl. í s. 8637070 Smári.

Mikið úrval af nýjum og notuðum harm-onikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tónlist

### Gítarleikarar

Starfandi hljómsveit vantar góðan vanan gítarleikara, hljómsveitin spilar á böllum og allslags uppákomum, mikið að gera frammundan og allt til alls. Aldur 24-43. Uppl. í s. 892 9123 & 861 6899.

## Vélar og verkfæri

### Mig-suðuvél

Migatronic 325 amp mig-suðuvél, í toppstandi til sölu. S. 699 5551.

Atlas Copco stimpilpressa til sölu, 1600 ltr. með kút. sími: 863 4489

Til sölu fræsivél fyrir málm með öllum verkfærum. Uppl. í s. 892 4675.

## Til bygginga

Til sölu mótatimbur, 2x4, 600 lm, 1200 zetur. Fæst á góðu verði. S. 897 3421.

Vantar vinnuskúr með rafmagnstöflu. Gunnar Freyr gsm 820 7373.

## Verslun




## Heildsala

Nýlegur barnafatalager og hluti af skart-gripalager frá Perú allt nýtt. Sangjarnt verð. Uppl. í s. 845 1291.

## Ýmislegt

### Nuddpottur með miklum afslætti!

Nuddpottur nýr og ónotaður, til sölu á góðu verði. Staðsettur í Njarðvík S. 661 1553.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

## Ræstingar

Tek að mér þrif í heimahúsum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 862 3571.

## Garðyrkja




**Smíðavinna, trjáfellingar og kerrur!**
**Tökum að okkur alla almenna smíðavinnu: Sólpallar, girðingar, skjólveggi og fl. Löggildur húsa-smíðameistari. Fellum einnig tré af öllum stærðum og gerð-um. Höfum einnig burðarmiklar kerrur til leigu.**
**Þaulvanir menn, snör handtök.**
**Sælugarðar ehf**
**Auðunn s. 692 2120 & Kári s. 824 1238.**

## Bókhald




## Málarar

**K.G Málverk ehf**
**Vantar þig að láta mála? Tökum að okkur öll málningarverk. Vinnum einnig utan höfuðborg-arsvæðisins.**
**Sumarbústaðaeigendur vel-komnir í viðskipti. Fljót og Vönduð vinnubrögð.**
**K.G Málverk ehf**
**Símar 659 2373, Gísli & 616 2757, Kristján.**

### Sandspörtlun og málun

Mála stigahús, íbúðir eða blokkir. Uppl. í s. 893 5537 Arnar Málarameistari.

### Þarftu að láta mála?

Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

Fullorðinn málari tekur að verkefni. Uppl. í s. 847 5012.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

## Húsaviðhald




**Húsaviðhald**
**Getum bætt við okkur verk-efnum í málningarvinnu og flísalögnum.**
**Upplýsingar í síma 695 4661.**

### Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja

Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Tek að mér parketlagnir, múrverk og flísalagnir. Uppl. í s. 661 9624 Arnar.

### Fagmannsverk

Smiðir geta bætt við sig parketlögnum og allri sérsmíði innandyra. Tilboð eða tímavinna, vönduð vinnubrögð. Sími 662 2771.

## Dulspeki-heilun

Heildræn heilun. Ef þú vilt góða heilun frá náttúrulega opnum heilara, hafðu þá samband í síma 856 4714.

## Nudd

Massage. Maria, tel. 862 0283.

## Spádómar




**Stína Lóa Spámiðill**
**Tarrot & draumráðningar.**
**Leiðsögn um ástir, viðskipti og fjármál.**
**Sími 908 2008 & 462 2811**
**- Visa/MasterCard Opið til 02 alla daga. Geymið þessa aug-lýsingu.**

### Alspá 445 5000

Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrir-bænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www. spamidlun.com*

### Hanna 908 6040 & 555 2927

Símaspá, fyrirbænir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. 555 2927 Visa/euro.

### Klara spámiðill

Er við frá kl. 15.00 - 24.00 í dag. S. 908 5050 & 863 1987.

### Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395

Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

### Handavinna - Vöggusett

Áttu von á barni eða ertu að verða amma? Eigum til vöggusett, tilbúin eða saumum eftir pöntunum. Englamyndir, Pétur Pan og fl. Þitt er valið. Uppl. í s. 462 7452 & 848 7903, Gugga.

## Iðnaður




## Múrarar

Við gerum múrverk, flísaleggjum og allskonar viðgerðir. Alexa ehf. S. 847 2209.

# TILKYNNINGAR

**Málþing Handarinnar í Áskirkju, neðri sal, 16. október klukkan 20.30.**

**Eru skólamál barna og unglinga á villigötum?**



**Frummælendur eru:**
**Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi og Illugi Gunnarsson alþingismaður.**

**Fundarstjóri, Eyjólfur Magnússon Scheving.**



**Fimm mínútnaávörp, „mín sýn", meðal annars:**
**Ragnar Símonarson, gullsmiður, Gísli Már Guðjónsson, nemi, Jóhanna Thorsteinsson, leikskólastjóri, og Harpa Sólbjört Másdóttir, foreldri.**

**Allir velkomnir. Kaffi og umræður.**

## Starfskraftar óskast
Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu, á tvískiptar vaktir. Getum einnig bætt við helgarstarfsfólki. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Umsóknareyðublöð á staðnum & í s. 555 0480, Sigurður.

## Vaktstjóri á Pizza Hut Nordica
Pizza Hut leitar að vaktstjórum í veitingasal á Pizza Hut Hótel Nordica. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari uppl. hjá Birgir veitingastjóra Pizza Hut Nordica 694 8022 og 533 2002.



## Leikskólinn Mýri
Kennari. Hvað gerðir þú skemmtilegt í London, fórstu kannski út að borða? Barn. Nei við borðuðum bara inni. Laus staða fyrir matráð sem sér um eldhús þar sem er eldað fyrir 42 börn og um 11 starfsmenn og næstum alltaf borðað inni. Við leggjum áherslu á góðan og hollan mat sem gaman er að elda. Einnig er laus staða fyrir leikskólakennara eða leiðbeinanda. Leikskólinn er í Litla Skerjafirði nálægt miðbænum. Upplýsingar gefur Unnur Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 562 5044 og á kvöldin í síma 561 6822.

**Steinsteypusögun og kjarnaborun**
**Óska eftir starfsmanni í steinsteypusögun og kjarnaborun. Upplýsingar í s. 893 3236.**

**Fjarðarbakarí Hafnarfirði**
**Óskar eftir starfsmanni í verslun. Vinnutími 07.00-15.00. Starfslýsing: Afgreiðsla og skráning pantana. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, stundvís og snyrtilegur. Umsóknir sendist á fjardarbakari@simnet is Nánari upplýsingar í síma 895 7355, Halldór og 862 9363, Bragi.**

**SMIÐIR**

VERKLAND

Óska eftir pípara í dagsverk sem fyrst. Örugg greiðsla. Uppl. í síma 663 9925.

## Hjólbarðaverkstæðið Barðinn
Röska menn vantar á hjólbarðaverkst. Uppl. í s. 568 3080 eða á staðnum. Barðinn, Skútuvogi 2.

## Aktu Taktu Skúlagötu
Leitar að þér. Kvöld- og helgarvinna í boði. Skemmtileg vinna á skemmtilegum vinnustað. Allir hvattir til að sækja um. Umsóknir á aktutaktu.is

Zatrudnimy osoby do filetowania ryb. Wymagane doswiadczenie. Bardzo dobre wynagrodzenie. Tel. 899 8033

Wink hársnyrtistofa óskar eftir nema. Uppl. á staðnum.

Vantar þig vinnu og jafnvel leiguíbúð líka, leitum að starfsmanni í ísbúð frá 12-19 virka daga og einnig aðrahverja helgi. Góð laun fyrir réttan aðila og íbúð með lágri leigu. Uppl. í síma 660 1770.

## Au-pair í London
Ung íslensk fjölskylda með 5 ára dóttur og 5 mánaða son óskar eftir að ráða au-pair stúlku í eitt ár. Aldur 17-23 ára. Barngóð, reyklaus, sjálfstæð og lífsglöð með bílpróf. Búum í rólegu og öruggu úthverfi. Stórt sérherbergi með baði, sjónvarpi, dvd og tölvu. Umsóknir með mynd sendist fyrir 18. október 2007 á aupair007@gmail.com

## Pípulagnir
Faglagnir ehf óska eftir að ráða vana pípulagningamenn vegna mikilla verkefna. Uppl. í síma 824 0242, Benidikt.

## Rafvirkjar Langar þig að vinna skemmtilega tæknivinnu?
Góðir Menn rafverktakar leita að rafvirkjum í vinnu við uppsetningar og forritun á ýmsum öryggisbúnaði og í almenna raflagnavinnu. Bíll + sími + snyrtileg innivinna á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar í síma 820 5900.

## Öryggisgæslan ehf. óskar eftir starfsfólki
Vegna mikilla anna vantar stundvíst og ábyrgt fólk í vinnu. Á 9 tíma vaktir í 7 daga og frí í 7 daga, einnig vantar í helgarvinnu. Bæði karlmenn og kvenfólk á aldrinum 20-45 ára. Uppl. gefur Einar í s. 856 5031, milli kl. 12-18.

Bisón hefur nú opnað glæsilega verslun í Smáralind, og við óskum eftir jákvæðum og duglegum starfskrafti í helgarvinnu og á fimmtudagskvöldum. Uppl. gefur Berglind í s. 663 8945.

## Starfskraftur óskast
Í söluturn í Kópavogi í dagvinnu. Helst ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 564 2325.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmanna-þjónusta s. 661 7000.**

**Stúlka utan að landi óskar eftir vinnu**
**Stúlka leitar að vinnu frá og með 01.11.'07 Er vön að vinna og hörkudugleg. Vinna sem kemur til greina eru afgreiðslustörf, aðstoðarmaður í eldhúsi, ummönnun og margt fleira. Áhugasamir hafið samband í síma 849 3320 Halldóra.**

Vélstjóri (408hö) /háseti óskast á 45 tonna dragnótabát róið frá vestfjörðum. Uppl. Í síma 852 9394 og 892 9394.

Óska eftir starfi í ferðaþjónustu úti á landi eða Rvk. Útskr. leiðsm. vor 2007. + matsveinaréttindi + öll ökurétt + reynsla úr hótel + matvreinum + o.m.fl. 568 5653 & 663 2788, Þorsteinn.

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



### Gosi er enn týndur.
Gosi tapaðist frá Hótel Kattholti 25. sept. s.l. Hann er gul-bröndóttur og hvítur högni, eyrnamerktur 00G99. Upplýsingar í síma 567 0723 Pétur og Kattholt 899 4038 Sigga.

## Tilkynningar

**Karlmenn óskast! Sérstaklega þeir með dýpri raddirnar!**
**Sönghópurinn Norðurljós leitar að bössum til að taka þátt í skemmtilegu og lifandi söngstarfi. Æfingar eru haldnar á mánudagskvöldum frá 20:00-22:00 í Hofstaðaskóla Garðarbæ. Nánari upplýsingar fást hjá formanni kórsins, Þorgerði Einarsdóttur, í síma 694 2034 & 535 2506 ( gerda@gamar.is ). Einnig er hægt að kíkja á heimasíðu kórsins ( http:// www.123.is/nordurljos/ )**

### Bar polonia
Zapraszą na mecz polska-kazachstan sobota 18.30 po meczu zabawa z zespolem „magic" wstep 500 kr. Polskie piwo i dania.

## Einkamál

### 18plús.is
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenzkur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

Grétar Halldórsson lyftingakappi með meiru vill gjarnan deila því með landanum að hann sé búinn að landa einum litlum í ofninn. Heillaskeyti berist í 865 0553

## TIL SÖLU

Til sölu 1.041m2 reiðhöll og hesthús í Reykjanesbæ.







Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 897-7015 Vignir.

NOVOS



## FASTEIGNIR

## Sörlaskjól 62
107 Reykjavík
Glæsileg sérhæð með einstöku sjávarútsýni

Stærð: 116 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1950
Brunabótamat: 16.150.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind



**Bókið skoðun í síma 862 1109** **Verð: 36.900.000**





RE/MAX LIND KYNNIR Í EINKASÖLU. Sjávarútsýni. Björt og falleg 3 herb. sérhæð í rólegri götu við sjóinn í vesturbænum. Eignin skiptist í mjög rúmgóða 86 fm íbúð og 30 fm bílskúr. Lýsing eignar: Gengið inn í sameiginlegt anddyri með fatahengi. Eldhúsið er með ljósri innréttingu, granítplötu, gaseldavél og keramikhellum. Rúmgott barnaherbergi með góðum skápum. Baðherbergi er flísalagt, með sturtuklefa og hvítri innréttingu. Stofan, borðstofan er opin og björt með útgengi á suðursvalir með frábæru útsýni. Fallegt hjónaherbergi með góðu skápaplássi. Geymsla í sameign og sameiginlegt þvottahús. Gegnheilt ljóst birkiparket er á stofu, borðstofu og herbergjum. í eldhúsi er fallegur ljós korkur. Einstaklega rólegt og gott hverfi. Húsinu, sem er þríbýli, hefur verið vel við haldið. Þetta er eign sem vert er að skoða.



Anna Karen
Sölufulltrúi
862 1109
annaks@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
- heilshugar um þinn hag -

Vilhjálmur Bjarnason
löggiltur fasteignasali
Guðbjörg Róbertsdóttir
löggiltur fasteignasali

# SPÁNN – FRAKKLAND
*Láttu drauminn rætast!*

## Sölusýning laugardag og sunnudag kl. 14 – 18
að Húsinu fasteignasölu Suðurlandsbraut 50
Glæsilegar eignir á góðu verði.
Við finnum draumaeignina þína á enn betra verði.
Sölufulltrúi frá Spáni á staðnum.
*Nánari upplýsingar gefur Gunnar í símum 513 4300 og 892 8702*

Frum









**Suðurlandsbraut 50 — Bláu húsin v/Faxafen**
**Sími 513 4300 — www.husid.is**

# FASTEIGNASALA ÍSLANDS

VEGMÚLA 2 • SÍMI 588 5060 • FAX 588 5066

## SELFOSS - RAÐHÚS SKIPTI EÐA 95% LÁN



Tvö falleg raðhús á einni hæð með stórum innb. bílskúr, samtals 166 fm. Góð staðsetning í botnlangagötu með stutt í þjónustu. Til afh. strax fullbúin að utan og rúmlega tilbúin til innréttingar að innan eða lengra komin. **Áhv. hagstæð langtímalán um 16,2 millj. með 4,15% vöxtum. Mögul. á 95% láni. Bein sala eða skipti á minni eign á höfuðborgarsvæðinu.**

***PANTIÐ SKOÐUN UM HELGINA Í SÍMA 822 4850***

*Höfði fasteignasala*
*Runólfur Gunnlaugss.lögg.fasts.*
*Símar 533 6050 / 895 3000*

*Lögmenn Suðurlandi*
*Ólafur Björnsson lögg. fasts.*
*sími 480 2900*

Frum

# LÖGMENN SUÐURLANDI

480 2900 www.log.is

**Sími 480 2900**

**Austurvegi 3, Selfossi**

## Brúnavegur 4, Úthlíð Bláskógabyggð

Opið hús laugardaginn 13. okt. kl. 13-17





Sumarhúsið er timburhús byggt árið 1991, en nokkuð endurnýjað árið 2000. Húsið er 55 ferm að flatarmáli auk svefnlofts, sem er manngengt undir mæni. Húsið klætt að utan með brúnleitri málaðri lágréttri timburklæðninu. Litað stál á þaki. Rafmagn er í húsinu, kalt vatn, og hitaveita frá Orkuveitu Reykjavíkur. Veröndin er í kringum húsið með yfirbyggðum harðplast hitapotti. Geymsla er áföst húsinu. Innbú fylgir með. Húsið stendur á ca. 0,35 ha. leigulóð úr landi Úthlíðar. Samningur er til 25 ára 1991, með forleiguretti. Lóðin, sem er vel gróin, hefur mjög fagurt útsýni til suðausturs m.a. til Heklu. Staðsetning kyrrlát, og ekki mjög langt frá þjónustumiðstöð. **Verð 14,9 m.**

Frum

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Heilsárshús á eignarlóð nálægt Húsafelli





90 fm heilsárshús á 4.500 fm skógivaxinni eignarlóð í nágrenni Hallmundarhrauns, Barnafossa og Hraunfossa. Glæsilegt útsýni, Eiríksjökull, Strútur og Tunga í bakgrunni af 200 fm viðarpalli, úr heitum potti eða stofugluggum. Svefnherbergi fyrir 8 fullorðna, snyrting með sturtuklefa og opið rými með eldhúsi og borð- og setustofu. Sérsmíðað og upphitað grillskýli. Heitt og kalt vatn, rafmagn og þráðlaust netsamband. Bílastæði fyrir 10-12 bíla. 5 km. í golfvöll og sundlaug

***Nánari uppl. veittar á skrifstofu.***

Frum



# EINBÝLISHÚS ÓSKAST

## Óska eftir flottu einbýlishúsi til leigu í Hafnarfirði eða Garðabæ, með bílskúr, helst á einni hæð - í eitt ár.

**Árið er borgað fyrirfram.**
**Mjög tryggur leigjandi.**
**Hafið samband á netfangið hj@remax.is**

Frum



# vísir.is

Fyrstur með fréttirnar

# FASTEIGNASALAN BYGGÐ

Traust fasteignasala!

Strandgötu 29 Akureyri
Símar 464 9955 • Fax 464 9956

**www.byggd.is**

## OPIÐ HÚS - Veghús 23, íb 101 - 112 Rvík
## Sunnudaginn 14.10. milli kl. 15 og 16





Einstaklega glæsileg tveggja herbergja íbúð á jarðhæð í fjölbýli. Íbúðin er í mjög góðu ásigkomulagi, parket og flísar eru á öllum gólfum, innréttingar eru sprautulakkaðar. Úr stofu er gengið út á stóran pall.

**Allar frekari upplýsingar veitir**
**Björn í síma 897 7832**

**Björn Guðmundsson, löggiltur fasteignasali**

Frum



# Aðalfundur MS-félags Íslands

Aðalfundur MS-félags Íslands verður haldinn laugardaginn 13.október kl;13:30 í húsi félagsins Sléttuvegi 5.

**Dagskrá;**
Venjuleg aðalfundarstörf.
Veitingar í boði félagsins
Fundurinn verður sendur út á netinu.

Húsið opnar kl.13.00 mætið tímanlega.

**Stjórnin**





# Viðskiptatækifæri !

## Bílasprautuverkstæði í rekstri til sölu.

Um er að ræða gott tækifæri fyrir réttan aðila, þar sem kostur er á að kaupa rekstur nýlegs bílasprautuverkstæðis í Súðavík. Einnig kemur til greina að kaupa sprautuklefann í húsnæðinu til áframhaldandi reksturs. Húsaleiga samkomulag.

Verkstæðið er í nýlegu iðnaðarhúsnæði, búið góðum tækjum og búnaði og er verkefnastaðan góð.

Súðavík er góður staður fyrir fjölskyldufólk, með góðan grunnskóla, leikskóla sem er gjaldfrjáls og aðra helstu þjónustuþætti í nágrenninu. Um 15 mínútna akstur er til Ísafjarðar. Frekari upplýsingar um Súðavík er að finna á slóðinni: www.sudavik.is

Frekari upplýsingar um verkstæðið veitir Jónas Skúlason í síma 865-7343



# FROST

## Kælismiðjan FROST ehf.

**Óskum eftir að ráða þjónustumenn til starfa í Reykjavík.**

**Nánari upplýsingar á www.frost.is , eða í síma 897 8941**

# TEITUR

## Bifreiðastjórar
### með hópbifreiðaréttindi

Vegna aukinna verkefna vantar okkur nokkra bifreiðastjóra til starfa sem fyrst. Um er að ræða bæði 100% störf og hlutastörf sem henta bæði konum og körlum.

Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Jónas í síma 515 2700 á skrifstofutíma.

# Firma BYGGINGAFELAG GYLFA OG GUNNARS HF poszukuje pracownikow

z swiadczeniem lub bez do sekcji ogrodniczej. Wzakres obowiazkow wchodzi ukladanie plytek , trawy sadzenie sadzonek(ifrastruktura zewnetrzna).Nasza firma zapewnia dlugi okres zatrudnienia,.Wszelkie informacje mozna uzyskac pod numerem telefonu 6937323(Arek po polsku)Dziekujemy za kontakt

BYGG
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is



# LAGERMENN

Rúmfatalagerinn óskar eftir lagermönnum, í boði er fullt starf. Góð laun í boði fyrir duglega einstaklinga. Mikil vinna í boði á líflegum og skemmtilegum vinnustað. Ör vöxtur fyrirtækisins gefur mikla möguleika á að vaxa í starfi. Góð laun í boði.

**Hæfniskröfur:**
- Lyftararéttindi
- Tilbúin(n) að læra
- Metnaður og áhugi
- Þjónustulund
- Samviskusemi

Umsóknir sendist á **smaratorg@rumfatalagerinn.is** eða á Smáratorg 1, 201 Kópavogur, merkt „**Lagermaður**". Allar nánari upplýsingar veitir Eyþór Tryggvason í síma **820-8004** eða á staðnum að Smáratorgi 1.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



-góð kaup

# RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

| | | |
|---|---|---|
| Smáratorgi 1<br>201 Kópavogi<br>510 7000 | Skeifunni 13<br>108 Reykjavík<br>568 7499 | Glerártorg<br>600 Akureyri<br>463 3333 |
| Póstkrafa<br>Smáratorgi 1<br>510 7020 | | Póstkrafa<br>Glerártorg<br>463 3333 |

www.rumfatalagerinn.is

➜ FRAMHALD AF SÍÐU 30

með íslenskum stjórnmálum og telur svo upp leiðtoga þessara flokka á sjötta og sjöunda áratugnum, Ólaf Thors, Bjarna Benediktsson, Hannes Hafstein og einnig Gylfa Þ. Gíslason sem einmitt var menntamálaráðherra þegar kom að afhendingu fyrstu handritanna.

### Þungir samningar

Bent var einnig í góðu sambandi við íslenska fræðimenn á bókmennta- og handritasviði. „Á Íslandi voru það Sigurður Nordal og Einar Ólafur Sveinsson og hér í Danmörku Stefán Karlsson. Seinna átti ég líka mikil samskipti við Jónas Kristjánsson. Af dönskum stjórnmálamönnum nefnir Bent forsætisráðherrana Viggo Kampmann og Jens Otto Kragh og einnig menntamálaráðherrann Jørgen Jørgensen. „Maður getur ekki annað en undrast, svona eftir á, að allir þessir menn skyldu treysta svona vel ungum ritstjóra, eins og ég var þá, um miðbik sjötta áratugarins. En þeir treystu mér, ég var félagi beggja aðila og naut trúnaðar frá báðum hliðum.“ Bent gekk þannig á milli og prófaði á samningsaðilum nýjar og nýjar útfærslur að tillögum til skipta á handritunum. En hann var líka beinn þátttakandi í viðræðum milli aðila, þegar erfiðast gekk og á tímabili leit jafnvel út fyrir að upp úr myndi slitna.

Þyngsti róðurinn var án efa baráttan fyrir því að Íslendingar fengju í hendur Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða en þessi tvö merku handrit urðu einmitt fyrstu handritin sem afhent voru með táknrænum hætti í Reykjavík 21. apríl 1971. „En þetta var biturt stríð hér í Danmörku,“ segir Bent hugsi, „biturt stríð, sem nú er að mestu gleymt, sem betur fer.“

Lög um skiptingu handritanna voru samþykkt 1961 og aftur 1965. Lögin voru nokkuð loðin, ekkert var til dæmis tekið fram um eignarhald á handritunum heldur einungis flutning þeirra til Íslands. Í viðauka við lögin var þó sérstaklega getið um Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða sem ætti að flytja til Íslands. Því var það svo að nefnd tveggja íslenskra og tveggja danskra fræðimanna fjallaði um skiptingu handritanna milli landanna tveggja. Þessir skiptafundir stóðu frá 1972 fram á níunda áratuginn og afhendingu handritanna lauk 1998.

„Þetta var löng atburðarás en hún var spennandi og ég eignaðist marga góða íslenska vini meðan á henni stóð. Þannig hefur Ísland svo að segja orðið annað föðurland mitt og ég hef tekið þátt í fleiri verkefnum á Íslandi.“ Meðal verkefna Bents má nefna setu í nefnd sem hafði það verkefni að afla fjár til endurreisnar Skálholtsstaðar. Einnig var hann formaður þeirrar samnorrænnu nefndar sem stóð að undirbúningi byggingar Norræna hússins í Reykjavík. „Þetta var fyrsta Norræna húsið sem reist var en síðar hafa þau risið í Færeyjum og á Grænlandi og raunar víðar.“

### Íslendingar hafa endurgoldið þúsundfalt

Bent var einnig ritstjóri blaðsins Nyt fra Island og í áratugi formaður félagsins Dansk Islandsk Samfund. Við formennsku í úthlutunarnefnd Sjóðsins um danskt-íslenskt samstarf tók Bent árið 1964. Þeirri formennsku gegnir hann enn 43 árum síðar.

„Ísland hefur þannig orðið stór hluti af lífi mínu,“ segir Bent A. Koch. „Ég get sýnt þér það á sérstakan hátt,“ segir hann, gengur inn í aðra stofu og kemur aftur með fjórar ljósmyndir í ramma; myndir af fjórum forsetum Íslands, Ásgeiri Ásgeirssyni, Kristjáni Eldjárn, Vigdísi Finnbogadóttur og Ólafi Ragnari Grímssyni, allar með áritaðri kveðju. „Ég kynntist þeim öllum en Vigdís er þó alveg sérstök vinkona mín,“ segir Bent og það er greinlegt að Ísland og Íslendingar eiga sérstakan stað í huga hans. „Íslendingar hafa sýnt mér mikinn sóma og vottað þakklæti sitt með margvíslegum hætti. Ég gerði bara það sem mér fannst eðlilegt að gera en Íslendingar hafa endurgoldið mér þúsundfalt. Ég fylgist grannt með þróun mála á Íslandi og það gleður mig mjög hvernig Íslendingar hafa sótt í sig kraft á mörgum sviðum.“

Íslendingar standa framarlega á menningarsviðinu að mati Bents A. Koch. Hann nefnir bókmenntir og einnig myndlist, hönnun og tónlist. Hann segist líka dást að þeim mikla krafti og frumkvæði sem íslenskir viðskiptamenn búi yfir en leggur þó áherslu á að í menningunni sé að finna rætur þjóðar. „Hvaða gagn gerir það að vinna allan heiminn ef maður verður að borga fyrir það með sál sinni,“ segist Bent einmitt hafa sagt í þakkarræðu sinni þegar hann tók við framlagi Stoða á dögunum, og vitnar þar í Biblíuna. Hann heldur svo áfram og segir: „Og hvar finnur fólk sál sína nema í menningu sinni?“ Bent telur því mikilvægt að við ræktum menningu okkar og hér á norðurslóð, að við ræktum hina norrænu menningu. „Við verðum að gæta þess að verða ekki of alþjóðleg,“ segir hann. „Við verðum að hlúa að rótum okkar því ef ræturnar standa ekki djúpt þá fjúkum við burt.“

### Mikilvægt framlag Stoða

Og þá erum við komin að Sjóðnum fyrir danskt-íslenskt samstarf. „Ég er ákaflega ánægður með að stjórn fasteignafélagsins Stoða skuli hafa sýnt þann skilning á menningu að styðja sjóðinn okkar því þetta er jú menningarsjóður.“



**HEIMKOMA HANDRITANNA** Handritin komu heim með danska varðskipinu Vædderen sem lagði að bryggju á svölum íslenskum vordegi, hinn 21. apríl árið 1971. Stóru pakkarnir tveir sem dátarnir halda á innihalda Flateyjarbók en í þeim minnsta er Konungsbók Eddukvæða.

Sjóðurinn um danskt-íslenskt samstarf varð til upp úr seinna stríði. Stofnfé hans er partur af óúthlutuðum stríðsskaðabótum sem komu í hlut danska ríkisins. Þessum afgangi bótanna var ákveðið að verja til sjóða sem áttu að styrkja menningarlega samvinnu Dana við aðrar Norðurlandaþjóðir. Úthlutað var til sjóðanna eftir íbúafjölda þeirra landa sem hver sjóður var tengdur við. Íslenski sjóðurinn varð því minnstur og fékk eina milljón króna í sinn hlut í upphafi. „Þetta var lág upphæð og ekki tekið tillit til þess að miklu lengra, og þar með kostnaðarsamara, er að ferðast til og frá Íslandi en hinna norrænu landanna.“

Sjóðurinn var stofnaður á sjötta áratugnum og árið 1964 tók Bent A. Koch við formennskunni sem hann hefur sinnt allar götur síðan. „Seinna hefur mér tekist að auka við höfuðstól sjóðsins, aðallega með framlögum frá danska ríkinu en íslenska ríkið hefur einnig lagt til.“ Höfuðstóll sjóðsins nam því 5,5 milljónum danskra króna fyrir gjöf Stoða þannig að sú gjöf er nærri því 20 prósenta viðbót við stofnfé sjóðsins. Úthlutanir sjóðsins hafa numið um 300.000 danskra króna á ári og Bent sér fram á að nú verði svigrúm til að auka þær í sama hlutfalli. „Gjöf Stoða skiptir þennan litla sjóð miklu máli og við erum afar þakklát fyrir hana.“

### Nemendaskipti mikilvæg

Meðal þeirra verkefna sem sjóðurinn styrkir má nefna dönskukennslu á Íslandi og ýmis menningartengd verkefni. Greinilegt er þó að Bent þykir einna vænst um nemendaskiptin milli landanna tveggja sem sjóðurinn styrkir í ríkum mæli ár hvert. Hann telur að þessi nemendaskipti hafi mikið að segja, danskt barn eða unglingur sem komið hefur til Íslands og búið á íslensku heimili um vikuskeið hljóti að að sækja til baka. Að sama skapi hefur íslenskt ungmenni styrkt skóladönskuna sína með því að heyra dönsku talaða inni á heimili dag eftir dag. „Við verðum auðvitað að horfast í augu við að um allan heim er enska orðin að tungumáli unga fólksins. Ég skil þess vegna alveg íslenska unglinga sem taka ensku fram yfir dönsku. Þeim finnst málsvæði dönskunnar lítið og að erfitt sé að læra hana. Ég verð þó að segja að gæta verður þess að þó að einar dyr opnist þá lokist ekki aðrar, og þar á ég við dyrnar að Norðurlöndunum. Ef við norrænu þjóðirnar þekkjum ekki menningu hver annarrar getur verið erfitt að viðhalda norrænni samvinnu. Þess vegna er ég ánægður með að danskan skuli enn vera kennd í íslenskum skólum. Sömuleiðis gleður það mig hversu margir ungir námsmenn koma hingað til Danmerkur, bara hér í Óðinsvéum er fjöldinn allur af íslenskum námsmönnum.“

Bent leggur mikla áherslu á að störf úthlutunarnefndarinnar séu að langstærstum hluta ólaunuð. Úthlutunarnefndin er skipuð af ráðherra norrænnar samvinnu en ritari nefndarinnar er sá eini sem tekur laun. „Í formannstíð minni hefur úthlutunarnefndin einungis fundað tvisvar á Íslandi. Við höfum svo lítið fé milli handanna þannig að það er einfaldlega of dýrt.“

> Ég gerði bara það sem mér fannst eðlilegt að gera en Íslendingar hafa endurgoldið mér þúsundfalt.

Bent A. Koch hefur fulla trú á framtíð norrænnar samvinnu og nánu sambandi Íslands og Danmerkur til framtíðar. „Áður var ég leiður yfir því að íslensk og dönsk ungmenni töluðu saman ensku en ég hef jafnað mig, að minnsta kosti að nokkru leyti,“ segir Bent en það er greinilegt að honum þætti mun betra að norrænu þjóðirnar hefðu samskipti á norrænum málum. „Þetta á auðvitað ekki bara við um íslensk og dönsk ungmenni heldur samskipti milli ungs fólks meira og minna allra Norðurlandanna. Og við missum auðvitað eitthvað við þetta en ég held samt að það þýði ekkert að berjast á móti þessari þróun. Ég dáist reyndar að Íslendingum hvað þeir rækta málið sitt,“ segir Bent og tekur sérstaklega til nýyrðasmíðinnar sem honum finnst mikið til koma.

### Mæðst í mörgu

Og Bent A. Koch lætur ekki staðar numið við formennsku í sjóðnum fyrir dansk-íslenska samvinnu þrátt fyrir að hafa lagt að baki 79 aldursár.

„Ég er í nefnd sem vinnur að undirbúningi þess að reisa Norður-Atlantshafshús hér á nýja hafnarsvæðinu sem er í mótun hér í Óðinsvéum,“ segir Bent og það er greinilega mikill metnaður í þessu verkefni. Fyrirmyndin er Norðurlandahúsið á Bryggjunni í Kaupmannahöfn. „Þetta á að vera gluggi að Norður-Atlantshafi hér í Óðinsvéum.“

Bent A. Koch hefur einnig alla tíð verið virkur í þjóðfélagsumræðunni í Danmörku. Hann var meðal fyrstu Dana sem tók málstað Palestínumanna í deilu þeirra við Ísraelsmenn.

Þetta gerði hann í grein sem hann skrifaði undir nafni í Kristeligt Dagblad sem hann ritstýrði þá. Þetta var árið 1967, rétt eftir sex daga stríðið. Á þeim tíma tók ekkert danskt dagblað málstað Palestínumanna nema málgagn kommúnista, Land og Folk. Í endurminningum sínum viðurkennir Bent að greinin hafi á þeim tíma verið afar líkleg til að vekja sterk viðbrögð. Hins vegar bendir hann á að ef greinin hefði verið skrifuð á okkar tímum hefði hún enga athygli vakið.

Leiðarar sem Bent A. Koch hefur skrifað í dönsk dagblöð skipta nokkrum þúsundum og hann skrifar enn nokkra leiðara á viku í Fyens Stiftstidende, dagblaðinu sem hann ritstýrði síðast.

Að viðtalinu loknu upplýsti blaðamaður um áhuga sinn á að skoða dómkirkjuna í Óðinsvéum áður en lestin færi til Kaupmannahafnar. Þá hýrnaði enn yfir Bent sem kvaðst einmitt vera ráðsmaður í Kirkju heilags Knúts eins og dómkirkjan í Óðinsvélum er nefnd. Það varð því úr að við snöruðumst upp í bíl Bents og ókum niður í miðbæ Óðinsvéa. Þar var mér með stolti sýnd þessi fallega gotneska kirkja sem geymir meðal annars stórmerka og afbragðsfallega útskorna altaristöflu frá 16. öld. Sömuleiðis er í kirkjunni að finna jarðneskar leifar hins heilaga Knúts sem kirkjan er kennd við.

Við kvöddumst að því loknu með virktum fyrir utan þessa fallegu kirkju í danskri haustsólinni. Bent A. Koch sagðist íhuga að fara að draga sig í hlé frá kirkjustarfinu en einhvern veginn virðist þá líklegt að hann finni sér annað verkefni í staðinn.



### ➜ SJÓÐURINN FYRIR DANSKT-ÍSLENSKT SAMSTARF

■ Markmið sjóðsins er að efla skilning og samstarf á milli Danmerkur og Íslands. Sjóðurinn styður einnig sérstaklega dönskukennslu á Íslandi.

■ Sjóðnum er stýrt af stjórn sem samstarfsráðherra Norðurlanda skipar. Eigið fé sjóðsins nam nálægt 5,5 milljónum danskra króna fyrir framlag Stoða sem nemur einni milljón danskra króna. Stofnfé hans er því nálægt 6,5 milljónum króna eftir gjöfina.

■ Sjóðurinn hefur árlega útlutað tæplega 300.000 dönskum krónum meðal annars til skólaheimsókna milli landanna tveggja, í verkefni á fræðasviði og í menningartengd verkefni, auk dönskukennslunnar.


1 árs
AFMÆLIS-HÁTÍÐ ALLA HELGINA
50% afsláttur af völdum ljósum
30% afsláttur af kristalskertastjökum
20% afsláttur af Eva Solo búsáhöldum
10% afsláttur af KFF og Vibieffe húsgögnum
30% afsláttur af stálvöskum og blöndunartækjum
20% kynningarafsláttur af ASA gjafavöru
20% afsláttur af heitum pottum frá Hydropool
... og margt fleira
• Full búð af afmælistilboðum
• Hershey's kossar og kaffikynning
• Ís fyrir börnin
Innréttingar Húsgögn Hreinlætistæki Parket Flísar Ljós Raftæki Gjafavara Heimilistæki Búsáhöld Hurðir Hönnunarsetur
EGG ER STÓRVERSLUN
- með allt til að innrétta og fegra heimilið þitt
EGG
SMÁRATORGI



**KRISTINN R. ÞÓRISSON OG VÉLVERAN SKUNDAR EFTIR FREY MAGNÚSSON.** Skundar er ætlað að umgangast og eiga samskipti við börn.

# Aftur til framtíðar

Í dag fer fram í Borgarleikhúsinu Gervigreindarhátíð. **Kristinn R. Þórisson,** dósent í tölvunarfræði við Háskóla Reykjavíkur, er einn þeirra sem stendur að baki þessari árlegu hátíð. *Hanna Björk Valsdóttir* leit inn í Gervigreindasetrið, fræddist um hugtakið, reyndi að skilja alls konar tækni og komst að því að Íslendingar eiga heimsmeistara í gervigreind.

Kristinn tekur á móti mér í gamla Morgunblaðshúsinu í Kringlunni sem Háskóli Reykjavíkur hefur lagt undir sig og þar er gervigreindarsetrið að finna. Í litlum sal sitja nemendur límdir við skjái á nokkrum básum og tölvur og tæki eru allt um kring. Kristinn fer með mig inn í læst herbergi þar sem ofurtölvur eru að finna. Þarna eru græjur sem þeir nota til að þróa og gera rannsóknir með gervigreind. Kristinn stendur fyrir framan stórt tjald og útskýrir hvernig á tjaldinu birtist sýndarvera sem er alveg eins og vélmenni nema hún er bara til í sýndarveruleika og er búin til úr grafík. Skynjarar nema hljóð og hreyfingar þannig að veran á tjaldinu getur átt samskipti við manneskjuna sem stendur fyrir framan tjaldið. Nokkuð töff. Þetta ætti ekki að vera svo framandi fyrir kynslóðir sem hafa alist upp við vísindaskáldsögur, sjónvarpsefni um yfirnáttúruleg fyrirbæri, vísindi úr geimnum og þar fram eftir götunum en að standa fyrir framan verurnar sem eru útbúnar mannlegri greind að einhverju leyti er nokkuð magnað.

### Mannleg samskipti við vélar

Kristinn útskýrir að það sem hann er að stúdera hefur meira með náttúruleg mannleg samskipti að gera heldur en tölvur eða vélar. Til að láta sýndarveruna haga sér eðlilega eins og manneskja þarf Kristinn að stúdera ekki bara hvernig fólk talar heldur líka látbragð, hvernig fólk hreyfir sig og ber sig að þegar það talar. Annars virkar veran á tjaldinu ekki sannfærandi. „Eitt af mínum áherslusviðum er mannleg samskipti við vélar. Þessi aðstaða var sett upp til að geta stúderað líkamleg samskipti. Tölvan getur séð alla manneskjuna og hvar hún stendur og getur sýnt fram á vélveru í fullri líkamsstærð á móti. Önnur leið væri að smíða vélmenni en það er svo miklu hægara og dýrara ferli þannig að við notum tölvugrafík. Ég sé ekki mun á vélmenni sem rúllar um eða grafískum karakter sem talar við mig í sýndarveruleika.“

Eitt vélmenni stendur samt á miðju gólfi en það er BS-verkefni Freys Magnússonar sem verður á hátíðinni og er búið til sem leikfang fyrir krakka.

### Hvað er gervigreind?

„Fólk er forvitið um gervigreind og vill vita meira,“ útskýrir Kristinn. „Gervigreind er augljós þýðing á „artificial intelligence“. Gerviefni eru ekki platefni, þau eru gervi af því að þau eru búin til af mönnum og það sama á við um gervigreind. Þarna erum við með greind sem hefur verið búin til. Gervigreind er rannsóknarsvið þar sem vísindamenn eiga það sameiginlegt að búa til vélar sem hafa einhverja eiginleika sem við myndum í venjulegu tali kalla greind. Þetta er líka samansafn af tækni sem hefur verið þróuð síðustu 50 árin og ýmsar aðferðir við lausnir vandamála. Ef við ímyndum okkur eitthvað sem dýr eða maður getur gert í dag og engin vél getur gert, eins og að keyra bíl eða vaska upp, þá verður vélin að hafa gervigreind til að geta gert það.“

Einfalt dæmi um gervigreind sem við öll þekkjum er fókusinn á myndavélum. „Áður en tölvutæknin kom til sögunnar þá var ekki hægt að búa til vasamyndavél sem gat fókuserað sjálfvirkt. Þegar stafræna tæknin kom var hægt að setja örflögu inn í myndavélina og gefa henni reglur, þannig að „autofókus“ er besta dæmið í daglegu lífi um gervigreind.“

En hvernig nýtist gervigreind best? „Gervigreind hjálpar okkur að búa til kerfi sem hafa meiri sjálfvirkni. Og sjálfvirknin nýtist næstum því alls staðar. Sjálfvirkni á augljóslega heima í verksmiðjum. Til eru nokkrar verksmiðjur sem eru algjörlega sjálfvirkar í dag en þær væru miklu fleiri ef vélarnar væru greindari. Það sem er hættulegt að gera eða það sem við nennum ekki að gera getum við fengið vélar til að gera. Við munum til dæmis sjá gluggaþvottaróbóta sem hanga utan á skýjakljúfum og þvo glugga sleitulaust. Nú þegar eru til róbótar sem ryksuga alveg sjálfvirkt. Í þessu samhengi er hægt að minnast á gervigreindarkerfið sem fylgist með sundlaugum og hefur þegar bjargað nokkrum mannslífum. Myndavélar eru settar upp og tölvuforrit skynjar þegar eitthvað er mögulega að eins og þegar einhver sekkur á botninn og er þar of lengi. Þetta kemur aldrei í staðinn fyrir vörðinn en hjálpar honum.“

### Sálfræði og vélmenni

Kristinn lærði sálfræði og sálverkfræði áður en hann endaði í dæmigerðum gervigreindarfræðum í MIT í Boston og var þar í sex ár. „Ég hef haft áhuga á vélum og vélmennum frá því ég man eftir mér, og tölvum. Ég fór samt bakdyramegin inn í þetta.“

Til að fást við gervigreind þarf fólk að búa yfir nokkurri víðsýni og flestir þekkja önnur svið líka. „Eini haldbæri grunnurinn til að byggja þetta á er tölvunarfræði. En gervigreind tekur inn upplýsingar úr fullt af greinum eins og málvísindum, sálfræði, taugalífeðlisfræði og heimspeki. Það lýsir breidd sviðsins hvað rúmast margar hugmyndir innan hennar. Í sjálfu sér eru vísindin um greind miklu skyldari sálfræði, en þetta er það flókið fyrirbæri að sálfræðin hefur ekki nægilega mikið af verkfærum til að fást við þetta. Sama með málvísindin. Þess vegna þarf alltaf að nota tölvugrunn.“

### Gervigreindi útvarpsmaðurinn

Eitt af því verkefni sem verið er að þróa í Gervigreindarsetrinu er gervigreindi útvarpsmaðurinn. „Gervigreindi útvarpsmaðurinn getur tekið viðtal við fólk og búið til útvarpsþátt frá A til Ö alveg sjálfur. Hann getur hlustað á það sem fólk segir, og getur gripið fram í og svoleiðis. Hann veit að hann er að hringja í tónlistarmann og hann veit að þessi tónlistarmaður tengist plötunni sem hann er að kynna. Í rauninni er þetta forritun, reglur sem við gefum kerfinu. Við segjum honum að taka viðtöl við manneskjur, og hvað maður gerir ef einhver svarar ekki, hvað maður gerir ef viðtalið er að dragast á langinn o.s.frv. En þegar við ræsum hann þá vitum við ekkert hvernig þátturinn verður því hann tekur sjálfstæðar ákvarðanir.“ Og þá mega útvarpsmenn fara að vara sig.

### Gervigreind í tölvuleikjum

Kristinn útskýrir líka að gervigreindartækni verði nýtt í auknum mæli í tölvuleikjum í framtíðinni til að gera leikina meira spennandi og sögurnar flóknari. „Vandamálið við mannverur í tölvuleikjum er til dæmis að hreyfingarnar virka ekki sannfærandi. Þær eru flestar látnar taka upp byssur og skjóta vegna þess að það er auðvelt að láta þær gera það og þær geta gert það úr fjarlægð. Um leið og komið er nær þurfa allar hreyfingar í grafíkinni að vera nákvæmari. Þess vegna eiga tölvuleikjaframleiðendur eftir að notfæra sér gervigreind í auknum mæli. Við förum í samstarf við CCP á síðasta ári vegna þess að þeir eru með í bígerð verkefni sem krefst þess að vélverurnar í heiminum hjá þeim fari að haga sér á skynsamlegri og skemmtilegri hátt. Leikjaframleiðendur hafa fókuserað mjög mikið á grafík, en hún er komin á það stig að þeir eru farnir að leita að einhverju nýju.“

### Heimsmeistari í gervigreind

Gervigreind er ört vaxandi fag en í dag eru að minnsta kosti rúmlega 100 gervigreindarsetur í heiminum og eitt þeirra er í Háskóla Reykjavíkur og var stofnað árið 2005. Þungarvigtarlið Íslands í gervigreind er samankomið í HR. „Yngvi Björnsson lærði í University of Alberta en hann er helmingurinn af teyminu sem vann heimsmeistaratitilinn,“ útskýrir Kristinn en heimsmeistarakeppnin fór fram í september í Stanford og unnu Yngvi og Hilmar Finnsson fyrir CADIAPlayer. „Hannes Högni Vilhjálmsson var í MIT eins og ég. Ari K. Jónsson bættist í hópinn núna í haust en hann var hjá NASA í tíu ár að forrita gervigreind fyrir róbótinn á Mars. Það er eiginlega lygilegt að við séum allir hér. Það munar svo miklu að hafa svona úrvalshóp hérna við rannsóknir. Hér í setrinu eru líka verulega sterkir nemendur í tölvunarfræði í HR og þau eru öll að gera verkefni sem hefur með gervigreind að gera. Við erum 15-20 manna hópur en níu af þessum nemendum sýna verkefnin sín á hátíðinni og keppa til verðlauna. Þess má geta að gervigreindarkeppnin er árlegur viðburður og er opin öllum sem áhuga hafa.“

## → GERVIGREINDARHÁTÍÐIN BORGARLEIKHÚSINU 13. OKTÓBER 2007

**13.00-13.10** Hátíðin sett

Dr. Kristinn R. Þórisson, dósent í tölvunarfræði og meðstjórnandi Gervigreindarseturs HR.

**13.15-13.35** Gervigreind í geimnum.

Dr. Ari K. Jónsson, fyrrv. vísindamaður hjá NASA og forseti tölvunarfræðideildar HR.

**13.40-14.00** Hvernig maður verður heimsmeistari í gervigreind.

Dr. Yngvi Björnsson, dósent í tölvunarfræði, HR og meðstjórnandi Gervigreindarseturs HR.

**14.15-14.30** Gervigreind í gervilimum.

Grímur Jónsson, Össur hf.

**14.30-14.45** Gervigreind í iðnaði og framleiðslu.

Dr. Kristinn Andersen, Marel HF.

**14.45-14.55** Kynning á Gervigreindarsetri HR.

**Dr.** Kristinn R. Þórisson.

**15.00-15.15** Tónleikar.

Landskunnir tónlistarmenn, Matthías M.D. Hemstock, Jóel Pálsson og Mr. Silla, berjast um heimsyfirráð við vélvitund.

**15.15-15.30** Verðlaunaafhending í gervigreindarkeppninni.

Dr. Kristinn Andersen, Marel, og dómnefnd veita verðlaunin, sem styrkt eru af CCP.

**15.30-17.30** Veitingar.

Opin kynning á íslenskum gervigreindarverkefnum, rannsóknarsetrum, fyrirtækjum og samtökum.

http://cadia.ru.is/

## → AIBO

Leikfangahundurinn sem býr yfir gervigreind. Frægasta leikfangið sem býr yfir gervigreind er án efa Sony-hundurinn AIBO. Hann kom fyrst á markað 1999 og fyrsta upplag seldist upp á 17 mínútum á netinu. AIBO hagar sér eins og hundur að einhverju leyti. Hann getur gengið, hefur sjón og skilur um 60 orð. Hann verður þreyttur, hefur tilfinningar og finnst gaman að leika sér. Hann á til dæmis appelsínugulan bolta sem hann getur sparkað í og fylgt eftir.



Afar vönduð borðstofuhúsgögn

skovby
Excellent Dining Rooms

# 20% afsl.

af sérpöntunum og uppstillingum

**6.-17. október**

# dagar



Hönnuður: Per Hansbæk

Stækkanlegt borð f.20 manns









Komdu núna og gerðu frábær kaup





**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

**Sími 581-2275 ▪ 568-5375**

**Opið** Virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16



**20% AFSLÁTTUR**
**3.291** á mán/18 mán*

**47.980**
áður: 59.980

**CARDIFF** 3 sæta sófi B:164 D:86 cm, natur. Fæst einnig $2^{1/2}$ sæta B:194 D:86 cm kr. **51.980** eða **3.551** á mánuði/18 mánuði áður kr. ~~64.980~~. 2 sæta B:214 D:86 cm kr. **54.980** eða **3.747** á mánuði/18 mánuði áður kr. ~~69.980~~

# HEIMILIÐ

## EFTIR ÞÍNU HÖFÐI



**DIXIE** leðurstóll,
fæst svartur og natur.
Kr. **99.980**



**30% AFSLÁTTUR**
**4.161** á mán/36 mán*

**RIALTO** hornsófi Hacienda svart.
Horn: 244 x 244 D:91 cm

**109.980**
áður: 159.980



**30% AFSLÁTTUR**
**3.208** á mán/24 mán*

**59.980**
áður: 89.980

**RIALTO** 3 sæta sófi B:174 D:91 H:71 cm áklæði Hacienda svart.
Fæst einnig 2 sæta B:234 D:91 H:71 cm kr. **54.980** eða **3.747** á mánuði/18 mánuði áður kr. ~~79.980~~

MasterCard VISA * Mánaðarleg meðaltalsgreiðsla á VÍSA eða MasterCard staðgreiðslulánum með breytilegum vöxtum og 3% stimpil og lántökugjaldi

# HÚSGAGNAHÖLLIN





NÚNA
30%
NUKU RÚM
ÁN DÝNU

**20**% AFSLÁTTUR
**3.291** á mán/18 mán*

**47.980**
áður: 69.980

**NUKU** rúm án dýnu, hvítt. 180x200 cm.

**NUKU** rúm án dýnu, hnota. 180x200 cm.
kr. **54.980** áður ~~79.980~~ eða 3.747 á mán/18 mán

**NUKU** rúm án dýnu, hvítt. 140x200 cm. kr. **41.980**
áður ~~59.980~~ eða 4.110 á mán/12 mán

**NUKU** rúm án dýnu, hnota. 140x200 cm. kr. **47.980**
áður ~~69.980~~ eða 3.291 á mán/18 mán

## VIÐ EIGUM ÞAÐ SEM ÞIG VANTAR OG MIKLU MEIRA TIL



NÚNA
20%
TESSA
BIRÐSTOFUBORÐ

**20**% AFSLÁTTUR
**3.532** á mán/30 mán*

**79.980**
áður: 99.980

**TESSA** borðstofuborð B:90 L:200 H:75 cm eik/svart.
Stækkunarplata 90 x 48 cm kr. **11.980** áður kr. ~~14.980~~

**Bíldshöfða 20 • 110 Reykjavík • 585 7200 OPIÐ: Laugardag 11-18 • Sunnudaga 13-17**

# Ætla að verða síðasti páfinn

Tónleikastaðurinn Organ hefur slegið rækilega í gegn enda mikil þörf fyrir slíkan stað í hjarta borgarinnar. Staðarhaldari, **Gylfi Blöndal,** sem jafnframt er gítarleikari í rokksveitinni Kimono, er nú í óða önn að undirbúa stífa Iceland Airwaves-dagskrá í næstu viku. Gylfi var tekinn í yfirheyrslu helgarinnar.



**Hver er fyrsta minningin þín?** Hún er úr bæjarlæknum sem rann við hús okkar á Seyðisfirði. Ég hlýt að hafa verið 3-4 ára og var þar að leik niður með læk þegar minkur birtist mér. Pabbi mætti fljúgandi „át off nóver“ galvaskur og lagði til atlögu við minkinn, mér til mikillar skelfingar. Miklu seinna eignaðist ég tvö kvikindi, afbrigði af minkum, sem gæludýr, þannig að þessi reynsla kenndi mér ekki að hræðast minka sérstaklega. Ég á líka ljóslifandi minningu frá æskuárunum á Seyðisfirði þegar hljómsveitin The Mamas & The Papas gistu heima hjá okkur í nokkra daga og brölluðum ég og Mama Cass margt saman. Það var ekki fyrr en ég var kominn á þrítugsaldur sem ég komst að því að þetta hafði verið ímyndun í öll þessi ár og The Mamas & The Papas hafði ég aldrei hitt.

**Ef það væri gerð kvikmynd um ævi þína, hver ætti að leika þig?** Mickey Rourke.

**Ef þú gætir valið þrjár hljómsveitir, lifandi eða dauðar, til að spila á Organ, hverjar myndir þú velja?** Þeyr, Fugazi og Fleetwood Mac.

**Ef þú værir ekki að vinna, hvernig myndir þú eyða deginum?** Ég veit það ekki. Bara veit það ekki …

**Hver er versta vinna sem þú hefur nokkurn tíma unnið við?** Ég vann eitt sinn til styttri tíma í bílaþvottastöð, svona færibandsstöð, þar sem ég þurrkaði bíla inni í því sem verður best lýst sem risavöxnum hárblásara, sirka 60 bíla á klukkustund. Ég hef aldrei upplifað annan eins varaþurrk. Annars vann ég líka í nokkra daga sem krakki í Miklagarði við að blása upp blöðrur fyrir einhverja tilboðsviku og eftir þrjá tíma af blæstri var ég orðinn blár í framan og lá við yfirliði. Það var fyrst þá sem mér var bent á helíumkút sem mér hafði verið fenginn í verkið.

**Fylltu í eyðuna: Það er eitthvað gruggugt við …** þennan gamla góða Villa. Hver hefur ekki séð vhs-myndina Good Old Willy Hunting?

**Hefurðu einhvern tíma birst á skjánum?** Já, í viðtali á PoppTíví með grímu fyrir andlitinu, sem Ragnar Hansson hafði gert fyrir vídeó fyrir Kimono, og hárkollu á hausnum. Ég og Alex vinur minn hræddum líftóruna úr starfsfólki stöðvarinnar enda mættum við í smink með grímurnar og neituðum að taka þær niður. Stöðin var að brjóta odd af oflæti sínu með því að bjóða einhverjum skrítnum prog-rokkurum í viðtal en við létum öllum illum látum. Ég get svarið það að liðið var skíthrætt.

**Hvað veldur þér mestum áhyggjum?** Gegndarlaust dráp á saklausu fólki um allan heim. Ég naga á mér neglurnar á fréttatímanum og velti fyrir mér hvenær röðin komi að mér.

**Hvað, að þínu mati, er kynþokkafyllsti klæðnaður sem kona getur klæðst?** Sumarkjóll úr bómull. Grrrr …

**Gerir fólk grín að þér fyrir eitthvað sérstakt?** Það er helst gert grín að mér fyrir frekar gloppótt minni. Ég á það til að segja sömu manneskjunni einhverja sögu tvisvar eða gleyma því á fimm mínútum að ég hafi sagt eitthvað og segi það því aftur. Svo hefur verið gert grín að mér fyrir að stíga léttan dans þegar Kimono spilar á tónleikum, og hef ég því lagt niður þá iðju.

**Hvort er betra að gefa eða þiggja?** Ég myndi segja að mér finnst bara bæði betra. Ég fíla samt alveg fínt að þiggja.

**Hvaða frasa ofnotar þú?** „Einmitt, fattarðu? og þokkalega. „Shot of Bruchatti“ og „All CAPS!“ koma líka sterkir inn.“

**Ef þú værir að fara á grímuball, í hvað myndir þú fara?** Í sundskýlu páfans.

**Hvaða núlifandi manneskju hatar þú og hvers vegna?** Ég trúi ekki á hatur og vil meina að manneskja sem hatar sé yfirleitt verri en sú sem hún hatar. En Dick Cheney og George W. Bush skora hátt á óvildarlistanum. Björn Ingi framsóknarmaður fer líka óstjórnlega í taugarnar á mér. Sér hann enginn leggja drulluólöglega uppi á gangstétt þegar hann er að mæta á fund í Framsóknarhúsinu í fréttatímanum? Come on!

**Ef þú gætir stýrt framtíð þinni, hvað sæir þú fyrir þér í þremur setningum?** Eftir að ég hef lokið mér af við að gera Organ að lifandi goðsögn í skemmtanalífinu myndi ég snúa mér að óhjákvæmilegri heimsfrægð Kimono. Í kjölfarið myndi ég redda þessum heimsfriði sem allir eru að tala um, taka á móti Nóbelsverðlaunum og verða fyrsti trúleysinginn sem kjörinn verður páfi. Frá Vatíkaninu myndi ég svo eyða ævikvöldinu í að leysa upp öll trú-

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**NAFN:** Gylfi Blöndal, tónlistarmaður og skipuleggjandi á tónleikastaðnum Organ.

**FÆÐINGARÁR:** 1977, árið sem Elvis dó, Rumours með Fleetwood Mac kom út og fyrsta Star Wars-myndin kom í bíó.

**FERILL Á HUNDAVAÐI:** Fæddur á Seyðisfirði, flyt 5 ára gamall til Reykjavíkur og slít barnsskónum á Háaleitisbrautinni. Fjórum handleggsbrotum og tveimur götum á hausinn síðar smitast ég alvarlega af tónlistarbakteríu og stofna hljómsveitina Bloodshed, þrettán ára gamall. Flyt 18 ára til New Jersey í BNA og spila þar með pönksveitinni Fast Orange og reiknirokksveitinni We Built it. Stofna hljómsveitina Kimono með félögum mínum stuttu eftir heimkomu til Íslands. Starfa nú sem „Organizer“ á Organ, jafnframt því að spila á gítar í Kimono.

arbrögð heimsins til að tryggja eilífan heimsfrið og setja svo sjálfan mig af sem páfa og verða þar með síðasti páfinn.

**Hefurðu einhvern tímann lent í ógurlegri hættu?** Svo sannarlega, nokkrum sinnum. Að horfa á bíl koma akandi á 90 km hraða inn í bílsætið þitt er viðburður sem fær þig til að fara snögglega yfir helstu vonbrigði lífsins, og spyrna fótum svo ærlega í gólfið. Svo sneri ég gamla Volvonum mínum í nokkra hringi í snjóbyl á hraðbraut í New Jersey og rétt sleikti hornið á 18 hjóla trukk. Æðislegt. Það kostaði buxnaskipti á næstu bensínstöð.

**Hvað er það versta sem einhver hefur nokkurn tímann sagt við þig?** „Eitthvað fleira?“

**Hvaða bók er á náttborðinu?** Sjálfsævisaga Davids Lee Roth; Crazy From The Heat. Þetta er önnur lesning, nota bene.

**Drykkurinn?** Vodka, tónik og latte með vanillubragði.

**Facebook eða MySpace?** Gimme some space and get off my face!

**Helduðu að Britney eigi afturkvæmt?** Bíddu, er hún hótelerfinginn eða poppstirnið nærbuxnalausa? Eða eru þær sama manneskjan? Hver var spurningin?

**Hvaða kvikmynd getur þú horft á aftur og aftur og aftur?** Barfly með Mickey Rourke og Faye Dunaway eftir handriti Charles Bukowskis. Ótrúlega heiðarleg mynd.

**Hver er syndsamlegasta nautnin þín?** Þýskt súkkulaðikex. Þeir skilja þetta sem vilja.

**Hvaða lag ætti að spila í jarðarförinni þinni?** Landslide með Fleetwood Mac. Ég myndi syngja með úr kistunni.

**Hvað er á döfinni hjá þér í október?** Flottir tónleikar eins og Skakkamanage, Motion Boys, Ólöf Arnalds vs. Ólafur Arnalds og svo á Iceland Airwaves eftir að heimta mikla orku. Að mála eldhúsið heima er alveg inni í myndinni líka.

amb@frettabladid.is

## MÆLISTIKAN

### Á uppleið

**Hermannalúkkið.** Og við erum að tala um Napóleon, ekki Víetnamstríðið.





**Gestalisti Friðarsúlunnar.** Loksins hafa þeir verið skjalfestir sem skipta einhverju máli á Íslandi. We love you!

**Næturvaktin.** Eftir erfiða fæðingu virðast Jón Gnarr og Pétur Jóhann loksins vera að ná til áhorfenda. „Eigum við að ræða þetta eitthvað frekar?”





**Rokk og ról.** Iceland Airwaves færir stanslaust stuð í bæinn í næstu viku.

### Á niðurleið

**Spilltir stjórnmálamenn.** Punktur.



**Friðarsúlan. Það er klárlega ljóst að hún færði engan frið til Reykjavíkurborgar.**

**Sjónvarpskynnar** sem líta frekar út eins og þeir séu á leið á djassballettsýningu en í sjónvarpssal að taka út málefnin. Legghlífar og fléttur í útsendingu er bara hreint ekki til að taka alvarlega.




**Tískulöggur.** Toppa hverja aðra í ósmekklegheitum og enginn ætti að fara eftir stílráðum þeirra.


BT
15,4"
20.000 KR LÆKKUN!!
TOSHIBA
PSAEGE-00L00MN5
TOSHIBA SATELLITE A210-138
AMD Turion 64 X2 TL-52
15.4" TFT WXGA TruBrite
ATI X1200 319MB UMA
2GB Vinnsluminni (2x1024)
120GB Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2 ára alþjóðleg ábyrgð
99.999
119.999
BT LÁN
Verð frá:
2.897
59 mánaða
ATI Radeon X1200
Vandað skjákort frá ATI. Ræður við flesta nýja tölvuleiki sem og eldri leiki.
AMD Turion 64 X2
Nýjasta fartölvutæknin frá AMD. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.
2GB Vinnsluminni
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.
120GB Harður diskur
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 120GB hörðum disk.
NÝR 4GB IPOD
AÐEINS Í BT
4GB
Hipp, kúl og töff
24.999
IPOD NANO Silver
PS3 STARTER PACK
PS3 leikjavél
2 Þráðlausir stýripinnar
FYLGIR
FYLGIR
VERÐ LÆKKUN!!
59.999
BT LÁN
Verð frá:
1.808
59 mánaða
BT
Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri



# HLJÓÐFÆRI HUGANS

## Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

### Á móðurmálinu

Þegar maður skrifar á móðurmálinu – og þá á ég við þann sem listina kann – hefur hann vald yfir því, jafnvel hljóð þess verða plestin efni sem hann getur sveigt að vild svo úr þeim verði alls kyns hljóðrænar skuggamyndir, bergmálandi í huga lesandans, ef ekki annars staðar; hann hefur til umráða öll þau orð málsins sem hann vill, hann getur grafið upp fornyrði, tínt upp orð úr mállýskum, alþýðumáli og slangi ýmiss konar, og hann getur búið til ný orð ef hann vill svo við hafa. ... [En sá sem skrifar á öðru tungumáli] hefur ekki þetta vald né þetta frelsi, heldur verður hann að fylgja stundlegum fyrirmyndum og skrifa í rauninni hlutlaust mál. Hljóðin í annarlegum málum reynast grjóthart efni sem ekki er hægt að móta. Ekki er fyrir hendi neitt svigrúm til nýsköpunar og tjáningunni eru takmörk sett. Halldór Laxness gat skrifað kiljönsku á móðurmáli sínu, það hefði verið erfitt fyrir hann á öðru tungumáli.

*Einar Már Jónsson: Bréf til Maríu (2007)*

### Forslátrun

Guðný Svavarsdóttir skrifar: „Ég er bókavörður á Höfn í Hornafirði og inn á borð til mín berast oft undarlegar fyrirspurnir, hér um daginn var auglýst í staðarblaðinu okkar eftir sauðfé í forslátrun og þá kom spurningin hvernig virkar forslátrun? Fólk velti því fyrir sér hvort fénu yrði hálflógað þá og síðan klárað í aðalslátrun. En mig langar að vita hvaðan kemur þetta?“ – Þessu get ég ekki svarað. Forslátrun hljómar einkennilega svo ekki sé meira sagt. Helst kemur mér í hug að átt sé við: áður en eiginleg haustslátrun hefst, en það ætti að orða öðru vísi.

### Hlutabréf fara upp

„Kínversk hlutabréf fóru upp“ – var sagt á Stöð 2, 13. sept. og trúlega ekki í fyrsta sinn sem svo er tekið til orða. Upp hvert? Upp á loft? Aulaþýðing á **went up?** Er þetta kannski eitthvað fínna en að segja þau hafa hækkað?

### Tekið áðí –

segir í myndafyrirsögn í Mbl. 12. sept. og er ekki fallegt. Er þetta þáttur þess virðulega blaðs Morgunblaðsins í þróun íslensks ritmáls? „En ég kláraði mig gersamlega“ – segir viðmælandi í sömu grein – og á trúlega við að hún hafi verið orðin örmagna. Þetta minnir á umfjöllun Einars Más í **Bréfi til Maríu** um „stofnensku“ framtíðarinnar, einföldun máls með fábrotinn, einfaldan orðaforða.

### Áskorun

Ég skora á alla sem vilja vanda málfar sitt að forðast algerlega *varðandi, hvað varðar, hvað snertir*. Það er ljótt stofnanamál og með öllu óþarft. Notið heldur góðar og gildar og einfaldar forsetningar: um, í, fyrir o.s.frv.

### Braghenda

*- úr þjóðgarðinum í Skaftafelli:*
*Fannahvítur fellur jökulfossinn*
*niður.*
*Þungur er hans þögli niður,*
*þaðan veitist innri friður.*

*Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is*

# POSTULÍNSHVÍT FEGURÐ

## Kolbrún Ólafsdóttir uppgötvar leyndardóma Kínaveldis

Hér í Peking er margt ólíkt því sem ég þekki að heiman. Eitt af því er mælikvarðinn á kvenlega fegurð hér í Kína og hvað kínverskar konur gera til að öðlast þá fegurð. Eftir að ég hafði verið hér í nokkurn tíma og farið nokkrum sinnum í búðarferðir komst ég að því að það er ekki svo auðvelt fyrir okkur vestrænu konurnar að kaupa snyrtivörur. Þrátt fyrir að snyrtivörumerkin séu þau sömu og í Evrópu og Bandaríkjunum eins og Estée Lauder, L'Oreal, Dior, Olay og Shiseido eru vörurnar sjálfar allt aðrar. Aðal markmiðið með snyrtivörunum hérna er að gera húðina hvítari. Það er nú ekki eitthvað sem við vestrænu konurnar erum hrifnar af en gyllt eða brún húð hefur verið merki fegurðar og hreysti okkar undanfarna áratugi.
Hér er þessu akkúrat öfugt farið og hvít húð hefur í margar aldir verið helsta merki fegurðar hér í landi og víðar í Asíu. Hvít húð hefur verið talið helsta merki sakleysis, kvenleika, fágunar og þjóðfélagsstöðu. Í gömlum, kínverskum ljóðum er fallegum konum lýst sem konum með húð hvíta sem mjöll. Um aldir hafa kínverskar konur reynt að öðlast þessa fegurð með ýmsum ráðum, meðal annars með því að mala perlur og gleypa duftið en það átti að gera húð þeirra perluhvíta og fallega eftir því. Í dag eru það hins vegar hillur snyrtivöruverslana sem svigna undan snyrtivörum sem lofa hvítri og fallegri húð. Það sem hefur verið gagnrýnt varðandi þessar snyrtivörur er að í þeim hafa verið bleikiefni sem fara ekki vel með húðina. Framleiðendur sverja hins vegar að þessi krem séu hættulaus fyrir húðina og alltaf sé verið að þróa betri og betri vörur. Þessi rök snyrtvöruframleiðandanna virðast hafa skilað sér því síðustu 10 árin hefur eftirspurnin eftir snyrtivörum í Kína aukist mjög mikið og berjast snyrtivöruframleiðendur um að ná sem stærstum hluta af þessum stærsta markaði veraldar. Framleiðendurnir bjóða ekki eingöngu viðskiptavinum sínum upp á andlitskrem sem hafa þau áhrif að gera húðina hvítari heldur eru það einnig líkamskrem, maskar ýmiss konar, svitalyktareyðir og margt fleira. Þessar vörur eru auglýstar út um allt, endalaust áreiti af loforðum um hvítari húð og þar af leiðandi fallegra útlit. Þessi loforð um betra útlit eru alls ekki ódýr og kremin kosta hér um 3.-6.000 krónur sem er mjög mikið miðað við mánaðarlaunin sem geta jafnvel verið 20.-30.000 krónur.
Konurnar hér kaupa ekki aðeins krem til að öðlast meiri fegurð með hvítari húð. Til þess að passa upp á hina dýrmætu hvítu húð forðast þær sólina eins og pestina og nota til þess ýmis ráð. Sem dæmi má nefna að í sólskini ganga þær með sólhlífar og hatta og hylja bera handleggina sína.
Það er því ekki skrítið að ég með mína fölu íslensku húð hafi vakið nokkra athygli kínverskra kynsystra minna. Ég hef ósjaldan verið stoppuð af kínverskum konum sem hafa sagt mér að ég hafi einstaklega fallega húð. Þetta er klassískt dæmi um kaldhæðni örlaganna að konur í Kína skuli horfa öfundaraugum á hvíta húð vestrænna kynsystra sinna meðan þær hins vegar horfa með sömu öfundaraugunum á gyllta húð þeirra kínversku. Er þetta ekki enn eitt dæmið um hið gamalkveðna að maður þráir alltaf það sem maður hefur ekki?

*kolafs@simnet.is*



**PEKING, KOLBRÚN ÓLAFSDÓTTIR**



**ALLT FYRIR FÖLVANN** Sölukonur bjóða upp á andlitskrem, líkamskrem og svitalyktareyði með bleikiefnum.

# HELGARKROSSGÁTAN










86 MP & BH

EINS · DVERGLILJA · SÁR · FROST-SKEMMD · KRINGUM · GLUFA

FUGL · ANGRA / GUFA

LÍKAN / AUMA · 1 · HVER EINASTI · DREIFA · RYKKORN · MAGAFYLLI

FUGL · TVEIR EINS · FJALLS-TINDUR · Í VIÐBÓT · AFHEND-INGAR / HULDU-MAÐUR

ÖRÐUGUR · UMFANG / FRAMVEGIS · TREYSTA

GÆFA · BLÁSTUR / SANNINDI · HÁRS / GAGN · TVEIR EINS / LOKKA

FYRIRDRAG / HEIÐURS-MERKI · ILLGRESI / ÖFUG RÖÐ · SPÍRUN / UNDIR-STAÐA

TEYGUR · SKARÐ · 4 · SARG / TRÉ · ÖRN / UMHYGGJA

JURT · 2 · NÚMER TVÖ / LÍFHVATI · RUNA / TÖF · 3 · NÆÐINGUR

RÁS · ER · KLAFI / ÓSKIPULAG · SÆTUEFNI / HYLUR

KÖLSKI · VANTALINN / SVIF · SUSS · KROT

ANDI · KAPP / Í RÖÐ · 5 · NEÐAN / ÞURRKA ÚT

UMSJÓN

EFLA · ATLÖGU



Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

# ÓDÝRASTIR Í 18 ÁR

BÓNUS

25%

KS FERSKUR LAMBAHRYGGUR **1049 KR/KG.**
~~1398 KR/KG.~~ 25% AFSLÁTTUR

35%

KS FERSKT LAMBALÆRI **844 KR/KG.**
~~1298 KR/KG.~~ 35% AFSLÁTTUR

VSK AF
...OG RÚMLEGA ÞAÐ

## LIBERO BLEIUR: VSK AF OG RÚMLEGA ÞAÐ! 25%

98
Bónus Kornbrauð 1 kg 98 kr.
Ath okkar brauð er 1000 gr

398
Íslenskir ungnauta hamborgarar 4x80gr 398 kr.

799
Íslenska ungnautahakkið 799 kr/kg.

79
SPRITE & SPRITE ZERO
2 LTR. 79 KR

179
Bónus ís 2 ltr. 179 kr boxið

BRÚN VISTVÆN EGG
25%
AFSLÁTTUR VIÐ KASSA

1259
Danskar svínalundir
1259 kr/kg. ~~1798 kr/kg~~ 30% afsláttur

## Ferskur Holtakjúklingur 40% til 50% afsláttur

1445
Holta ferskar kjúklingabringur
1445 kr/kg. 2408 kr/kg. 40% afsláttur

363
Holta fersk kjúklingalæri
363 kr/kg. ~~605 kr/kg.~~ 40% afsláttur

150
Holta ferskir kjúklingavængir
150 kr/kg 300 kr/kg. 50% afsláttur

363
Holta ferskir kjúklingaleggir
363 kr/kg. 605 kr/kg 40% afsláttur

BÓNUS

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD 10.00 TIL 18.00




*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru 18” álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



Nýtt tákn um gæði
Nýr og endurhannaður Ford Mondeo
Sexí keppinautur fyrir strákana hjá Toyota
Nýr og endurhannaður Ford Mondeo er nýtt tákn um mikilfengleika vestrænnar hönnunar. Vestrænna gilda. Verðugur keppinautur gæðabíla eins og Avensis og Mazda6. Gerðu samanburð. Prófaðu nýjan Mondeo, nýjasta keppinaut Audi A4 og BMW 3 í Evrópu.
Komdu í Brimborg. Veldu Ford Mondeo.
Nýtt á Íslandi.
Reynsluaktu Ford Mondeo. Finndu hvernig 6 þrepa sjálfskiptingin og 340 Nm sparneytna dísilvélin vinna saman.
Stilltu aksturstölvuna á rauntímaeyðslu. Kannaðu hæfni þína í vistakstri. Eyðslan kemur þér þægilega á óvart.
Mondeo
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is




# STUÐ MILLI STRÍÐA Umhverfisvænn ferðamáti fær séns

**SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR** ER BYRJUÐ AÐ FARA Í STRÆTÓ



Ég hef alltaf verið ötull talsmaður þess að hugsa vel um umhverfið. Enn þann dag í dag er mér strítt af vinkonum mínum fyrir sérkennileg áhuga- og baráttumál í æsku.

Þannig átti ég það til að banka upp á hjá þeim með tvo poka meðferðis og spyrja hvort þær vildu koma að „vernda“. Þar var vísað í verndun umhverfisins því ég ætlaðist til þess að allir hefðu jafnmikinn áhuga og ég á því að tína rusl út um víðan völl. Þetta var áður en aldur minn náði tveggja stafa tölu. Á unglingsárunum roðnuðu sömu vinkonur af skömm þegar ég tíndi upp sígarettustubba sem töffarar bæjarins hentu frá sér og rétti þeim þá aftur með þeim orðum að þeir hefðu misst eitthvað. Dæmin eru mörg og misvandræðaleg svona eftir á.

Þrátt fyrir þetta hef ég aldrei gefið strætó séns, að minnsta kosti ekki hér á landi. Í öll þau skipti sem ég hef búið erlendis, allt frá Danmörku til Indlands og Perú, hef ég notað almenningssamgöngur og fundist það stórfínt. Hins vegar hef ég tekið orð annarra fyrir því að hérlendis sé ómögulegt að ferðast um með þessum hætti. Biðtími milli vagna sé engum bjóðandi, ferðaáætlanir svo síbreytilegar að full vinna sé að fylgjast með nýjustu upplýsingum og að ferðamátinn sé síður en svo ókeypis.

Fyrir skömmu ákvað ég að gefa strætó séns og ferðast með honum alla leið frá Akranesi og hingað í Skaftahlíðina. Ég ætla ekki að gerast sjálfskipaður sérfræðingur í málefnum strætó eftir tíu ferðir, en ég er ekki frá því að Íslendingar hafi fellt sleggjudóm í þessu máli. Ég er að minnsta kosti alsæl þrátt fyrir að ferðast lengstu leiðina sem í boði er og þurfa að skipta tvisvar um vagn. Ég les blöðin á leiðinni, sef eða spjalla við næsta mann. Ég þarf aldrei að setjast inn í kaldan bíl og slepp við að skafa af rúðunum í vetur. Ég þarf ekki að borga í göngin og ég legg mitt af mörkum til umhverfisins. Er hægt að hafa það betra?

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Sprengitilboð
Keyptu sófasett og fáðu sófaborð í kaupbæti*
*Ef keypt er eitthvað af eftirfarandi sófasettum fylgir sófaborð að eigin vali að verðmæti allt að 40.000 kr. með í kaupbæti.
Einungis fáanlegt í Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri
144.000kr GOTT VERÐ
Hornsófi 2+h+2 Roma
164.000kr GOTT VERÐ
Leður tungusófi 2+t 8027
239.000kr GOTT VERÐ
Hornsófi 2+h+2 6689
219.000kr GOTT VERÐ
Leðursófasett 3+1+1 Dany
204.000kr GOTT VERÐ
Leðursófasett 3+1+1 Nice
199.000kr GOTT VERÐ
Leðursófasett 3+1+1 8181
199.000kr GOTT VERÐ
Leðursófasett 3+1+1 8183
156.000kr GOTT VERÐ
Púðahornsófi 2+h+2 Paris
149.000kr GOTT VERÐ
Tunguhornsófi 2+h+t 8922
249.900kr GOTT VERÐ
Leðursófasett 3+1+1 8189F
199.000kr GOTT VERÐ
Leðursófasett 3+1+1 8185
158.400kr GOTT VERÐ
Bycastsófasett 3+1+1 Roma
Gildir til 16. október eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Hæhó Auxpan

Fjöllistamaðurinn Auxpan, sem dagsdaglega heitir Elvar Már Kjartansson, tekur þátt í Sequences-myndlistarhátíðinni með gjörningi sem hann flytur í Gallerí Dvergi í kvöld.


FJÖLLISTAMAÐURINN AUXPAN

Gjörningurinn, sem kallast „Hæhó Auxpan“, hefur ekki verið lengi í undirbúningi. „Ég ákveð gjarnan með skömmum fyrirvara hvað ég geri á gjörningum. Í Gallerí Dvergi verð ég eflaust með einhverja tónlist og fleira skemmtilegt,“ segir Elvar spurður um hvað fer fram á gjörningnum.

Gjörningar hans hafa getið sér orð fyrir að reyna á líkamleg mörk. „Ég á það til að stökkva úr mikilli hæð eða gera annað sem kannski lítur út fyrir að vera hættulegt. Ég er þó ekki í neinni hættu, þetta er bara hluti af gjörningnum,“ segir Elvar. Hann vill þó ekkert segja um hvort vænta megi slíkra tilþrifa í gjörningnum á laugardag.

-vþ

# Mannamyndir í Hafnarborg

**Stórsýning verður opnuð í dag í Hafnarborg með mannamyndum af ýmsu tagi: portrettum. Sýningin byggir á samkeppni fyrir portrettlistaverk sem efnt er til að frumkvæði safnsins í Frederiksborgarhöll í Danmörku (Det Nationalhistoriske Museum í Frederiksborg) en safnið á stærsta safn portrettlistaverka á Norðurlöndunum. Aðalstyrktaraðili er Carlsbergsjóðurinn og eru verðlaunin kennd við bruggmeistarann J.C. Jacobsen og nefnast Brygger J.C. Jacobsens Portrætpris.**



MYNDLIST Hluti af verðlaunaverkinu sem er myndbandsverk eftir Sonia Lilebæk Christensen, On a slow boat to China.

Fyrstu verðlaun eru 75 þúsund danskar krónur, önnur verðlaun 30 þúsund og þriðju verðlaun 15 þúsund. Einnig eru veitt sérstök verðlaun fyrir verk sem gestir sýningarinnar tilnefna og sérstök viðurkenning fyrir frumlegasta verk sýningarinnar. Fagleg dómnefnd valdi verkin á sýninguna. Á sjötta hundrað verk bárust í keppnina og íslensku listamennirnir sem valdir voru í keppnina voru þau Dodda Maggý Kristjánsdóttir, Helgi Gíslason, Kristveig Halldórsdóttir, Sesselja Tómasdóttir og Sigrún Eldjárn, en alls eru verk eftir áttatíu listamenn á sýningunni. Þeir sem hlutu verðlaun voru Sonja Lillebæk Christensen, 1. verðlaun, Sven Ljungberg, 2. verðlaun, Torben Eskerod, 3. verðlaun og verðlaun fyrir frumlega útfærslu portrettverka hlutu Daniel Hoflund og Mette Watten.

Sýningunni Portræt nu svipar að mörgu leyti til þeirra stórsýninga á portrettverkum sem hefð er fyrir að halda í Bretlandi, Ástralíu og Ameríku ár hvert og sem ætíð vekja mikla athygli. Sú sýning sem íslensku listamennirnir taka þátt í nú sker sig þó úr að því leyti að hér verða ekki eingöngu hefðbundin portrett málverk eða skúlptúrar, heldur hafa listamennirnir frjálst val um efnistök. Þetta er í fyrsta sinn sem efnt er til norrænnar samsýningar af þessu tagi en stefnt er að því að portrett-sýningar með þessu sniði verði framvegis haldnar annað hvert ár. Þau söfn sem standa að sýningunni auk safnsins í Frederiksborgarhöll eru Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, Amos Andersson-listasafnið í Helsinki, Listasafnið í Gripsholmhöllinni í Svíþjóð og Norska þjóðlistasafnið í Osló. Sýningin var opnuð í Danmörku í maí síðastliðnum og af því tilefni var efnt til málþings um stöðu portrettlistar í dag, með áherslu á Norðurlöndin. Þar voru forstöðumenn áðurnefndra portrettlistasafna í Bretlandi, Bandaríkjunum og Ástralíu, auk forstöðumanns Portrettlistasafnsins í Svíþjóð meðal frummælenda og norrænir listfræðingar og gagnrýnendur voru meðal þeirra sem tóku þátt í umræðum.

Sýningin er opin alla daga nema þriðjudaga frá kl. 11 til 17. Fimmtudaga er opið til kl. 21. Síðasti sýningardagur er 22. desember. Frítt er í hafnfirsk söfn í boði Glitnis.

pbb@frettabladid.is

# Spýtustrákur lærir á lífið

**Barnaleikritið Gosi verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í dag. Hér er á ferð sannkölluð stórsýning og mikið sjónarspil með glæsilegum búningum, gervum, tónlist, fimleikafólki og fleiru.**


ÞROSKASAGA Víðir í hlutverki Gosa.

Ævintýrið um Gosa er vel þekkt. Þar segir frá leikfangasmiðnum barnlausa Jakobi, sem sker út strengjabrúðu á töfrastund og brúðan lifnar við. Brúðan fær nafnið Gosi, en reynist vera óstýrilátur strákur sem óhlýðnast föður sínum. Í stað þess að mæta í skólann stefnir Gosi á vit vafasamra ævintýra sem reka hann á ótrúlegustu staði. Með þátttöku í ævintýrunum skerpist samviska hans, hann lærir og þroskast.

Víðir Guðmundsson leikur Gosa. Hann segir hlutverkið ekki vandalaust. „Gosi er náttúrlega þekkt persóna og því er ekki alveg sama hvernig ég leik hann. En sagan um Gosa er sígild þroskasaga; Gosi er fremur einfaldur í fyrstu og lætur ginna sig en svo þroskast hann og vitkast eftir því sem hann kynnist heiminum betur. „Karl Ágúst Úlfsson vann leikgerðina upp úr ævintýri Carlo Collodi sem kom út árið 1883 og náði þegar nokkrum vinsældum í heimalandi sínu, Ítalíu. „Upprunalega sagan af Gosa er dálítið ólík Disney-ævintýrinu sem flestir þekkja; í ævintýri Collodis kveður við öllu dekkri tón. Leikgerðin sem við setjum á svið hér fer nokkurs konar milliveg á milli frumútgáfunnar og Disney-útgáfunnar. Hún hefur sama fallega boðskapinn og er svo áberandi í Disney-myndinni, en aðrir þættir hennar sækja jafnframt í heim upprunalegu sögunnar,“ segir Víðir.

Víðir tók þátt í uppfærslu barnaleikrits með Nemendaleikhúsinu á sínum tíma. Hann hefur því reynslu af að koma fram fyrir unga áhorfendur. „Börn og fullorðnir eru vissulega fremur ólíkir áhorfendahópar. Það er afskaplega gaman að leika fyrir börn, enda eru þau ekki komin í leikhús til að dæma heldur frekar til að upplifa og njóta sýningarinnar. Maður getur treyst þeim fullkomlega vegna þess að þau eru alveg einlæg í viðbrögðum sínum; maður verður strax var við hvernig leikritinu er tekið.“

Sýningin um Gosa er afar sjónræn og því vel til þess fallin að vekja sterk hughrif og viðbrögð hjá áhorfendum. „Þetta er einfaldlega frábær sýning fyrir alla fjölskylduna. Þetta verður eflaust ein af þessum uppfærslum sem lifa lengi í hugum ungra áhorfenda,“ segir Víðir.

vigdis@frettabladid.is



















# Öskubuska fékk ekki prinsinn

Börn leika fyrir börn og ömmur og afa í gamla Austurbæjarbíói.

Öskubuska er sem fyrr ákaflega aum lítil stúlka sem neyðist til þess að skrúbba og skúra frá morgni til kvölds meðan óþolandi stjúpsystur fetta sig og gretta og þurfa ekkert að gera annað en klaga þá stuttu. Í þessari útgáfu er pabbinn allt í einu sýnilegur þó hann sjálfur sjái nú harla lítið, honum er nefnilega haldið sofandi á lyfjum í hjólastól og það er hin útsmogna stjúpa sem sér til þess. Öskubuska, sem vill pabba sínum allt hið besta, er svo látin dæla lyfjunum í hann án þess að vita sjálf að hún er að gera hann að sjúklingi.

Ballið er á sínum stað eins og í gömlu sögunni. Prinsinn er á sínum stað eins og í hinni hefðbundnu sögu en hann á aftur á móti litla kærustu sem er, eins og Ofelía í Hamlet, ekki þessum prinsi samboðin þannig að þess vegna verður að blása til dansleiks þar sem kynna á kvenkostinn í ríkinu. Þar er stúlkutetrum raðað upp og þær kynntar ekki ósvipað og gert er í hinum forheimskandi fegurðarsamkeppnum samtímans. Stjúpan heggur hælinn af annarri dótturinni og tána af hinni en engu að síður er það hin aumkunarverða Öskubuska sem passar í skóinn alveg eins og við þekkjum úr ævintýrinu gamla. Lítil álfkona með sólgleraugu hafði hjálpað henni til að komast af stað og auðvitað dansaði hún við prinsinn og missti af sér skóinn eins og lög gera ráð fyrir.

Nú hefst hin mikla leit um allt ríkið að þeirri stúlku sem passar í skóinn og þegar Öskubuska er komin aftur í skóinn fær prinsinn leyfi til þess að giftast Björnku æskukærustunni sinni þannig að þegar brúðkaup er haldið og allir hlæja og hoppa og leikritið er búið er Öskubuska alveg eins umkomulaus og hún var þegar hún var útundan heima hjá stjúpunni.

Það er ekkert sem segir að Öskubuska geti ekki orðið hamingjusöm án þess að giftast prinsinum. Kannski hafa höfundar hér hugsað með sér að þetta væri rosalega sneddí því þá gæti hún bara farið í háskóla og orðið hjúkrunarfræðingur eða kvenprestur, en því miður hugsa ekki krakkar þannig. Einhverja umbun átti Öskubuska að fá og til hvers var verið að leita að stúlku sem passaði í skóinn?



Hver var markhópur sýningarinnar? Áhorfendahópurinn er oftast á fyrstu árum grunnskóla fyrir utan afana og ömmurnar og lausnir af þessu tagi eru ekki alveg í smekk og anda þessara áhorfenda.

Agnar Jón Egilsson er bjartsýnismaður og einkar hugmyndaríkur og á mikið hrós skilið fyrir að koma saman sýningu af þessari stærðargráðu með svo svakalega ólíkum listamönnum. Aldur leikaranna teygist frá 9 til 15 ára og það er kannski það sem er erfiðast, að þroskamunur listamannanna er svo mikill.

Mér eru sérstaklega minnisstæðir tveir yndislegir þjónar sem báru glasabakka í höllu konungs, einkar ábúðarfullir, tóku starf sitt alvarlega og voru svo sannarlega með hugann við það sem þeir voru að gera.

Kallari konungs var skýrmæltur mjög og fór Malen Rún Eiríksdóttir með það hlutverk.

Öskubuska sjálf var einnig ein af þeim sem bæði töluðu skýrt og skildu hvað þau voru að segja. Bryndís Tatjana Dimitrisdóttir verður sennilega oftar á fjölunum. Það er erfitt að fara að telja upp alla leikarana en það er ekki hægt að tala um þessa hátíð án þess að minnast á álfkonuna litlu sem varð uppáhald áhorfenda, Snædís Arnardóttir heitir stúlkan sú og kunni vel þá list að stela senunni. Þessi sýning er um margt mjög góð en lýsingin var draugsleg og á köflum eins og ekki nægjanlega til hennar vandað. Það sem er virðingarvert er að vera með svona margbreytilegan leikhóp og takast að láta alla njóta sín því sumir fengu að stökkva inn í mörg hlutverk.

Afi, stattu upp úr sófanum og farðu með barnabörnin að horfa á frábæra leikara syngja og leika og bjóddu þeim svo á leiklistarnámskeið á eftir! Til hamingju, krakkar!

**Elísabet Brekkan**

**LEIKLIST**

**Öskubuska**

Leikgerð og leikstjórn: Agnar Jón Egilsson
Tónlist: Hallur Ingólfsson
Búningar: Svanhvít Thea Árnadóttir
Dans: Sibylle Köll


Salurinn

**FIMMTUDAGUR 11. OKTÓBER KL. 20**
FJÖLSKYLDUFERÐ TIL AFRÍKU
Miðaverð 1500 kr / ókeypis fyrir börn

**FÖSTUDAGUR 12. OKTÓBER KL. 20**
TÍBRÁ: ÓPERUTÓNLEIKAR
FRÁ ÞJÓÐARÓPERUNNI Í RIGA
Miðaverð 2000 kr / 1600 kr

**LAUGARDAGUR 13. OKTÓBER KL. 13**
TKTK: FLAUTA OG PÍANÓ
Miðaverð 1500 kr / 500 kr / ókeypis fyrir börn

**SUNNUDAGUR 14. OKTÓBER KL. 20**
TÍBRÁ: SÖNGBÓK JAZZINS
TÓNLIST RICHARDS RODGERS
Miðaverð 2000 kr / 1600 kr.

**SUNNUDAGUR 21. OKTÓBER KL. 20**
TÍBRÁ: SELLÓ OG PÍANÓ
TANYA ANISIMOVA og LYDIA FRUMKIN
Miðaverð 2000/1600 kr.

SPK SPARISJÓÐURINN
AÐALSTYRKTARAÐILI SALARINS
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS





ÁTAK
MEÐ FJÓLU
LÍFSTÍLSNÁMSKEIÐ
SEM STENDUR YFIR
Í ÁTTA VIKUR
ÞAR SEM MARKMIÐ
ERU SETT
OG ÞEIM NÁÐ.
**Hefst 16. Október**
Frekari upplýsingar:
MECCA SPA
www.meccaspa.is
og síma 511-2111



Ný katta tegund á Íslandi







Agria
whiskas
Jette Eva Madsen
Danmörk
Dietmar Sagurski
Þýskaland
Eva Porat
Svíþjóð
Thea Friskovec
Slóvenía





Haustsýning Kynjakatta
Nánari uppl. á www.kynjakettir.is
Sýningin verður haldin
13. og 14. október 2007
í Reiðhöll Gusts, Álalind, Kópavogi
Höllin er opin frá kl.10 - 18 báða dagana



GERÐUBERG
www.gerduberg.is





**Tríó Vadims Fedorovs**
Tónleikar miðvikudaginn 17. október kl. 21
Frönsk sveifla í bland við heims- og jazztónlist!
**Margrét Valdimarsdóttir leiðir tónleikagesti um sýninguna Handverkshefð í hönnun kl. 20**





**Handverkshefð í hönnun**
Sýnd eru verk 34 hönnuða, lista- og handverksfólks
**Leiðsögn á hverjum sunnudegi kl. 14.**
Boðið er upp á leiðsögn fyrir hópa. s. 575 7700





**Úr ríki náttúrunnar**
Guðmunda S. Gunnarsdóttir, alþýðulistakona, sýnir málverk og myndverk úr rekaviði og steinum.
Listakonan tekur á móti gestum um helgina.





**Vissir þú...**
að í Gerðubergi er góð aðstaða fyrir ráðstefnur, námskeið, fundi og móttökur.
**Bókanir: gerduberg@reykjavik.is • sími 575 7700**
Sýningar eru opnar virka daga frá 11-17
og um helgar frá 13-16. Sími 575 7700.



NG UM HELGINA
OPIÐ:
**LAUGARDAG KL. 12-16**
**SUNNUDAG KL. 13-16**
BLÖÐRUR OG FÁNAR FYRIR BÖRNIN!
IH INGVAR HELGASON

## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

**FYRIR LITLA TÖFFARA …**
**John Galliano** hefur hafið samstarf við fatamerkið Diesel um nýja fatalínu fyrir börn sem nefnist Les Jardins D'Avron. Fötin, sem eru fyrir 4-14 ára, koma í verslanir í janúar 2008.

**DÝR FÖT FYRIR DÝR**
**Vivienne Westwood** er einn af þeim fjölmörgu hátískuhönnuðum sem hanna fyrir tískusýninguna Pet-à porter í London. Westwood hannaði hundajakka úr demöntum og safírum sem kostar um tvær og hálfa milljón króna.

**GALLABUXUR FRÁ VICTORIU**
**Victoria Beckham** sýndi nýja gallafatalínu í lúxusversluninni Harrods í London. „Ég hef gengið í gallabuxum alla ævi og veit hvað konur vilja," sagði Victoria en línan nefnist DVB.

**stíll**
utlit@frettabladid.is


þessa ævintýralegu „Pagoda"-skó frá Alexander McQueen. Fegurð gengur fyrir notagildi.


dásamlega og fína kápu frá Karen Millen, Kringlunni. Í berjatón vetrarins.

OKKUR LANGAR Í …


pæjulega reimaða silfurskó með hæl frá Topshop, Kringlunni. Hátíska á spottprís.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
**Anna Margrét Björnsson**

# *Kinkí tásur*

Skórnir á tískuvikunni í París vöktu jafn mikla athygli og fatnaðurinn en það virðist sem hönnuðir séu að fara í mjög „kínkí"-áttir í skótaui. Af einskærri tilviljun á sér stað ljósmyndasýning í litlu gallerîi í París um þessar mundir titluð „Fetish" en þar hefur meistari David Lynch myndað konur annaðhvort á hnjánum eða liggjandi, klæddar aðeins í skó eftir Christian Louboutin. Er skóblæti sem sé það sem koma skal? Hönnuðir eins og Nicolas Ghésquiere hjá Balenciaga og Stefano Pilati hjá Yves Saint-Laurent sýndu afar dömuleg föt fyrir vor og sumar 2008, en í hrópandi mótsögn við öll settlegheitin klæddust fyrirsæturnar skóm sem komu svo sannarlega úr „fetish" heiminum. Ghésquiere klæddi fyrirsæturnar í háar leðurreimar sem hringuðust um fótleggina og Pilati setti þær á himinháa pinnahæla með aðeins einu mjóu bandi milli tánna sem hélt fótunum í skónum. Áhorfendur göptu af aðdáun og væntanlega líka af hræðslu, því að stúlkurnar litu út fyrir að vera í bráðri lífshættu á pallinum. Hjá Chloé voru hælarnir mótaðir í eins konar þríhyrning, og hjá Ninu Ricci beygðust hælarnir inn, eins og risavaxnar klær á bjarndýri. Alexander McQueen sýndi eflaust brjálæðislegustu skóna af öllum en þeir voru innblásnir af japönskum geisjum. Hvernig fyrirsæturnar fóru að því að ganga á þeim hef ég ekki hugmynd um. Háir hælar og spengilegir leggir eru langt frá því sjokkerandi í dag en skóblæti er þó „synd" sem blómstrar víða. Hver man ekki eftir þættinum í Sex and the City þegar skókaupmaður gaf Charlotte endalaus pör af rándýrum skóm bara til þess að fá að horfa á hana máta þá? Þetta eðalsamband þeirra brást svo þegar maðurinn gat ekki hamið fullnægingu sína í fullri búð af kúnnum. Sitt sýnist þó væntanlega hverjum um skó og ég er ekki viss um að karlmenn myndu sérstaklega heillast af „Pagoda"-skóm McQueens enda væri kærastan örugglega fótbrotin eða í fatla eftir eitt kvöld í því skótaui. Persónulega finnst mér YSL-skórnir langmest sexí þar sem það er eitthvað skemmtilega syndsamlegt við örmjóa pinnahæla með málmbandi á milli tánna. Erótísk táknfræði? Ekki spyrja mig.












## SEXÍ HJÚKKUR OG ÁHRIF FRÁ SVAMPI SVEINSSYNI Í SUMARLÍNU LOUIS VUITTON:

# JACOBS SLÆR Á LÉTTU STRENGINA



Hönnuðurinn Marc Jacobs vakti óneitanlega athygli fyrir sumarlínu sína hjá tískuhúsinu virðulega, Louis Vuitton. Sýning hans átti sér stað á tískuvikunni í París í Versailles-höllinni og þar gaf að líta ofurbomburnar Evu Herzigova, Stephanie Seymour og Naomi Campbell í gegnsæjum hjúkkubúningum með svartar blúndugrímur yfir andlitinu. „Þetta er allt vegna samstarfs míns við listamanninn Richard Prince," útskýrði Jacobs, en teikningar Prince (sem gerði líka frægt umslag fyrir hljómsveitina Sonic Youth) verður að finna á töskum og fylgihlutum frá Vuitton í vor. En hvert skyldi Jacobs hafa sótt hið glaðlega litaspjald sem einkenndi línuna? „Ég elska Svamp Sveinsson og mér sýnist Rei Kawakubo gera það líka, við notuðum sömu litina!" sagði Jacobs glaðhlakkalega. Tískusýningin var sannarlega umdeild, enda um mjög sérkennilegar samsetningar að ræða. Brjálaðir litir eins og gult, skærbleikt, fjólublátt og grænt og blanda af siffoni, tvídefnum, peysum úr gerviefnum og regnfrökkum úr næloni voru greinilega leið Jacobs til að sýna fram á fullt listrænt frelsi innan hátískuhússins.

amb@frettabladid.is



**LITADÝRÐ OG FRUMLEGAR ÁHERSLUR**
Frá vinstri og niður: Glansandi pils við skærgræna og sexí sokka. Stelpulegt skautapils úr fjólubláu satíni við peysu endurvakti 50's lúkkið. Dömulegur kjóll úr eggaldinlituðu efni við myntugræna hanska og fjólublátt veski. Fyrirsæta í gegnsæjum hjúkkuslopp og svarta blúndugrímu vakti mikla athygli. Dásamlegt laxableikt og grænt lakkveski með hinni frægu LV áletrun. Karrígul dragt með röndóttri túrkisblárri treyju undir.


Börn
Dömur
Snyrtivörur
Heimilið
Herrar
VIÐ ERUM Á ALLRA VÖRUM
MAC
KOMIÐ OG SAMFAGNIÐ OKKUR
Í YFIRNÁTTÚRULEGU ANDRÚMSLOFTI
HÉR OG NÚ
ÞAR FLÉTTAST SAMAN TÓNLIST, FÖRÐUN OG TÍSKA
NÝR STÍLL, NÝIR LITIR
LÁTIÐ LISTAMENN OKKAR LEIÐA YKKUR INN Í ÞENNAN HEIM
M · A · C DEBENHAMS
DEBENHAMS, SMÁRALIND
S.: 522 8049
LAUGARDAGINN 13. OKTÓBER, FRÁ KL. 13 - 17
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!

## > VISSIR ÞÚ?

Fegurðin er ekki alltaf tekin út með sældinni. Ofurfyrirsætan Naomi Campbell eyðir yfir 40 þúsund krónum í augnháralengingar á sex vikna fresti, til að halda rétta augnsvipnum við. Hvert augnhár er handgert og fest við náttúrulegt augnhár með lími. Þar með lengist hárið um einn þriðja.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# 110 manns fylgja Bocelli til landsins

Undirbúningurinn er í fullum gangi fyrir tónleika ítalska stórsöngvarans Andreas Bocelli í Egilshöll 31. október. „Það verða tæplega 110 manns sem koma gagngert frá Bocelli og tékknesku sinfóníunni. Við munum leggja allt púður í að gera þetta sem veglegast fyrir áhorfendur,“ segir Karl Lúðvíksson hjá Déjávu sem stendur fyrir komu tenórsins.

Bocelli er margverðlaunaður tenór og einn söluhæsti tónlistarmaður heims síðustu ár. Hann öðlaðist heimsfrægð fyrir rúmum áratug fyrir enska útgáfu sína á laginu Con te partirò sem margir ættu að þekkja sem Time to Say Goodbye. Bocelli hefur verið blindur frá tólf ára aldri en þykir búa yfir einstakri rödd.

„Þetta er langfrægasti tenórinn sem kemur reglulega fram í dag. Í upphafi ferils síns söng hann poppklassík og náði til miklu breiðari hóps en tenórarnir þrír. Hann er að færa sig meira í óperu og klassík núna en á tónleikunum hér heima ætlar hann að taka það besta frá sínum ferli,“ segir Karl. „Við munum leggja gífurlega vinnu í að hljóðið verði pottþétt. Egilshöll býður upp á að hljómburðurinn verði mikið jafnari en í Laugardalshöll fyrir þessa tegund tónlistar.“



**ANDREA BOCELLI** Ítalski stórsöngvarinn Andrea Bocelli heldur tónleika í Egilshöll 31. október.

Að sögn Karls hefur miðasala gengið mjög vel og þegar er nánast uppselt í dýrustu sætin sem kosta 22.900 krónur. Þau ódýrustu kosta aftur á móti 8.900 krónur. „Miðaverð á tónleikana hér miðað við í Evrópu er töluvert ódýrara. Í Aþenu var það til dæmis í kringum 30 til 50 þúsund fyrir þokkaleg sæti. Þetta er ótrúlega gott tækifæri fyrir tónlistarunnendur að sjá þennan mann koma fram á tónleikum með þessari hljómsveit. Svona tækifæri kemur ekki aftur í bráð.“

- fb

# Lindsay rak mömmu

Lindsay Lohan hefur rekið móður sína, Dinu Lohan, en hún hefur verið umboðsmaður dóttur sinnar í fjölda ára. Samkvæmt vinkonum Lindsay hefur stjarnan fengið nóg af því að mamma hennar hagnist á frægð hennar. Lindsay veitti tímaritinu OK! fyrsta viðtalið eftir að hún yfirgaf meðferðarheimilið Cirque Lodge í Utah, og þar er haft eftir stjörnunni að hún hafi snúið baki við vinum á borð við Samönthu Ronson og Britney Spears. „Ég er að gera mitt besta til að umgangast fólk sem er með hjartað á réttum stað,“ segir Lindsay í viðtalinu.

Dina Lohan hefur verið gagnrýnd harkalega fyrir að nota frægð dóttur sinnar sér til framdráttar. Um daginn skrifaði hún til dæmis undir samning við sjónvarpsstöðina E! um gerð raunveruleikaþátta í sex hlutum um líf hennar og Lindsay, án þess að hafa fengið samþykki dóttur sinnar. „Hún er reið yfir því að mamma hennar skyldi nota nafn hennar og skrifa undir pappíra sem hafa áhrif á feril hennar, án þess að bera það undir hana,“ segir heimildarmaður OK!.

Dina Lohan hefur vísað frétt Ok! frá. „Dina heldur áfram að vera umboðsmaður Lindsay og það sem meira er móðir hennar,“ segir talsmaður Dinu.



**REKUR MÓÐUR SÍNA** Lindsay Lohan reynir að umgangast góðhjartað fólk eftir meðferðina á Cirque Lodge, og hefur rekið móður sína sem umboðsmann sinn.

**ÓVINSÆL** Dina Lohan hefur verið gagnrýnd fyrir að reyna að hagnast á frægð dóttur sinnar og velja handa henni léleg hlutverk.




# Langt í að Villi fái styttu

**Allnokkur bið verður á því að brjóstmynd af Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, fráfarandi borgarstjóra, verði sett upp í Ráðhúsinu. Enn á eftir að klára fimm fyrri borgarstjóra áður en röðin kemur að honum.**



**FIMM EFTIR** Nýjasta brjóstmyndin í Ráðhúsinu er af Davíð Oddssyni, lengst til hægri, en hann lét af embætti 1991. Þá á eftir að móta fimm borgarstjóra áður en kemur að Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég er bara rétt aðeins byrjaður á Markúsi Erni Antonssyni. Hann er bara svo mikið í útlöndum að verkið gengur seint,“ segir Helgi Gíslason myndhöggvari. Helgi hefur undanfarin misseri séð um að gera brjóstmyndir af borgarstjórum Reykjavíkurborgar sem finna má í Ráðhúsinu. Hefð er fyrir því að brjóstmyndirnar séu settar upp nokkrum árum eftir að viðkomandi lætur af embætti. Tíð borgarstjóraskipti undanfarin fjögur ár setja þá hefð þó í uppnám. „Ég kemst nú seint í álnir í þessum bransa þó að borgarstjórar komi og fari,“ segir Helgi myndhöggvari glettinn um verkefnið.

Nýjasta brjóstmyndin í Ráðhúsinu er af Davíð Oddssyni, sem lét af starfi borgarstjóra árið 1991 þegar hann varð forsætisráðherra. Eins og áður segir vinnur Helgi nú að brjóstmynd af Markúsi Erni sem sat frá 1991-94. Þá á hann eftir Árna Sigfússon sem sat í stólnum skamma stund á vordögum 1994, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur (1994-2003), Þórólf Árnason (2003-4) og Steinunni Valdísi Óskarsdóttur (2004-6) áður en röðin kemur að Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni.

Ómögulegt er að sögn Helga að áætla hvenær næstu brjóstmyndir verða kláraðar. Bæði er misjafnt hvern borgarstjórarnir velja til verksins og eins hversu langan tíma hvert verk tekur. „Það fer allt eftir viðkomandi, hversu mikinn tíma þeir gefa sér í þetta. Ég er stundum heilt ár með hverja brjóstmynd.“ hdm@frettabladid.is



**LÖNG BIÐ** Vilhjálmur þarf að bíða í nokkur ár eftir brjóstmynd af sér.




**TÍÐ SKIPTI** Listinn yfir borgarstjóra Reykjavíkur hefur lengst hratt undanfarin ár.



**ÞOLINMÓÐUR** Helgi myndhöggvari er stundum heilt ár með eina brjóstmynd.



# ego dekor



Quant borðstofuskenkur
hvítt háglans
Stærð: 180x50xH:90
Verð: 124.000,-

Quant skápur
hvítt háglans
Stærð: 100x40xH:190
Verð: 128.000,-

Plant sófaborð
Stærð: 90x90
Verð: 38.000,-

# Nýtt frá Divany









Zen leðurstóll
Verð: 16.500,-
Einnig fáanlegur í svörtu og brúnu leðri



VIP leðurstóll
Verð: 15.800,-
Einnig fáanlegur í svörtu, brúnu og hvítu leðri




Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

# 1,2 milljónir seljast

Talið er að um 1,2 milljónir eintaka hafi selst af nýjustu plötu Radiohead, In Rainbows. Samkvæmt nýlegri skoðanakönnun hefur komið í ljós að meðalverð sem aðdáendur sveitarinnar hafa borgað fyrir að hlaða niður plötuna af heimasíðu hennar er tæpar 500 krónur.

Miðað við þetta er talið að Radiohead hafi þénað tæpar 600 milljónir króna á plötunni, þar sem nánast allur söluhagnaðurinn fer beint í vasa hljómsveitarinnar sjálfrar.

Radiohead er án útgáfusamnings og ákvað á dögunum að leyfa aðdáendum sínum að ráða hvað þeir vildu borga fyrir nýju plötuna. Virðist sveitin hafa hitt beint í mark með uppátækinu. Viðhafnarútgáfa af plötunni sem kostar tæpar fimm þúsund krónur verður seld á heimasíðunni í desember og þá má búast við því að tekjurnar aukist til muna. Einnig verður geisladiskurinn sjálfur fáanlegur í búðum snemma á næsta ári.



**THOM YORKE** Hljómsveitin Radiohead með Thom Yorke í fararbroddi virðist hafa veðjað á réttan hest með uppátæki sínu.




# Uppselt á Airwaves

Uppselt er á tónlistarhátíðina Iceland Airwaves. Þetta er fjórða árið í röð sem selst upp á hátíðina. Yfir tvö hundruð flytjendur koma fram á hátíðinni í ár sem stendur yfir í fimm daga, frá miðvikudeginum 17. október til og með sunnudeginum 21. október.

Hátíðin fer fram á níu aðal-tónleikastöðum í miðborg Reykjavíkur. Auk þess mun vegleg Airwaves-dagskrá fara fram í Norræna húsinu. Þar verður aðgangur ókeypis og er fjölskyldufólk og þeir sem sjá sér annars ekki fært að mæta á öldurhús bæjarins hvatt til að mæta og sjá tónleikana þar. Hefst dagskráin þar á fimmtudag þegar Sprengjuhöllin og Boys in a Band frá Færeyjum spila.

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Rapparinn **Snoop Dogg** þarf meðal annars að tína upp rusl til að framfylgja dómi sem hann fékk fyrir að hafa í fórum sínum ólöglegt vopn á flugvelli á síðasta ári. Snoop, sem heitir réttu nafni Cordozar Calvin Broadus Jr., var dæmdur í 160 klukkustunda samfélagsþjónustu fyrir athæfið. Ekki hefur komið fram hvenær Snoop hefur ruslatínsluna.



Hjartaknúsarinn **Jude Law** verður ekki ákærður fyrir að hafa ráðist á ljósmyndara fyrir utan heimili sitt í London í síðasta mánuði. Law var handtekinn eftir atvikið og yfirheyrður af lögreglunni. Nú hefur verið ákveðið að hann sleppi við allar ákærur og er hann því laus allra mála.



Leikkonan **Uma Thurman** mætti við hlið nýja kærastans síns Arpad Busson á góðgerðarsamkomu á dögunum. Þetta var í fyrsta sinn sem hún mætti með kærastann á opinbera samkomu síðan þau byrjuðu saman í júlí. Héldust þau hönd í hönd og virtust ástfangin upp fyrir haus. Busson, sem er viðskiptajöfur, er fyrrverandi unnusti fyrirsætunnar **Elle MacPherson**.



Frá kr. 1.430.000
Getz

- ABS með ESP hemlavörn
- Innbyggð árekstrarvörn
- 240/977 ltr. farangursrými
- Geislaspilari / MP3 og 4 hátalarar
- Hiti í sætum (Getz Sport)
- Topplúga (Getz Sport)

Frá kr. 16.900 á mánuði*

Hyundai hefur gæðin

Flottur er algjört skilyrði

Fáðu þér Getz og vertu á bíl sem uppfyllir öll skilyrði.



Frá kr. 16.900 á mánuði*

✓ Flottur ✓ Hagstæður
✓ Rúmgóður ✓ Traust bílaumboð
✓ Öruggur ✓ Góð þjónusta

B&L Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Getz GLS 5 dyra á 16" álfelgum. Bílasamningur miðast við 80% lánshlutfall af kr.1.430.000 í 84 mánuði og í erlendri myntkörfu, JPY 50%, CHF 50%.

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

## > Fundaði með Fram í gær

Þorvaldur Örlygsson, sem þjálfaði Fjarðabyggð í 1. deildinni í sumar með góðum árangri, sat fund með forráðamönnum hjá Fram í gær. „Við áttum góðan fund en ég get í raun ekkert staðfest um framhaldið að svo stöddu,“ sagði Þorvaldur í samtali við Fréttablaðið. En ef allt fer sem skyldi mun Þorvaldur stýra liðinu næsta sumar. Þorvaldur er ekki ókunnur Fram-liðinu og lék með því eitt tímabil, sumarið 1991, og skoraði þá tvö mörk í 14 leikjum. Þorvaldur hefur einnig þjálfað lið KA.



**sport**
sport@frettabladid.is

**FRIÐRIK STEFÁNSSON, FYRIRLIÐI NJARÐVÍKUR:** SPILAÐI VIKU EFTIR AÐ HAFA FARIÐ Í HJARTAÞRÆÐINGU

# *Var frekar taugaóstyrkur kvöldið fyrir leikinn*

Njarðvíkingar komu óvart með því að vinna sannfærandi sigur á Powerade-meisturum Snæfellinga í Ljónagryfjunni í fyrstu umferð Iceland Express-deild karla á fimmtudagskvöldið. Fyrirliðinn Friðrik Stefánsson lét sitt ekki eftir liggja og lék í 23 mínútur í leiknum aðeins einni viku eftir að hann fór í hjartaþræðingu. „Það er fín staða á mér. Ég var kannski að passa mig fullmikið og aðallega út af því að það var eitthvað smá stress í manni. Ég var ekki að taka neina áhættu en læknunum var samt ekkert vel við það að ég spilaði þennan leik. Það var lítill möguleiki á því að eitthvað myndi gerast,“ sagði Friðrik, sem er bjartsýnn á framhaldið. „Ég ætla að halda áfram að prófa mig áfram og láta reyna meira á mig. Ég þarf að skoða svörunina við lyfjunum sem ég er á. Þau eiga að halda þessu í skefjum. Það er ekki alveg vitað hvað þetta er en þetta er einhvers konar hjartaóregla. Hún virðist bara koma fram í kappleikjum,“ segir Friðrik, sem segir úrslitin í fyrsta leiknum ekki hafa verið



óvænt. „Þessi leikur kemur okkur ekkert á óvart því við erum flestir í liðinu vanir að vera í toppbaráttunni. Það var virkilega gaman að því hversu góð samheldni var í liðinu miðað við að það eru margir nýir leikmenn að koma inn í liðið. Það er samt algjör óþarfi að koma með einhverjar fullyrðingar eftir fyrsta leik,“ segir Friðrik, en hvað var hann sjálfur ánægðustur með í leiknum? „Ég var nú eiginlega ánægðastur með að geta labbað út af vellinum,“ segir Frirðik en skellir strax upp úr. „Nei, ég er að fíflast í þér. Ég var ánægður með að geta verið með og geta hjálpað liðinu til þess að vinna. Kvöldið fyrir leikinn var ég taugaóstyrkur með að taka þá ákvörðun að spila leikinn. Ég hefði samt bara stoppað í upphitun ef það hefði verið eitthvað,“ segir Friðrik, sem segir framhaldið eiga eftir að koma í ljós. Hann er á lyfjum sem eiga að róa niður hjartsláttinn verði hann of hraður. Af frammistöðu fyrirliðans í leiknum skoraði hann 7 stig, tók 6 fráköst og varði 2 skot á þessum 23 mínútum. Ekki slæmt hjá manni sem lá inni á sjúkrashúsi fyrir aðeins nokkrum dögum.

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Iceland Express-deild karla:*

**Keflavík-Grindavík** **95-70 (58-41)**

**Stig Keflavíkur:** B.A. Walker 31 (hitti úr 12 af 15 skotum þar af 7 af 9 3ja stiga skotum), Tommy Johnson 21, Magnús Þór Gunnarson 10 (6 stoðs.), Þröstur Leó Jóhannsson 9 (8 fráköst, 12 mín.), Gunnar Einarsson 8, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 7 (6 fráköst, 5 stolnir, 3 varin á 12 mín.), Jón Norðdal hafsteinsson 4 (7 fráköst, 4 stoðs., 4 varin), Anthony Susnjara 4 (9 frák.).

**Stig Grindavíkur:** Páll Axel Vilbergsson 17 (8 frák.), Jonathan Griffin 14, Björn Steinar Brynjólfsson 12, Páll Kristinsson 8, Þorleifur Ólafsson 8, Igor Beljanski 6 (5 fráköst á 12 mín.), Adama Darboe 3, Hjörtur Harðarson 2.

**Stjarnan-Skallagrímur** **85-72 (48-40)**

**Stig Stjörnunnar:** Dimitar Kardzovski 22, Steven Lamar Thomas 20, Kjartan Atli Kjartansson 17, Fannar Helgason 9, Sigurjón Örn Lárusson 6, Eiríkur Þ. Sigurðsson 5, Sævar Haraldsson 4, Birkir Guðlaugsson 2.

**Stig Skallagríms:** Darrel Flake 21, Milojica Zekovic 14, Allan Fall 14, Hafþór Ingi Gunnarsson 8, Pétur Már Sigurðsson 8, Axel Kárason 4, Pálmi Þór Sævarsson 3.

*N1-deild kvenna í handbolta*

**Valur-FH** **35-20**

Iceland Express-deild karla:

## Nýliðarnir fóru á kostum í gær

**KÖRFUBOLTI** Stjarnan vann góðan 85-72 sigur á Skallagrími í fyrstu umferð Iceland Express-deildar karla í körfubolta í gær. Nýliðar Stjörnunnar byrjuðu af krafti og leiddu leikinn 25-21 eftir fyrsta leikhluta og staðan var svo orðin 48-40 í hálfleik.

Skallagrímur kom svo meira inn í leikinn og tók til að mynda forystu, 60-61, í lok þriðja leikhluta. Stjarnan endaði leikinn hins vegar af sama krafti og þeir sýndu í byrjun leiks og Kjartan Atli Kjartansson, Fannar Helgason og Dimitar Kardzovski settu allir niður þriggja stiga skot á lokakaflanum fyrir Stjörnuna. Niðurstaðan varð því öruggur 85-72 sigur Stjörnunnar sem geta verið kátir með sinn fyrsta leik í deildinni í ár.

Hjá Stjörnunni var Dimitar Kardzovski atkvæðamestur með 22 stig, en Steven Lamar Thomas kom næstur með 20 stig. Kjartan Atli Kjartansson átti einnig fínan leik og skoraði 17 stig, þar af skoraði hann fimm þriggja stiga körfur.

Hjá Skallagrími skoraði Darrel Flake 21 stig og þeir Allan Fall og Milojica Zekovic voru báðir með 14 stig. - óþ

N1 DEILD KVENNA
Laugardagur 13. okt.
Digranes kl. 14.00
HK - Stjarnan
Seltjarnarnes kl. 16.00
Grótta - Fram
Fylkishöll kl. 16.15
Fylkir - Haukar

# Sækjum hratt upp kantana

**Íslendingar taka á móti Lettum í undankeppni EM í knattspyrnu á Laugardalsvellinum í dag og eiga þar harma að hefna eftir 4-0 tap í Riga á síðasta ári.**

**FÓTBOLTI** Ísland mætir Lettlandi í síðasta heimaleik sínum í undankeppni Evrópumótsins í knattspyrnu í dag kl. 16.00 á Laugardalsvelli. Eyjólfur Sverrisson, þjálfari landsliðsins, hélt blaðamannafund í gær en honum til halds og traust á fundinum voru varnarjaxlarnir Kristján Örn Sigurðsson og Ragnar Sigurðsson.

Eyjólfur er ánægður með ástand leikmanna sinna, en hópurinn kom saman í vikunni og hefur æft af krafti síðustu dag.

„Æfingarnar hafa gengið mjög vel. Það var reyndar svolítið hvasst á síðustu æfingunni, en það herti okkur bara upp og var í fínu lagi. Það hafa nánast allir komist heilir frá æfingunum, en Veigar á reyndar við smávægileg meiðsl að etja,“ sagði Eyjólfur og kvaðst bjartsýnn fyrir leikinn.



**VONGÓÐUR** Eyjólfur Sverrisson er brattur fyrir leikinn gegn Lettum og er hér ásamt Kristjáni Erni og Ragnari að ræða málin á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Verkefnið leggst vel í okkur og það er mikilvægt að við höldum áfram því hraða spili og þeim sigurvilja sem hefur einkennt liðið í síðustu tveimur leikjum. Lykillinn gegn Lettum verður kantspilið og mikið veltur á því í leiknum að við náum að sækja hratt upp kantana. Þetta er líka síðasti heimaleikur okkar í þessari keppni og við ætlum að standa okkur vel og kveðja með stæl,“ sagði Eyjólfur, sem vanmetur Lettana þó seint.

„Við vorum allt of gráðugir að sækja í fyrri leiknum eftir góð úrslit gegn Norður-Írum og vorum því allt of opnir og þeir rassskelltu okkur. Leikurinn æxlaðist þannig að við fengum mikið af færum, sem fóru forgörðum, en þeir fengu mikið af færum, sem þeir nýttu. Við töpuðum 4-0 fyrir þeim þá og berum því virðingu fyrir þeim en erum samt alveg óhræddir við þá og ætlum ekki að taka þá neinum vettlingatökum,“ sagði Eyjólfur ákveðinn.

Varnarleikur Íslands hefur verið til fyrirmyndar í síðustu tveimur leikjum þar sem Ragnar Sigurðsson hefur vakið athygli fyrir góða frammistöðu þrátt fyrir að vera nýliði.

„Ég er alltaf að læra og öryggið er að aukast með hverjum leik hjá mér og ég þori að gera meira,“ sagði Ragnar og kvaðst spenntur að mæta Lettum en hann spilaði ekki í fyrri leik liðanna.

Kristján Örn Sigurðsson hefur einnig verið að spila vel, en hann telur að ákveðin hugarfarsbreyting hafi átt sér stað hjá liðinu.

„Við ákváðum fyrir síðustu tvo leiki að taka okkur saman í andlitinu og leggja harðar að okkur og vinna betur saman. Þetta var þá búið að vera frekar slappt hjá okkur þar á undan, en við horfum bara fram á við núna og ætlum okkur að halda áfram á sömu braut og byggja ofan á þessi fínu úrslit í síðustu tveimur leikjum,“ sagði Kristján Örn og Eyjólfur hrósaði í því samhengi Kristjáni Erni og ekki síður innkomu Ragnars Sigurðssonar inn í liðið.

„Kristján og Ragnar hafa verið að spila frábærlega í síðustu tveimur leikjum og það er stór hluti af velgengni okkar í síðustu tveimur leikjum. Þeir eru báðir með baráttuviljann í lagi en leysa einföldu hlutina líka vel, sem er ekki síður mikilvægt fyrir liðið,“ sagði Eyjólfur. omar@frettabladid.is

Grindvíkingar steinlágu á Sunnubrautinni í gærkvöldi:

## Keflavíkurhraðlestin í gang

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar keyrðu yfir Grindvíkinga í gær og unnu sannfærandi 25 stiga sigur, 95-70, í fyrsta leik liðanna í Iceland Express-deild karla í vetur. Það var ljóst frá byrjun í hvað stefndi því Keflavík komst 22-9 yfir. Grindvíkingar áttu nokkra ágæta spretti en um leið og þeir komu sér inn í leikinn þá svaraði Keflavíkurliðið ávallt með að gefa aðeins meira inn og stinga þá aftur af. Grindvíkingurinn Igor Beljanski fékk á sig ruðning og svo tæknivillu í lok fyrri hálfleiks og kom ekki meira inn eftir það, Adama Darboe átti skelfilegan dag og Jonathan Griffin var langt frá sínu besta. Því máttu Grindvíkingar ekki við ekki síst þar sem B.A. Walker og Tommy Johnson fóru á kostum í Keflavíkurliðinu og skoruðu saman 52 stig og tíu þriggja stiga körfur.



**ÖFLUGUR** B. A. Walker fór á kostum í gær og skoraði 30 stig. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

„Þetta var fínn leikur hjá okkur en við eigum meira inni. Við erum með okkar markmið og ég get lofað þér því að það er ekki fimmta sætið. Ég er mjög ánægður með alla útlendingana okkar. Við erum búnir að vera saman í tíu daga og erum að vinna mjög gott lið Grindavíkur á heimavelli. Þeir smellpassa inn í liðið okkar og eigum við ekki að segja að þeir séu með Keflavíkurstæla,“ sagði Magnús Þór Gunnarsson, fyrirliði Keflavíkur, kátur eftir leikinn.

Keflavíkurliðið lítur vel út, útlendingarnir lofa góðu og ungu strákarnir, Sigurður Gunnar Þorsteinsson og Þröstur Leó Jóhannsson áttu báðir fína innkomu.

Grindavík var spáð þriðja sætinu í deildinni og frammistaða liðsins í gær olli því miklum vonbrigðum. Þeir þurfa að bæta sinn leik mikið ætli þeir sér að berjast um titla í vetur. - óój



**ALLIR MEÐ** Þórður Guðjónsson, Rúnar Kristinsson og Birkir Kristinsson voru í lykilhlutverkum þegar Lettar komu síðast árið 1998. FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR ÞÓR

Leikir við Eystrasaltsþjóðirnar:

## Þrír flottir sigrar hér heima

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðinu hefur gengið vel með Eystrasaltsþjóðirnir þegar þær hafa sótt okkur heim í gegnum árin. Ísland spilar við Lettland á Laugardalsvellinum á laugardag.

Landsliðið hefur mætt þessum þremur þjóðum fjórum sinnum hér á landi, unnið þrjá leiki og gert eitt jafntefli og hefur hagstæða markatölu upp á 11-1.

Lettar eru að mæta hingað til lands í annað skipti en þeir töpuðu hér 4-1 í vináttuleik í Laugardalnum 19. ágúst 1998. Þórður Guðjónsson átti þá stórleik, skoraði tvö markanna og lagði upp það þriðja en hin mörkin skoruðu Ríkharður Daðason og svo Auðun Helgason í sínum fyrsta landsleik.

Íslenska liðið vann síðan 4-0 sigur á Eistum á Akueyri árið 1994 og 3-0 sigur á Litháum á Laugardalsvellinum 2002. - óój



**EINI LETTINN** Vitalijs Astafjevs er eini Lettinn sem hefur skorað fyrir landsliðið frá því í leiknum við Ísland í fyrra. NORDICPHOTOS/AFP

Kláruðu kvótann gegn Íslandi:

## Tvö mörk Letta á 846 mínútum

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið á harma að hefna á laugardaginn frá því í fyrri leiknum við Letta.

Lettar fóru þá hamförum og skoruðu fjögur mörk, þar af þrjú á fyrsta hálftíma leiksins. Síðan þá hafa mörk liðsins ekki komið á færibandi því eftir að Aleksejs Visnakovs skoraði fjórða mark Letta á 54. mínútu leiksins gegn Íslandi hafa Lettar aðeins skoraði tvö mörk á 846 mínútum.

Lettar skoruðu ekki í 607 mínútur á eftir en náðu loksins að brjóta ísinn í 1-2 tapi fyrir Moldóvum í vináttulandsleik. Annað þessara tveggja marka var síðan sjálfsmark Norður-Íra í 1-0 sigri Letta í síðasta mánuði. Íslenska landsliðið hefur skorað sex mörk síðan í skellinum umrædda í Riga 7. október í fyrra. - óój



**LEIKFÆR** Eiður Smári Guðjohnsen getur leikið með íslenska landsliðinu gegn Lettum en Eyjólfur ætlar að sjá til hversu mikið hann spilar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eyjólfur Sverrisson þjálfari:

## Smá óvissa með Eið Smára í dag

**FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði er klár í slaginn að nýju en hann er laus við meiðsli sem hafa verið að plaga hann að undanförnu. Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari er þó óviss hversu mikið hann geti notað Eið í leiknum gegn Lettum. „Eiður Smári er búinn að vera að æfa af krafti með liðinu í vikunni, en völlurinn er þungur í Laugardalnum og við verðum bara að sjá hvort hann geti spilað í 90 mínútur,“ sagði Eyjólfur. - óþ**

Síðasti heimaleikurinn í ár:

## Endað á tapleik þrjú síðustu ár

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið hefur ekki unnið síðasta heimaleik ársins síðan liðið vann Litháa 3-0 16. október 2002.

Lokaleikir undanfarinna þriggja ára hafa allir tapast, 1-2 fyrir Svíum í fyrra, 1-3 fyrir Króötum 2005 og síðan 1-4 fyrir Svíum fyrir þremur árum. Íslenska liðið gerði síðan markalaust jafntefli við Þjóðverja árið 2003.

Íslenska liðinu hafði hins vegar gengið vel að enda árið árin á undan því frá 1997 til 2002 vann liðið fimm af sex lokaleikjum sínum á Laugardalsvellinum.

Frábær frammistaða liðsins í síðustu tveimur heimaleikjum hefur hinsvegar gefið ástæðu til bjartsýni um að nú geti strákarnir endað árið á sigurleik. - óój



**GLÆSIMARK** Eiður Smári Guðjohnsen skorar hér í 3-0 sigri á Litháum 16. október 2002. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Karlalandsliðið í október:

## Fimm sigrar á tuttugu árum

**FÓTBOLTI Októbermánuður hefur verið kaldur fyrir íslenska landsliðið undanfarin ár.**

**Landsliðið hefur tapað fimm októberleikjum í röð og vann síðast leik í mánuðinum gegn Litháum á Laugardalsvellinum 16. október 2002. Síðan þá hefur liðið spilað sjö leiki, tapað sex þeirra og gert eitt jafntefli.**

**Íslenska landsliðið hefur reyndar aðeins unnið 5 af 30 leikjum sínum í október síðustu tvo áratugina. Þeir eru 1-0 sigur á Kúvæt í vináttuleik úti 1994, 4-0 sigur á Liechtenstein á heimavelli 1997, 1-0 sigur á Rússum á heimavelli 1998, 1-0 sigur á Norður-Írum í Laugardalnum 2000 og svo síðasti sigurinn sem var gegn Litháum eins og áður sagði fyrir fimm árum. - óój**

Rúmenía að gera góða hluti í undankeppni Evrópumóts landsliða í fótbolta:

# Adrian Mutu er orðinn fjölskyldumaður

**FÓTBOLTI** Rúmenska knattspyrnulandsliðið er í góðum málum í undankeppni EM 2008 og er nálægt því að tryggja sér sæti á sínu fyrsta stórmóti síðan 2000.

Í fararbroddi hjá liðinu fer framherjinn Adrian Mutu, sem er heldur betur búinn að rífa sig upp eftir eiturlyfjahneykslið hans hjá Chelsea fyrir tæpum fjórum árum. Chelsea rak Mutu eftir að hann féll á lyfjaprófi og hlaut að auki sjö mánaða keppnisbann. Mutu byrjaði aftur hjá Juventus en hefur blómtstrað á ný síðan hann gekk til liðs við Fiorentina.

„Ég hef á nokkrum árum farið frá því að vera á kafi í eiturlyfum í að vera fjölskyldumaður. Ég á yndislega konu í dag, tvö börn og á von á því þriðja. Fjölskyldan hefur hjálpað mér að komast aftur á flug og verða sterkari leikmaður en þegar ég spilaði hjá Chelsea,“ sagði Mutu.

Mutu hefur þegar skorað fimm deildarmörk á tímabilinu og hefur skorað sex sinnum fyrir Rúmeníu í undankeppninni. Rúmenía mætir Hollandi í Búkarest um helgina en liðin eru jöfn á toppi síns riðils með tveimur stigum meira en Búlgaría. Liðin gerðu markalaust jafntefli í fyrri leiknum í Hollandi.

„Hollendingar er með sterkasta liðið í riðlinum og ef okkur tekst að vinna þá sýnir það að við höfum breytt gamla hugarfarinu sem hefur haldið okkur frá stórkeppnum síðustu sjö ár. Ég hef mikla trú á sjálfum mér og stefni á að skora mitt fyrsta mark gegn Hollendingum eftir að hafa verið markalaus í þremur leikjum gegn þeim,“ sagði Mutu á blaðamannafundi fyrir leikinn gegn Hollandi sem fer fram í dag. - óój



**SEX MARKA MAÐUR** Adrian Mutu hefur skorað 6 mörk fyrir Rúmena í undankeppninni og alls 27 mörk í 57 landsleikjum. NORDICPHOTOS/GETTY




## > Sean Bean

Í fyrsta skipti sem Sean Bean kom fyrir augu bresku þjóðarinnar lék hann í auglýsingu fyrir áfengislausan bjór. Eftir að hafa ferðast um með Royal Shakespeare Company hélt Bean til Hollywood, þar sem hann tók að sér hvert óþokkahlutverkið á fætur öðru, meðal annars sem ribbaldinn Alec Trevelyan í James Bond-myndinni Golden Eye. Margir þekkja Bean einnig úr hlutverki sínu sem Boromir í Hringadróttinssögu þó að hann hafi bara verið í hluta af fyrstu myndinni og örstuttum atriðum í næstu tveimur. Hann leikur í Þjóðargersemi sem er á dagskrá Sjónvarpsins í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR ER HRIFIN AF SMÁMÆLTUM KOKKUM OG BBC**

# *Matreiðsla á mánudagskvöldum*

Síðasta mánudagskvöld var helgað mataræði og matargerð á mínu heimili. Á meðan ég japlaði á upphituðu lasagna horfði ég fyrst á gæðakokkinn Jamie Oliver elda úr garðinum sínum. Bókstaflega. Ein ferð út í garð, og kvöldmaturinn var kominn, í formi grænmetis, ávaxta og kryddjurta sem uxu handan við hornið. Ég elska matreiðsluþætti og smámælti kokkurinn færist nær hjarta mínu með hverjum þættinum á fætur öðrum. Þegar Oliver hafði lokið sér af var skipt um stöð og þar datt ég inn í þátt að nafni Matur er mannsins megin, á RÚV. Þátturinn ber hins vegar frekar nafn með rentu á eigin máli – The Truth About Food. Á þeim hálftíma sem ég náði af þættinum tókst aðstandendum að afsanna eina mýtu og



opinbera ýmsan annan fróðleik fyrir mér. Þar komst ég meðal annars að því að börn verða alls ekki ofvirk af sykri, að börn borða meira en þau þurfa ef diskurinn er kúfaður, að meira að segja unglingsstrákar fá ógeð á pitsu ef þeir borða hana í öll mál í tíu daga, og, merkilegt nokk, að það tekur um tíu skipti að venjast nýrri matartegund, ef maður borðar lítið af henni einu sinni á dag. Allt sett fram á þann einstaklega skemmtilega hátt sem BBC virðist hafa einkaleyfi á. Ég verð límd við tækið næsta mánudagskvöld, og gott ef ég reyni ekki að ná endursýningunni á morgun.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.55 E-Ring** SIRKUS



▶ **19.55 Son of the Mask** STÖÐ 2



▶ **20.00 The Lonely Guy** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00 Friday Night Lights** SKJÁR EINN



▶ **21.15 Hreinn hrútur** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Gurra grís 08.05 Fæturnar á Fanney 08.16 Halli og risaeðlufatan 08.28 Snillingarnir 08.53 Skordýr í Sólarlaut 09.15 Krakkamál 09.23 Leyniþátturinn 09.38 Bitte nú! 10.00 Latibær

**10.30 Kastljós**

**11.00 Kiljan** e.

**11.40 07/08 bíó leikhús** e.

**12.10 Með von í hjarta** e.

**13.40 Stríðsástir** e.

**15.40 Landsleikur í fótbolta**

**16.50 Táknmálsfréttir**

**17.00 Landsleikur í fótbolta**

**17.50 Útsvar** e.

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.45 Spaugstofan**

**20.15 Laugardagslögin** Meðal þeirra sem koma fram eru Erpur Eyvindarson,Jón Gnarr, Sigurjón Kjartansson.

▶**21.15 Hreinn hrútur** (1:40) (Shaun the Sheep) Sprengfyndinn hreyfimyndaflokkur.

**21.25 Laugardagslögin - úrslit**

**21.40 Þjóðargersemi** (National Treasure) Benjamin Gates er af ætt fjársjóðsleitarmanna sem allir hafa leitað að gersemum földum eftir frelsisstríðið. Meðal leikenda eru Nicolas Cage, Sean Bean, Jon Voight.

**23.50 Samningamaðurinn** (Hostage Negotiator)

**01.20 Lygni-Jakob** e.

**03.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Cheaper By The Dozen 2**

**08.00 Meet the Fockers**

**10.00 Jersey Girl**

**12.00 The Lonely Guy**

**14.00 Cheaper By The Dozen 2**

**16.00 Meet the Fockers**

**18.00 Jersey Girl**

**20.00 The Lonely Guy** (e) Larry Hubbard er feiminn náungi sem veit ekki hvað hann á að gera þegar hann kemur að kærustunni í rúminu með öðrum gaur.

**22.00 Final Destination 3**

**00.00 Legend of Zorro**

**02.10 State Property**

**04.00 Final Destination 3**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.00 Algjör Sveppi**

**10.00 Barnatími Stöðvar 2**

**10.15 Two Brother**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.25 The Bold and the Beautiful**

**14.10 Örlagadagurinn** (19.31)

**14.50 Men In Trees** (17.17)

**15.35 It´s Always Sunny In Philadelphia NÝTT** (2.7)

**16.05 The New Adventures of Old Chr** (10.13)

**16.30 Two and a Half Men** (8.24)

**16.55 Hot Properties** (12.13)

**17.30 Tekinn 2** (5.14)

**18.00 Næturvaktin** (4.12)

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.05 Prehistoric Park** (6.6)

▶**19.55 Son of the Mask** Sprenghlægileg gamanmynd með grínaranum Jamie Kennedy í aðalhlutverki. Tim Avery er teiknimyndahöfundur sem eignast grímuna frægu sem Jim Carrey gerði ódauðlega í Mask. Þegar hann eignast son kemst hann að því sér til skelfingar að sonurinn hefur hlotið eiginleika grímunnar. Aðalhlutverk: Alan Cumming, Jamie Kennedy, Liam Falconer. Leikstjóri: Lawrence Guterman. 2005. Leyfð öllum aldurshópum.

**21.30 Birth** Rómantísk verðlaunamynd með Nicole Kidman í aðalhlutverki. Anna er ung ekkja sem er við það að giftast á ný þegar hún hittir ungan dreng sem segir vera eiginmaður hennar endurholdgaður. Aðalhlutverk: Nicole Kidman, Danny Huston, Cameron Bright. Leikstjóri: Jonathan Glazer. 2004. Bönnuð börnum.

**23.10 The Woodsman** Sérstaklega áleitin og áhrifamikil verðlaunakvikmynd þar sem varpað er einstaklega raunsönnu ljósi á hugarheim barnaníðingsins. Barnaníðingi er sleppt úr fangelsi eftir að hafa afplánað 10 ára dóm. Aðalhlutverk: Kevin Bacon, Kyra Sedgwick, David Alan Grier, Eve. 2004. Stranglega bönnuð börnum.

**00.35 Legally Blonde 2. Red, White & Blonde**

**02.05 Cry Freedom** (e)

**04.35 Two and a Half Men** (8.24)

**05.00 Hot Properties** (12.13)

**05.20 The New Adventures of Old Chr** (10.13)

**05.45 Fréttir**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**09.15 PGA Tour 2007 - Highlights** (Valero Texas Open)

**10.10 Það helsta í PGA mótaröðinni**

**10.40 NFL Gameday**

**11.10 King of Clubs** Vandaður þáttur þar sem farið er í saumana á því hvað gerir AC Milan að einu stærsta og sigursælasta knattspyrnuliði veraldar.

**11.40 EM 2008** Útsending frá leik Lettlands og Íslands í undankeppni EM 2008.

**13.20 Meistaradeild evrópu fréttaþáttur**

**13.50 EM 2008 - undankeppni** (England - Estonia)

**15.50 PGA Tour 2007** Bein útsending (TOUR Championship) Útsending frá lokamótinu á FedEx mótinu í golfi.

**18.00 EM 2008 - undankeppni** Bein útsending frá landsleik Danmerkur og Spánar í undankeppni EM 2008.

**19.40 EM 2008 - undankeppni** (England - Estonia)

**21.20 BOX Ricky Hatton vs Jose Luis Cast**

**22.30 Box - Bernard Hopkins vs. Wink**

**00.30 Box - Manny Pacquiao vs.Marco**

## SÝN2

**13.55 Masters Football** Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mölby.

**16.10 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**16.40 PL Classic Matches**

**17.10 PL Classic Matches**

**17.40 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**18.40 Man. Utd. - Wigan**

**20.20 Arsenal - Sunderland** (Enska úrvalsdeildin 2007/2)

**22.00 Masters Football** Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mölby og Peter Beardsley. UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**12.30 Vörutorg**

**13.30 Dr. Phil** (e)

**16.30 Family Guy** (e)

**17.00 Giada´s Everyday Italian** (e)

**17.30 According to Jim** (e)

**18.00 Game tíví** (e)

**18.30 7th Heaven** Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. Hún hóf göngu sína vestan hafs haustið 1996 og er enn að. Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt en hjónakornin Eric og Annie eru með fullt hús af börnum.

**19.15 Ford-keppnin 2007** (e)

**20.05 Allt í drasli** (e)

**20.35 30 Rock** (e)

▶**21.00 Friday Night Lights** (e) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Julie íhugar að fara á deit með Matt og Smash grípur til örþrifaráða til að bæta frammistöðu sína á vellinum.

**22.00 House** (e) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. House glímir við stærra vandamál en nokkru sinni fyrr. Offitusjúklingur finnst í dauðadái á heimili sínu en House og félagar lenda í vandræðum með þennan risavaxna sjúkling.

**22.55 Bones** Hrollvekjandi kvikmynd frá árinu 2001 með Íslandsvininum Snoop Dogg í aðalhlutverki. Tveimur áratugum eftir að Jimmy Bones var skotinn til bana snýr hann aftur sem draugur og er staðráðinn í að ná fram hefndum.

**00.25 Law & Order. Criminal Intent** (e)

**01.15 Californication** (e)

**01.50 MotoGP** Bein útsending frá Phillip Island í Ástralíu þar sem sextánda mót tímabilsins í MotoGP fer fram. Þar er ein skemmtilegasta brautin í MotoGP og hjólin ná gríðarlegum hraða.

**06.10 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Framúrskarandi

HÅG H09 er margverðlaunaður skrifstofustóll sem hentar vel fyrir þá sem aðeins velja það besta. Í þessum stól sameinast bæði glæsileg hönnun og framúrskarandi gæði.

10 Year HÅG Guarantee — Þessi skrifstofustóll er með 10 ára ábyrgð og lífstíðarábyrgð á hæðarpumpu.

- Umhverfisvænn heilsustóll
- Fylgir hreyfingum notandans
- Hvetur til hreyfingar
- Mótstöðustilling
- Hæðarstillanlegur bakpúði
- Dýptarstillanleg seta
- Hæðar- og breiddarstillanlegir armar með leðurklæðningu
- Fæst með hærra baki og höfuðpúða
- Parkethjól

**Tilboð kr. 99.900.-**




Hönnuður: Svein Asbjørnsen

kaldaljós 2007

EG SKRIFSTOFU HÚSGÖGN

Ármúla 22 • 108 Reykjavík • Sími 533 5900 • Fax 533 5901 • www.skrifstofa.is • skrifstofa@skrifstofa.is
Opnunartími: mánudaga - föstudaga 9:00 - 18:00

www.skrifstofa.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.30
### Birth



Birth er rómantísk mynd með hinni margverðlaunuðu leikkonu Nicole Kidman í aðalhlutverki. Anna er ung ekkja úr velstæðri fjölskyldu á Manhattan. Hún er við það að giftast aftur þegar hún hittir ungan dreng, Sean, sem segist vera eiginmaður hennar endurholdgaður. Sá hét einnig Sean, en lést tíu árum áður. Anna er efins í fyrstu, en vitneskja Seans um smáatriði úr lífi hjónanna fær hana til að hugsa sig um. Auk Kidman eru þau Lauren Bacall, Danny Huston og Cameron Bright í aðalhlutverkum í myndinni.

### ▶ Við mælum með
### LAUGARDAGSLÖGIN
### Sjónvarpið kl. 20.15



Skemmtiþáttur þar sem lögin í Söngvakeppni Sjónvarpsins verða meðal annars flutt. Níu þekktir tónlistarmenn semja þrjú lög hver en einnig var auglýst eftir lögum í keppnina. Tónlistarstjóri er Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson og meðal þeirra sem koma fram í þættinum eru Erpur Eyvindarson, Jón Gnarr, Sigurjón Kjartansson og Selma Björnsdóttir. Umsjónarmenn eru Gísli Einarsson og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Óskastundin
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Útúr nóttinni... og inní daginn
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Tímakornið
**15.20** Undir þaki
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.00** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.26** Hundur í útvarpssal
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Heimur óperunnar
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Hvað er að heyra?
**21.30** Ætti ég hörpu
**22.15** Á hljóðbergi: Coetzee og Diary of a Bad Year
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**14.30 Hollyoaks** (31.260)
**16.50 Skífulistinn**
**17.45 Smallville** (13.22) (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 Talk Show With Spike Feresten** (7.22) (e)
**19.30 The George Lopez Show** (11.22) (e) George Lopez er fjölskyldufaðir sem á í stökustu vandræðum með að hafa stjórn á unglingsdóttur sinni og óþægum syni. Börnin eru þó ekki eina vandamálið því mamma hans er við það að gera hann vitlausan. 2005.
**19.55 E-Ring** (11.22) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrum CIA maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
**20.40 Skins** (7.9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag. 2006.
**21.30 Light It Up** Spennumynd um nemendur í miðskóla í Queens í New York sem segja kerfinu stríð á hendur. Segja má að flest sé á niðurleið í skólanum og ekki batnar ástandið þegar einn vinsælasti kennarinn er sendur í tímabundið leyfi. Þá segja nemendurnir hingað og ekki lengra og taka völdin í skólanum. Yfirvöld eiga úr vöndu að ráða, enda er nemendunum alvara og í þokkabót hafa þeir tekið lögreglumann í gíslingu. Aðalhlutverk: Usher Raymond, Forest Whitaker, Rosario Dawson, Judd Nelson. Leikstjóri: Craig Bolotin. 1999. Stranglega bönnuð börnum.
**23.10 Most Shocking** Hörkuspennandi raunveruleiki sem á engan sinn líkan. Hér er fylgst með lögreglunni á hennar mestu hættustundum og það er eins gott að halda sér fast. 2006.
**23.55 Bestu Strákarnir** (25.50) (e)
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.00** Presumption: The Life Of Jane Austen **13.00** Diet Trials **13.30** Diet Trials **14.00** Molly's Zoo **14.30** Extreme Animals **15.00** The Life of Mammals **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** Doctor Who **17.45** Doctor Who Confidential **18.00** Strictly Come Dancing - The Story So Far **19.00** Low Winter Sun **20.30** The Robinsons **21.00** Absolutely Fabulous **21.30** The Catherine Tate Show **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** Low Winter Sun **0.30** The Robinsons **1.00** Absolutely Fabulous

## DR 1

**11.30** Boogie Listen **12.50** Hammerslag **13.20** Krig og kærlighed **15.05** OBS **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Alfons Åberg - godnat **15.40** Peddersen og Findus **15.55** Mira og Marie **16.00** Lysets nøgle **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt med Kitesurfing World Cup **17.30** Robin Hood **18.15** Hit med sangen 1**9.15** Olsen-banden går i krig **20.55** Speedway: Tysklands Grand Prix **22.25** Donnie Darko

## NRK 1

**10.05** Kunnskapskanalen **11.00** Kjeltring i paradis **12.35** Luftens helter **13.00** Drømmerollen **14.00** Beat for beat 15.00 Oslo Horse Show **16.00** Jubalong **16.25** Peo **16.30** Thomas P. **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Luftens helter **18.20** Lyden av lørdag **19.25** Med hjartet på rette staden **20.10** Løvebakken **20.35** Norsk attraksjon **21.05** Kveldsnytt **21.20** Mannen på taket **23.05** Usett **23.35** Dansefot jukeboks **2.00** Country jukeboks

## SVT 1

**9.20** Tillsammans för Världens barn **11.00** Kobra **11.30** Andra Avenyn **12.00** Andra Avenyn **12.30** Andra Avenyn **13.00** Uppdrag Granskning **14.00** Gynekologen i Askim **15.00** Doobidoo **16.00** Bolibompahelg **16.05** Disneydags **17.00** Barnens detektivbyrå **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Radiohjälpens insamlingsgala 2007 **20.00** Brottskod: Försvunnen **20.45** Motor: VM i speed-way **21.30** Rapport **21.35** Out of Practice **22.00** Valjägarna **23.15** Maggies nya liv **0.05** Sändningar från SVT24




## PERSÓNAN



*Samúel J. Samúelsson*

Aldur: 32 ára.

**Starf:** Tónlistarmaður.
**Fjölskylda:** Í sambúð með Kristínu Bergsdóttur.
**Foreldrar:** Samúel Jón Samúelsson læknir og Þórhalla Gísladóttir meinatæknir.
**Búseta:** 101 Reykjavík.
**Stjörnumerki:** Sporðdreki.
**Samúel** er á tónleikaferð um landið með stórsveit sinni. Plata hans, Fnykur, fékk jafnframt góða umfjöllun í hinu virta tímariti Vaxpoetics.

# Eiður Smári söng á Hótel Sögu

Knattspyrnumaðurinn Eiður Smári Guðjohnsen sýndi á sér nýja hlið á fimmtudag þegar hann fór upp á svið í bíósal Hótel Sögu og tók lagið Mandy með Barry Manilow fyrir liðsfélaga sína við undirleik Jóns Ólafssonar. Ástæðan var hlutverkaskipti við Sverri Bergmann Magnússon fyrir þáttinn Laugardagslögin í Sjónvarpinu sem sýndur verður í kvöld. Sverrir Bergmann var að sama skapi sendur á landsliðsæfingu fyrr í vikunni.



**BIRKIR KRISTINSSON** Birkir Kristinsson segir að Eiður hafi komið „virkilega á óvart" þótt hann hafi átt von á því að hann yrði skrækari.

„Eiður kom bara virkilega á óvart," segir Birkir Kristinsson, markmannsþjálfari landsliðsins. „Ég átti reyndar von á að hann myndi syngja lag með Whitney Houston en hann kom þarna með nýjan vinkil. Hingað til hefur hann sérhæft sig í lögum með Whitney og Birgittu Haukdal þegar hann syngur fyrir góða vini sína. Maður var bara hálfklökkur þarna. Hann stóð sig mjög vel."

Meðlimir landsliðsins vissu það fyrir fram að Eiður ætlaði að syngja. „Menn voru mjög spenntir eftir að hafa beðið allan daginn," segir Birkir sem vill meina að Eiður hafi sönghæfileika. „Það er engin spurning og hann hefur tekið stórstígum framförum í gegnum tíðina. Ég hef ekki heyrt hann syngja svona yndisfagurt í nokkra mánuði. Ég átti von á því að hann yrði skrækari enda hefur hann sérhæft sig í kvenröddum."

- sók



**SKIPTI VIÐ SVERRI BERGMANN** Eiður Smári Guðjohnsen söng lagið Mandy fyrir liðsfélaga sína í landsliðinu á Hótel Sögu.



### LÁRÉTT
**2.** ríki í Arabíu 6. þys 8. rá 9. gerast 11. fyrir hönd 12. sjúga 14. steintegund 16. tónlistarmaður 17. skaut 18. for 20. ætíð 21. fullnægja.

### LÓÐRÉTT
**1.** löngun 3. í röð 4. plöntutegund 5. lík 7. ermalaus kjóll 10. skammstöfun 13. ósigur 15. slepja 16. kóf 19. holskrúfa.

### LAUSN
**LÁRÉTT:** 2. íran, 6. ys, 8. slá, 9. ske, 11. pr, 12. totta, 14. kvars, 16. kk, 17. þól, 18. aur, 20. sí, 21. fróa.
**LÓÐRÉTT:** 1. lyst, 3. rs, 4. alparós, 5. nár, 7. skokkur, 10. etv, 13. tap, 15. slím, 16. kaf, 19. ró.








**TIL BJARGAR** Dýri Kristjánsson starfar hjá eignastýringu Kaupþings en á kvöldin og um helgar er hann Íþróttaálfurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

DÝRI KRISTJÁNSSON: LIFIR TVÖFÖLDU LÍFI

# Bankamaður á daginn, ofurhetja á kvöldin

„Þetta getur alveg verið svona upp og ofan," segir Dýri Kristjánsson sem lifir tvöföldu lífi, rétt eins og aðrar ofurhetjur á borð við Ofurmennið og Leðurblökumanninn. Á daginn er hann starfsmaður eignastýringar Kaupþings, klæðist jakkafötum og lætur ekki mikið fyrir sér fara, en á kvöldin skiptir hann um ham og breytist í ofurhetjuna Íþróttaálfinn í Latabæ. Bjargar Sollu stirðu og Sigga sæta frá þrjótnum Glanna Glæp og fær krakka til að borða hollan mat og hreyfa sig.

„Það var hringt í mig fyrir nokkrum árum þegar Magnús Scheving meiddist og hafði bókað sig á nokkrar skemmtanir. Þau prófuðu að senda mig og það gekk mjög vel," segir Dýri sem jafnframt hefur sinnt áhættustökkum fyrir Magnús í sjónvarpsþáttunum vinsælu. Dýri er ekki óvanur því að teygja sig á alla kanta því hann lagði stund á fimleika í sautján ár með góðum árangri.



**Í FULLUM SKRÚÐA** Dýri ásamt öðrum leikendum Latabæjar á skemmtun í Fíladelfíu fyrir skömmu.

Og Dýri taldi nokkuð víst að fimleikarnir hefðu fært honum það sem þeir gátu. Hann hafði ferðast út um allan heim á keppnisferðalögum og loks fengið inni hjá háskólanum í Minnesota þar sem hann gat lært og æft sína íþrótt. „En möguleikarnir virðast vera óþrjótandi og það að vera Íþróttaálfur er ágætis tilbreyting frá tölvuskjánum," segir Dýri sem má þó þola nokkrar góðlátlegar háðsglósur frá vinnufélögunum. „Já, ég er stundum nefndur Álfurinn og ef maður fær sér auka-sósu ofan á kjötið þá er maður stundum spurður hvort Álfurinn megi borða svona," segir Dýri og hlær og tekur slíkt augljóslega ekki of nærri sér.

Latabæjar-gengið er nýkomið heim frá Fíladelfíu þar sem það skemmti í skemmtigarði sjónvarpsþáttarins Sesam Street. Að sögn Dýra sprengdu þau allar áhorfendatölur en yfir tólf þúsund manns komu og sáu þau skemmta. „Þetta var ótrúlega gaman og við tókum þátt í tveimur skrúðgöngum," segir Dýri og bætir því við að honum finnist stórskemmtilegt að leika fyrir börnin, sjá þau hoppa og dansa og fá útrás í búningum aðalpersónanna.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sigurjón Sighvatsson virðist eiga auðvelt með lokka stórstjörnur í kvikmyndir sínar um þessar mundir. Sigurjón hyggst nú hrinda í framleiðslu kvikmyndinni Dark Highway og eru viðræður við stórleikarann **Kiefer Sutherland** nú á lokastigi. Varla ætti það að skemma fyrir að Kiefer er mikill Íslandsvinur og hefur komið hingað að minnsta kosti tvisvar. Sigurjón er því með mörg járn í eldinum en eins og Fréttablaðið hefur greint frá er hann einnig framleiðandi stórmyndarinnar Brothers þar sem Toby Maguire, Natalie Portman og Jake Gyllenhaal leika aðalhlutverkin.



**Spaugstofan** lenti í miðri hringiðunni þegar boðað var til blaðamannafundar fyrir utan Iðnó hjá nýjum REI-lista en þar höfðu þeir komið sér fyrir og ætlað að taka upp fyrir kvöldið. Félagarnir fylgdust því grannt með atburðarásinni breytast og urðu að hafa snör handtök við að breyta og bæta í handritinu. Hefur Fréttablaðið fyrir því heimildir að þátturinn í kvöld verði stuttmynd um stórt mál.



Í þættinum í kvöld mun **Pálmi Gestsson** bregða sér í líki Björns Inga Hrafnssonar. Og þykir það hálfgerður fyrirboði um það sem koma skal. Pálmi hefur nefnilega leikið þrjá af síðustu fjórum formönnum Framsóknarflokksins; þá Steingrím Hermannsson, Halldór Ásgrímsson og Guðna Ágústsson. Pálmi varð ekki þess heiðurs aðnjótandi að vera Jón Sigurðsson enda kom á daginn að hann varð ekki langlífur í starfi og hefur því verið haft á orði að þarna sé fyrsti vísirinn að væntanlegu formannsframboði Björns Inga.



- fgg





Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

**NÝR TÚNFISKUR ófrosinn • RISARÆKJUR**
**LÚÐA • SKÖTUSELUR • HÖRPUSKEL**
**og fiskréttir í sparifötum**




# Jógvan syngur um allt Bretland

„Einar Bárðarson er að vinna í þessu fyrir mig en það er ekkert í höfn og þangað til hef ég báða fæturna á jörðinni," segir hinn færeyski Jógvan Hansen en til stendur að koma honum á hinn breska X-factor-tónleikatúr sem verður farinn þegar nýr sigurvegari X-factor hefur verið krýndur en samkvæmt heimasíðu þáttarins hefst hún um miðjan febrúar í Newcastle. Einar hefur átt nokkra fundi með fulltrúum Simon Cowell sem er heilinn og hjartað á bak við þættina og hafa þeir tekið vel í þessar hugmyndir.

Talið er að um tíu milljónir manna horfi á X-factor-þáttinn í Bretlandi sem er mikið æði þar í landi en meðal dómara er Danni Minogue, systir Kylie Minogue. Nýverið var jafnframt tilkynnt að sjálfur poppkóngurinn, Michael Jackson, yrði sérstakur gestadómari. Tónleikaröðin hefur einnig farið vel ofan í tjallann en á þá síðustu seldust yfir 200 þúsund miðar. „Þetta yrði auðvitað mjög mikil kynning fyrir mig og ég kæmi þarna fram sem gestasöngvari," heldur Jógvan áfram en um yrði að ræða tíu til fimmtán tónleika á tónleikastöðum sem rúma milli átta og sextán þúsund manns. Botninn verður síðan sleginn á Wembley Arena í lok mars.



**Á LEIÐ TIL BRETLANDS** Jógvan gæti verið að feta í fótspor Garðars Thors Cortes ef allt gengur að óskum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Jógvan varð fyrsti sigurvegarinn í X-factor-leit Stöðvar 2 eftir harða baráttu við Hara-systur úr Hveragerði. Hann gaf út sína fyrstu sólóskífu undir nafninu Jógvan en hann verður með Friðriki Ómari á Broadway í sérstakri sýningu sem sett verður upp til heiðurs George Michael á næstunni.

- fgg

SSANGYONG

KYRON Útivistarpakki

**31” TOYO DEKK**
Dráttarbeisli

# Alvöru dísil jeppar
## fyrir íslenskar aðstæður…




**Verð sjálfskiptur aðeins 3.590.000,-**

# …upplifðu ósvikinn kraft og fegurð

**Hinn nýi KYRON** er fullvaxinn sjálfskiptur **dísil jeppi** með **hátt og lágt drif**.
Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: **Turbo dísil Intercooler**
• 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
• 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvirk tölvustýrð miðstöð
• Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
• **31” TOYO dekk** • Leðurveltistýri og leðurgírstöng
• Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn •Þakbogar • Þokuljós
• Linsuaðalljós • Hiti í speglum, framrúðu og í sætum
• Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD • 6 hátalarar.
**Eyðsla í blönduðum akstri aðeins 8,7 l á100 km.**


Glæsileg og sérlega þægileg innrétting


Byggður á grind með hátt og lágt drif

Nú færðu KYRON með útivistarpakka

Dráttarbeisli
**31” TOYO DEKK**

Bílabúð Benna

Tangarhöfða 8-12 • 112 Reykjavík
Sími **590 2000** • **www.benni.is**
Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Laugardaga 12.00 - 16.00.




**Umboðsaðilar:**
Bílahornið hjá Sissa, **Keflavík**, sími **420 3300**
Bílasalan Ós, **Akureyri**, sími **462 1430**
Bílasala Austurlands, **Egilsstöðum**, sími **471 3005**
Bílasala Vesturlands, **Borgarnesi**, sími **437 2100**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









## BAKÞANKAR
Gerðar Kristnýjar

# „...deyr líka kvenveski lúið“

Þetta gerðist allt svo hratt. Skyndilega fannst fólki sjálfsagt að segja: „Ég er góð/ur“ í staðinn fyrir „sama og þegið“ eða „nei, takk“. Mánaðarheiti voru skrifuð með stórum staf og engin ástæða þótti lengur til að þýða nöfn kvikmynda eða sjónvarpsþátta. Dansverk hétu nær undantekningarlaust enskum nöfnum. Engar mótbárur heyrðust. Loks barst sú ósk frá banka að enskunni yrði gert enn hærra undir höfði en nú þegar hefur verið gert. Ekki hefði átt að koma á óvart að hún bærist einmitt úr þeirri átt. Bankagjaldkerar voru strax í framvarðasveit þeirra sem tömdu sér kveðjuna: „Eigðu góðan dag“ – bara svona til að varpa örugglega skugga á daginn hjá þeim sem þykir vænt um móðurmál sitt.

**SPARISJÓÐIRNIR** styrkja barnatímann hans Sveppa á Stöð 2 og stendur í auglýsingunum: „Sparisjóðirnir færa þér Algjör Sveppi“. Engin ástæða til fallbeyginga. Þær eru hvort sem er ekki til í ensku. Í einum af fyrstu þáttunum með Sveppa (eða á ég að segja með Sveppi?) sletti hann ensku með því að tala um „extremely“ og að eitthvað væri alveg „beyond“. Stöð 2 fékk fyrst sjónvarpsstöðva leikara til að lesa inn á teiknimyndir en nú er ætlast til að foreldrarnir sitji við hlið barnanna og þýði íslenska skemmtikraftinn.

**UNDIRLÆGJUHÁTTUR** þjóðarinnar gagnvart enskunni varð Guðmundi Andra Thorssyni rithöfundi að umfjöllunarefni í pistli hér í Fréttablaðinu á mánudaginn. Þar segir: „Þegar tungumál hverfur þá hverfur með því heill heimur, hugsunarháttur, horf við veruleikanum og sögunni, verklag, heil siðmenning – auðlegð.“ Við lestur þessara orða fannst mér íslenskan vera orðin að lúinni handtösku í ljóði eftir Steinunni Sigurðardóttur en í Nokkrar gusur um dauðann og fleira stendur: „Þegar manneskja deyr þá deyr með henni heil hárgreiðsla/og ef það er gömul kona sem dó þá deyr líka kvenveski lúið/ og handtökin við að opna veskið og róta í því.“

**ÞAÐ** fara að verða forréttindi fyrir þessa þjóð að búa að hæfileikaríku fólki sem kann að leika sér með tungumálið, getur samið vandað barnaefni og þýtt erlend mál yfir á tilgerðarlausa íslensku. Þegar enginn kann lengur að meta þessa hæfileika eigum við eftir að rýna skilningsvana ofan í skjóðu sem enginn man lengur hvaðan kom og heyra berast af botni hennar sömu tvö orðin og langlífust hafa orðið í Vesturheimi; „amma“ og „kleina“.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 13. október, 286. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.10 | 13.14 | 18.16 |
| Akureyri | 7.59 | 12.59 | 17.57 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


